

Hlunnindi
& veiðiÞegar lífið snýst
um töltandi
furðuveruÁhrif almennings
grundvallarstef

Bændablaðið

14. tölublað 2017 • Fimmtudagur 20. júlí • Blað nr. 795 • 23. árg. • Upplag 32.000 • Vefur: bbl.is

Tvískinnungur í nafni umhverfisverndar:

Lög neyða Íslendinga til að sóa eldsneyti

– Allt gert í nafni innleiðinga á tilskipunum ESB

Íblöndun etanóls og metanóls í bensín og olíu dregur úr orkugildi slíks eldsneytis og eykur eldsneytiseyðslu bílvéla í samræmi við það, samkvæmt töflum um orkugildi mismunandi eldsneytis.

Miklar umræður hafa verið um eldsneytisnotkun í kjölfar þess að bandaríska verslanakeðjan Costco hóf að selja eldsneyti hér á landi. Fullyrt hefur verið að eldsneyti þeirra sé ekki blandað með metanóli eða etanóli og því eyði bifreiðar sem nota eldsneyti frá Costco ekki eins miklu eldsneyti.

Við athugun Bændablaðsins kemur í ljós að þessar athugasemdir virðast eiga við nokkur rök að styðjast. Costco kaupir óblandað eldsneyti frá Skeljungu en blandar í það Lubrizol. Það er hins vegar smurefni sem ætlað er að létta vinnslu véla en dregur ekki úr orkugildi eldsneytis.

Misjafnt er hvernig íslensku olíufélögin blanda sitt bensín og sína dísilólíu, en þar telja þau sig bundin af lögum sem fyrirskipar íblöndun og skal tryggja að minnst 5,0% af heildarorkugildi eldsneytis til notkunar í samgöngum á landi á ári sé „endurnýjanlegt eldsneyti“. Algengustu íblöndunarefni eru etanól og metanól sem hafa talsvert lægra orkugildi og þéttleika en bensín og dísilólíu. Órlítið annað gildir



þó um jurtaolíu sem er mjög nálægt dísilólíu í orkugildi.

Allar slíkar íblöndunarleiðir minnka orkugildi jarðefnaeldsneytis og stuðla að meiri eldsneytiseyðslu okutækja sé reiknað út frá orkugildi.

Þar að auki verður umtalsvert orkufræðilegt tap við framleiðslu á etanóli, að mati David Pimetel prófessors við Cornell-háskóla. Það þýðir að við slíka framleiðslu er verið að eyða meiri orku en fæst út úr etanólínu sjálfu og þar með er verið að auka kolefnismengun í andrúmsloftinu. /HKr.

– Sjá nánar á bls. 20–21



Mynd / Stefán Friðriksson

Það er freistandi að halla sér og lygna aftur augum í grænu grasi á sumardeg. Það gerði hún Hólmfríður Hekla Stefánsdóttir, 18 mánaða, sem var í gönguferð með foreldrum sínum um heimahagana að Selalæk sem stendur rétt við Hellu. Myndin er hluti af fjölda mynda sem hafa birst í myndaleik Sumarilms sem nú stendur yfir. Þar geta þátttakendur unnið til verðlauna með því að fanga sumarstemningu á mynd og senda inn á vefsíðuna sumarilmur.is eða setja beint á Instagram með táknuinu #sumarilmur.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir landbúnaðarráðherra um vanda sauðfjárræktarinnar:

„Þjónar litlum tilgangi að auka fjárveitingar“

– Bændur segja tillögur ráðherra grútmáttlausar og óttast byggðaröskun

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir landbúnaðarráðherra segir að núverandi landbúnaðarkerfi sé ekki að skila tilætluðum árangri í sauðfjárrækt, hvorki fyrir bændur né neytendur. Því þjóni litlum tilgangi að auka fjárveitingar til greinarnar.

Á fundi með Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur 3. júlí síðastliðinn lögðu Bændasamtök Íslands og Landssamtök sauðfjárbænda fram minnisblað með tillögum til úrbóta vegna bágrar stöðu sauðfjárræktar í landinu vegna birgðasöfnunar og slæmrar markaðsstöðu sauðfjárafurða um þessar mundir.

Svar ráðuneytisins

Í svarbréfi ráðuneytisins dagsettu 11. júlí síðastliðinn segir meðal annars að ráðuneytið hafi fullan skilning á erfiðri stöðu framleiðenda sauð-

fjárafurða og sé reiðubúin að eiga viðræður við samtökin um öll möguleg ráð til að koma til móts við þessar aðstæður, innan þess ramma sem gildandi búvörusamningar segja. Þeir ramma í meginráttum þau framlög til landbúnaðar sem Alþingi hefur ákveðið. Í samtölum við forustu bænda hefur ráðherra undirstrikað mikilvægi þess að koma til móts við bændur þannig að það skili öflugri sauðfjárrækt til lengri tíma og betra umhverfi til neytenda.

Forystumönnum bænda var brugðið við þessi viðbrögð og furða sig á því að ráðherra leggi ekki meira til málanna en fram kemur í bréfinu.



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Kerfið er ekki að skila árangri

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir landbúnaðarráðherra sagði í samtali við Bændablaðið að hún hefði fullan skilning á slæmri stöðu sauðfjárbænda í landinu en að eins og staðan sé í dag sé um offramleiðslu á sauðfjárafurðum að ræða og slíkt gangi ekki til lengdar.

„Að mínu mati þjónar litlum tilgangi að auka fjárveitingar til markaðssetningar á lambakjöti miðað við óbreytt kerfi. Núverandi kerfi er ekki að skila þeim árangri sem til stóð og ekki að skila því sem það á að gera beint til sauðfjárbænda eða neytenda. Þetta þyrfti endurskoðunarnefndin meðal annars að fara yfir. Fjárhagsrammi þessa málaflöks er samkvæmt fjárlögum 2017 fullnýttur en rétt er að geta þess að til viðbótar því sem bundið er til markaðssetningar á lambakjöti í búvörusamningnum samþykktu Alþingi 100 milljónir króna

til markaðsstarfs. Einnig ákvað framkvæmdanefnd um búvörusamninginn að setja vannýttar beingreiðslur, einnig að fjárhæð 100 milljónir króna, í markaðsmál. Því hefur í raun verulegum fjárhæðum verið bætt í markaðsstarf fyrir lambakjöt.

Ég tel að við eigum að leggja aukna áherslu á innanlandsmarkað þegar kemur að markaðssetningu lambakjöts og markaðssetja það í frekari mæli fyrir ferðamenn sem hingað sækja. Ég hef einnig sagt að ég muni beita mér fyrir því að gera búvörusamninginn „framhlaðinn“ ef það má vera til þess að bæta þá erfiðleika sem við stöndum frammi fyrir.“

Að sögn Þorgerðar Katrínar er samtali við Bændasamtök Íslands og Landssamtök sauðfjárbænda um alvarlega stöðu sauðfjárræktar í landinu engan veginn lokið og leita verði allra leiða til að bæta stöðu greinarnar, til skemmri og lengri tíma lítið.

Mikil vonbrigði segir formaður LS

Oddný Steina Valsdóttir, formaður Landssamtaka sauðfjárbænda, tekur djúpt í árinna í viðtali við Bændablaðið þar sem hún segir stöðuna alvarlega og að tíminn til að leita lausna sé að renna út. Það séu mikil vonbrigði að hið opinbera virðist ætla að bregðast við þessar fordæmalausu aðstæður.

„Þótt svörin valdi vonbrigðum þá er hins vegar óþolandi og í raun mjög alvarlegt að ráðherra skuli draga bændur á svörum, í fjóra mánuði, og leggja til grútmáttlausar aðgerðir sem eru á engan hátt fallnar til að takast á við þann vanda sem við blasir. Þennan tíma hefði mátt nýta svo miklu, miklu betur,“ segir Oddný Steina Valsdóttir, formaður Landssamtaka sauðfjárbænda. /VH&TB

– Svarbréf ráðherra ásamt minnisblaði bænda er aðgengilegt í heild sinni á bbl.is. – Sjá nánar á bls. 2

FRÉTTIR



Auglýst að nýju eftir rektor Lbhí

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands hefur ákveðið að auglýsa rektorsstöðu við skólann að nýju þar sem ekki hefur enn tekist að ráða eftirmann Björns Þorsteinssonar.

Skólinn auglýsti stöðu rektors lausa í vor og sóttu sex einstaklingar um. Háskólaráð fól þriggja manna valnefnd að fara yfir umsóknir og meta hæfi þeirra til starfens. Nefndin skilaði af sér niðurstöðum í júní.

Háskólaráð valdi aðeins einn umsækjanda til frekara viðtals, Hermund Sigmundsson, prófessor hjá NTU. Samkvæmt tilkynningu frá Háskólaráði kom hins vegar í ljós í nánari viðræðum við Hermund að hann gat ekki komið til starfa innan viðnandi tímamarka að mati ráðsins. Ráðningartími var áætlaður frá 1. ágúst.

Háskólaráð hefur í framhaldi af því ákveðið að auglýsa starfið að nýju samkvæmt tilkynningu. Jafnframt mun það vera að leita leiða í samráði við menntamálaráðherra að manna stöðu rektors tímabundið með settum rektor.

Núverandi rektor, Björn Þorsteinsson, óskaði eftir lausn frá starfinu af persónulegum ástæðum. Hann hefur gegnt rektorsstöðu frá 1. ágúst 2014. Björn er einnig formaður háskólaráðs. /ghp

Innflutningsaðilar rannsaka áhættu af innflutningi

Félag atvinnurekenda (FA) er að láta vinna skýrslu um mögulega heilbrigðisáhrættu af auknum innflutningi búvara. Skýrslan mun innihalda álit sérfræðinga á áhættunni til dæmis í ljósi sýklalyfjanotkunar í landbúnaði í EES-ríkjum. Í samtali við Bændablaðið sagði Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA, að skýrslan verði kynnt á næstunni.

Félag atvinnurekenda hefur barist fyrir afnámi tolla fyrir innfluttar landbúnaðarafurðir. Ólafur boðaði skýrsluna í kjölfar útgáfu skýrslu starfshóps um tillögur um aðgerðir til að draga úr útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería hér á landi. /ghp



Harmonikkuhátíð í Ýdölum í júlilok

Hin árlega sumarahátíð Félags harmonikkunnenda við Eyjafjörð og Harmonikkufélags Þingeyinga verður haldin helgina 28. til 30. júlí með dansi og tónleikum og gleði.

Hátíðin hefur undanfarin ár verið haldin að Breiðumýri í Reykjadal, en verður nú haldin að Ýdölum í Aðaldal.

Jóel Friðbjarnarson, bóndi á Ísólfstöðum á Tjörnesi, hefur komið fram á þessum hátíðum frá upphafi og er búinn að spila á harmonikku í um 80 ár.

Landbúnaðarráðherra veldur bændum vonbrigðum:

„Grútmáttlausar aðgerðir sem eru á engan hátt fallnar til að takast á við þann vanda sem við blasir“

- segir Oddný Steina Valsdóttir, formaður LS, um tillögur Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur landbúnaðarráðherra til að koma til móts við sauðfjárbændur

Frá því snemma í vor hafa fulltrúar Landssamtaka sauðfjárbænda og Bændasamtaka Íslands átt samtöl við Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur landbúnaðarráðherra og ráðuneyti hennar um erfiða stöðu sauðfjárræktarinnar í landinu. Að mati Oddnýjar Steinu Valsdóttur, formanns LS, blasa við fjárhagslegri erfiðleikar hjá mörgum bændum ef ekkert er að gert. Hún óttast að yngri bændur gefist upp og afleiðingar muni hafa varanleg áhrif á byggð víða um land, sérstaklega þar sem fábreytni er í atvinnulífi.

„Það dylst engum sem til þekkingu að staða greinarinnar er alvarleg,“ segir Oddný Steina. Ástæðan er forsendubrestur er varðar útflutning á lambakjöti vegna viðskiptabanns í Rússlandi, hás gengis íslensku krónunnar og breytinga á lykilmörkuðum, einkum í Noregi og Bretlandi. Landbúnaðarráðherra hefur valdið bændum miklum vonbrigðum en í bréfi sem forsvarsmönnum bænda barst úr atvinnuvegaráðuneytinu í síðustu viku kemur fram að ekki sé svigrúm til að veita fjármagni í þær aðgerðir sem bændur telja nauðsynlegar.

„Þetta eru ytri aðstæður sem við bændur höfðum engin tók á að hafa áhrif á en skapast m.a. af efnahagsstjórn og stjórnvaldsákvörðunum. Útflutningstekjur hafa staðið undir um þriðjung framleiðslu lambakjöts hérlendis um nokkurt árabíl, þannig að umfangið er verulegt,“ segir Oddný Steina og bendir á að lambakjötsframleiðsla á Íslandi hafi verið samkeppnishæf á alþjóðamörkuðum þrátt fyrir norðlega legu landsins og á margan hátt erfið skilyrði til búskapar.

Vandi sem afmarkast við útflutning

Á sama tíma og útflutningur á viðramman reip að draga eru jákvæðari teikn á lofti er varða innanlandssölu. Hún hefur glæðst á síðustu mánuðum og skýrar viðbendingar eru um að sú aukna áhersla á markaðsmál, samstarf við veitingahús og áhersla á vörumerkið „Icelandic Lamb“ hafi nú þegar skilað árangri. Innanlandssala á tímabilinu mars til maí á þessu ári var 4,6% meiri en á sama tíma í fyrra sem eru jákvæðar fréttir. „Heldur virðist vera að lífna yfir vörubrúna á þessum þjóðarrétti okkar Íslendinga og framsetning vörunnar að þokast í rétta átt þó þar megi og verði að gera miklu betur,“ segir Oddný Steina.

Hætta á byggðaröskun

Markmið viðræðna við ríkisvaldið hafa fyrst og fremst verið að koma í veg fyrir hrun í greininni með tilheyrandi byggðaröskun. „Í þessu samhengi er vert að hafa í huga að flestar vestrænar þjóðir hafa aðferðir til að takast á við markaðsbrest af þessu tagi. Sem dæmi má nefna að Bandaríkin kaupa upp vörur af markaði ef verð fellur. Til svipaðra aðgerða greip Evrópusambandið á síðastliðnu ári vegna erfiðrar stöðu landbúnaðar í sambandinu. Norðmenn hafa miðstýrt kerfi til að jafna sveiflur á mörkuðum og svo mætti áfram telja,“ segir Oddný Steina sem legur áherslu á að lambakjötsframleiðsla hérlendis búi ekki við neinar hömlur og tollvernd á kindakjöti sé lág.

„Framleiðendur hafa því undanfarin ár staðist samkeppni án verndar eða stýringar, þó er ekkert innbyggð í okkar kerfi til að takast á við markaðsbrest af þessu tagi og því þarf að grípa til sértekra aðgerða.“



Oddný Steina Valsdóttir, formaður Landssamtaka sauðfjárbænda, segir innanlandssölu lambakjöts á uppleið en útflutningur sé erfiður. Mynd / HKR.

Bændur hafa lagt fram tillögur

Forystumenn bænda, ráðherra og starfsmenn atvinnuvegaráðuneytisins hafa fundað reglulega á síðustu mánuðum eins og áður segir. Þar hafa ýmsar leiðir verið ræddar til þess að takast á við vandann. Þá hafa sláturleyfishafar gert grein fyrir stöðunni út frá sínum bæjardryrum.

„Ráðherra hefur því verið gerð ítarleg grein fyrir stöðu mála og talsmenn bænda á öllum fundum lagt fram tillögur sem eru til þess fallnar að aðlagð greininu að núverandi stöðu. Ef ekkert er að gert blasa við fjárhagserfiðleikar hjá mörgum bændum,“ segir Oddný Steina.

Í apríl síðastliðnum lögðu bændur fram minnisblað með ýmsum tillögum sem samþykktar voru á aðalfundi Landssamtaka sauðfjárbænda skömmu áður. Þar var m.a. farið fram á að lögð yrði á útflutningsskylda og fleiri tillögur lagðar fram til að mæta breyttum markaðsaðstæðum ásamt aðgerðum sem miðuðu að því að fækka fé. Hugmyndir um að bjóða bændum upp á að taka að sér landbótaverkefni til kolefnisbindingar voru einnig lagðar fram enda ljóst að það félli að stefnu ríkisstjórnarinnar og myndi styðja greininu til að kolefnisjafna sína framleiðslu sem er yfirlýst stefna samtaka sauðfjárbænda. Þá voru settar fram tillögur til að greiða fyrir endurfjármögnun yngri bænda.

Ráðherra hafnaði útflutningsskyldu

„Ráðherra var ekki tilbúinn til að leggja á útflutningsskyldu eða leggja fram aðrar bitastæðar aðgerðir til að bregðast við bráðavanda greinarinnar sem skapaðist af sveiflum á mörkuðum. Lagði Markaðsráð kindakjöts í kjölfarið fram undanþágubeiðni til Samkeppniseftirlitsins, þar sem óskað var undanþágu frá samkeppnislögum til að vinna samræmt að útflutningi lambakjöts. Undanþágubeiðnin hafði það að markmiði að vinna á markvissari og skilvirkari hátt að útflutningi á lambakjöti,“ segir Oddný.

Ekkert liggur fyrir endanlegt svar frá Samkeppniseftirlitinu en nýlega óskaði stofnunin eftir frekari rökstuðningi af hendi bænda.

Bændur hafa reynt að nálgast sjónarmið ráðherra

Í kjölfarið á aprílviðræðunum við ráðherra áttu sér stað fleiri fundir, samtöl og tölvupóstssamskipti að sögn Oddnýjar Steinu sem miðuðu öll að því að ná niðurstöðu um aðgerðir.

„Talsmenn bænda hafa í öllu ferlinu reynt að nálgast sjónarmið ráðherra um aðgerðir, sem fólust helst í því að leggja til breytingar og nýjar leiðir. Ekki virtist þó skýr sýn á það hvert þær breytingarnar eða aðgerðir ættu að leiða greininu, hvað þá að ráðherra hefði tillögur um hvernig unnið skyldi að margumræddum breytingum.“

Síðasti fundur með ráðherra, aðstoðarmönnum, ráðuneytisstjóra, formanni sauðfjárbænda og Bændasamtakanna var haldinn 3. júlí sl. Þá lögðu fulltrúar bænda fram minnisblað með tölusettum tillögum. Þær miðuðu að því að leggja til aðgerðir til að draga úr sveiflum á mörkuðum, m.a. með því að fá leyfi Samkeppniseftirlitsins til handa sláturleyfishöfum til þess að vinna saman að sölu og markaðssetningu afurða erlendis.

Þá voru lagðar til aðgerðir til að draga úr framleiðslu, m.a. með því að aðstoða þá bændur sem vilja hætta og útvega 200 milljón króna framlag til að fækka ám um a.m.k. 20.000 til þess að draga þannig úr framleiðslu.

Einnig var lagt til að reglur um innlausn á greiðslumarki verði endurskoðaðar fyrir lok ársins 2017 í því skyni að auðvelda innlausnina fyrir þá sem kjósa þá leið. Líkt og í fyrri tillögum var lagt til að sauðfjárbændum verði gert kleift að taka að sér verkefni á sviði kolefnisbindingar svo sem skógræktar og landgræðslu.

Undirbúum varanlegar kerfisbreytingar

Sem aðgerð til breytinga lögðu bændur til að ríkið útvegaði sérstakt 100 m. kr. framlag sem verði ráðstafað í þágu nýsköpunar í sauðfjárrækt, s.s. vörubrúna, heimavinnslu og markaðssetningar beint til neytenda. Hagræðingaraðgerðir fælust í því að leita frekari leiða til að þróa sauðfjárramleiðsluna og gera ítarlega úttekt á ferlinu frá bónda til neytenda. Þar væri horft til hagkvæmni, umhverfisfótspors, vörugæða, dýravelferðar og hagsmuna neytenda og bænda. Niðurstöður verði grundvöllur viðræðna milli stjórnvalda, bænda og sláturleyfishafa um varanlegar kerfisbreytingar sem ætlað er að gera greininu hæfari til að takast á við breytt alþjóðlegt samkeppnisumhverfi og auknar kröfur með hag íslenskra neytenda og bænda fyrir augum.

Aðgerðir voru jafnframt lagðar til vegna skuldamála sem höfðu það markmið að forða bændum frá fjárhagserfiðleikum eða brottfalli yngri bænda úr greininni. Lagt var til að Bygðastofnun kannaði þörf á

endurfjármögnun eða lengingu lána skuldsettra bænda sem hafa nýlega hafið sauðfjárbúskap. Stofnuninni yrði falið að meta stöðuna, gera tillögur að aðgerðum og kostnaðarmeta þær.

Annað hljóð komið í strokkinn

Að sögn Oddnýjar Steinu tók ráðherra vel í aðgerðarplan bænda á fyrrgreindum fundi sem haldinn var 3. júlí.

„Það var ekki annað að skilja en að hún ætlaði að vinna að aðgerðum allra liða minnisblaðsins. Hún bað okkur m.a. að setja fram mælanleg markmið varðandi suma liði og að taka til samandreginn rökstuðning fyrir mikilvægi þess að fara í aðgerðir. Sem við og gerðum og sendum ráðherra og aðstoðarmönnum umbeðnar viðbætur í fyrstu viku júlímánaðar,“ segir Oddný Steina.

Skellurinn kom síðan þegar svarbréf barst úr ráðuneytinu 11. júlí síðastliðinn. Þar koma fram kurteislegar þakkir fyrir erindið og að ráðuneytið hafi skilning á erfiðri stöðu framleiðenda sauðfjárafurða. Ráðherra sé tilbúinn til þess að ræða við bændur um öll möguleg ráð innan þess ramma sem núgildandi búvörusamningar setja. Um sérstaka aukafjárveitingu segja ráðamenn að fjárhagsrammi málaflökksins, þ.e. landbúnaðarins, sé fullnýttur samkvæmt fjármálaáætlun og fjárlögum 2017. Jafnframt er það sagt í svarbréfi ráðherra að það megi efast um að þær aðgerðir sem lagðar eru til nái tilætluðum árangri.

„Það verður að teljast algjörlega óskiljanlegt hvernig það gat tekið ráðherra nærri fjóra mánuði að komast að þeirri niðurstöðu að fjárhagsrammi málaflökksins væri fullnýttur. Það voru lögð fram mælanleg markmið með aðgerðum til fækkunar fjár í framhaldi af okkar síðasta fundi með ráðherra, eins og ráðherra óskaði sérstaklega eftir, þó látið sé liggja að öðru,“ segir Oddný Steina. Þá má einnig lesa úr bréfi ráðherra að umgjörð Framleiðnisjódís landbúnaðarins sé ekki nægjanlega gagnsæ eða skilvirk. Ráðherra bendir jafnframt á að það sé ekki sýnt að frekari fjárframlög til markaðsmála skili auknum árangri. Ráðuneytið sé hins vegar tilbúið að skoða tilfærslu fjármuna innan liða sauðfjársamningsins og leita leiða til að efla nýsköpunarumhverfi landbúnaðarins. Að lokum er ráðuneytið reiðubúið að leggja sín lóð á vogarskálarnar til þess að liðka fyrir um aðgang að Kínamarkaði eftir þeim leiðum sem ráðuneytinu eru færar.

Alvarlegt að ráðherra skuli draga bændur á svörum í 4 mánuði

„Það eru mikil vonbrigði að hið opinbera virðist ætla að bregðast algjörlega við þessar fordæmalausu aðstæður. Útflutningur hefur staðið undir tekjum vegna sauðfjárafurða á þriðja hverju sauðfjárbúi í landinu eða á nærri fimmta hverju lögbýli sem er í ábúð en það er haldið sauðfé og lagðar inn afurðir frá meira en helmingi sveitabæja í byggð. Þó svörin valdi vonbrigðum þá er hins vegar óþolandi og í raun mjög alvarlegt að ráðherra skuli draga bændur á svörum, í fjóra mánuði, og leggja til grútmáttlausar aðgerðir sem eru á engan hátt fallnar til að takast á við þann vanda sem við blasir. Þennan tíma hefði mátt nýta svo miklu, miklu betur,“ segir Oddný Steina Valsdóttir, formaður Landssamtaka sauðfjárbænda. /TB

SAMSUNG

Eftir hverju bíður þú?



Kælikápur 202cm
RB36J8035SR

Stál. Heildarrými: 357 lítrar.
Kælirými: 247 lítrar. Frystirými:
110 lítrar. Mál B-H-D í mm:
595 x 2017 x 597

Verð: 149.900,-



Tvöfaldur Kælikápur
RS7567THCSR

Stál. Heildarrými: 532 lítrar. Kælirými:
361 lítrar. Frystirými: 171 lítrar. Twin
Cooling, aðskilin kælikerfi. Klakavél. Mál
B-H-D í mm: 912 x 1789 x 754.

Verð: 199.900,-



Tvöfaldur Kælikápur
RH56J6917SL

Stál. Heildarrými: 555 lítrar. Kælirými: 376 lítrar.
Frystirými: 179 lítrar. Klakavél. Twin Cooling,
aðskilin kælikerfi.

Mál B-H-D í mm: 912 x 1794 x 732.

Verð: 279.900,-



Tvöfaldur Kælikápur
RFG23UERS1

Stál. Heildarrými: 520 lítrar. Kælirými: 396 lítrar.
Frystirými: 124 lítrar. Twin Cooling, aðskilin
kælikerfi. Klakavél. Mál B-H-D í mm:
908 x 1774 x 774.

Verð: 289.900,-



WF70 Þvottavél

7 KG. 1400 SN.

Eco Bubble

Verð 59.900,-



DV70 Þurrkari

7 KG. barkarlaus þurrkari.
Varmadæla í stað elements.

Verð 96.900,-

Við seljum eingöngu
SAMSUNG
með kolalausum mótur
með 10 ára ábyrgð

ecobubble
TECHNOLOGY

**HVAÐ ER
ECO BUBBLE?**

Leysir upp þvottaduft
undir þrýstingi og
myndar kvoðu,
svo duftið leysist upp
á um það bil 15 mín,
í stað 30-40 ella.



WW80 Þvottavél

8 KG. 1600 SN.

Eco Bubble

Verð 89.900,-



DV80 Þurrkari

8 kg barkarlaus þurrkari.
Varmadæla í stað elements.

Verð 119.900,-

Uppþvottavél í sérflokkki með Waterwall tækni



Einnig fánleg til
innbyggingar

Verð 134.900,-



Framhlíð úr burstuðu
stáli / Stillingar ofan á
hurð, blár lítur / Tegur 14
manna stell / 7 þvottakerfi
/ Startímaseinkun
/ Orkunýtni A++ /
Orkunotkun á ári (kWh)
: 266 / Hljóðlát aðeins
41db / Stíllanleg efrigrind
/ Grind efst fyrir hnifapör
með sérstökum "FLEX"
bakka / 2 þvottaarmar +
"WATERWALL" / Stærð
(h x b x d): 817 x 598 x
575 mm

Örbylgjuofnar af betri gerðinni

SAMSUNG MS23-F301EAS



800w

Örbylgjuofn

Keramik-emeleraður að innan

Verð kr. 18.900,-

SAMSUNG MS28J5255UB



1000w

Örbylgjuofn

Keramik-emeleraður að innan

Verð kr. 27.900,-

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

SAMSUNG

SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	ORMSSON PRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON VÍK - EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038	ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211	OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300	BLÓMSTURVELLIR HELLISSANDI SÍMI 436 6655
--------------------------------------	--	------------------------------------	--	--------------------------------------	-------------------------------------	--	--	--	---	--	------------------------------------	--

FRÉTTIR

Framræst votlendi losar mest CO₂ – ýmsar leiðir eru til að minnka útblástur gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði: Möguleikar í metanvæðingu dráttarvélaflotans

– Höfundur skýrslu sem Landbúnaðarháskóli Íslands gaf út telur beinast liggja við að fækka búfé vegna offramleiðslu á afurðum

Losun úr jarðvegi vegna framræst votlendis vegur langmest þegar metin er losun koldíoxíðs CO₂ frá landbúnaði á Íslandi. Miklar áskoranir felast í að draga úr losun, m.a. með endurheimt votlendis, fækkun búfjárstofnsins, vinnslu á metangasi og metanvæðingu dráttarvélaflotans.

Þetta kemur fram í skýrslu um greiningu á losun gróðurhúsalofttegunda frá íslenskum landbúnaði sem Landbúnaðarháskóli Íslands gaf út í fyrra. Jón Guðmundsson skrifaði skýrsluna.

Losun úr jarðvegi vegna framræsts votlendis vegur langmest, en losunin er metin sem ígildi tæplega 1.800 kílótonna CO₂. Losun annarra þátta innan býla er metin sem ígildi 734 kt CO₂.

Losun gróðurhúsalofttegunda frá innan býla í landbúnaði má skipta upp í þrjá meginþætti, losun frá ræktarlandi, losun tengd búfé og losun vegna orkunotkunar.

Tveir losunarþættir tengjast búfé beint. Þyngst vegur losun sem verður vegna innnyflagerjunar, sem er um 80% af losun tengdri búfé eða ígildi 294 kt CO₂.

„Innyflagerjun er loftfirt niðurbrot fæðunnar sem er virkast hjá jörturdýrum en á sér einnig stað hjá öðrum dýrum sem nýta bedmi (sellulosa) sér til viðurværis svo sem hjá hrossum og svínunum. Við innnyflagerjun verður til metangas (CH₄) sem skepnunna losa sig við með ropi og prumpi. Búfjáraburður eða skíturinn úr skepnunum inniheldur töluvert af lífrænum efnum, sem halda áfram að brotna niður eftir að hann gengur niður af skepnunni. Ef hann er geymdur við loftfirtar aðstæður þá myndast metan (CH₄), eins og í meltingarfærunum. Í þvagi og skít er einnig talsvert af köfnunarefnissamböndum, sem örverur geta nýtt sem orkugjafa en við það myndast m.a. hláturgas (N₂O).

Hversu mikið losnar af þessum

Samantekt á CO ₂ losun innan býla			
Losunarþáttur sundurliðað	Kt CO ₂ ígildi ár -1	Losunarþáttur	Kt CO ₂ ígildi ár -1
Jarðvegur	1.732	Ræktarland	1992
Áburðarnotkun	260		
Innyflagerjun	294	Búfé	386
Búfjáraburður	92		
Dísellólía	76	Orkunotkun	88
Bensín	12		



Jón Guðmundsson.

gastegundum er háð ýmsum þáttum eins og samsetningu fæðunnar og meltanleika hennar svo og eiginleikum viðkomandi dýrategundar og hversu mikið er eftir af nýtanlegri fæðu fyrir örverur í því sem niður af skepnunum gengur og við hvaða aðstæður skíturinn er geymdur,“ segir í skýrslunni.

Minni bústofn minnkar losun

Jón segir möguleika landbúnaðarins til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði margvíslega. Þegar kemur að innnyflagerjun í búfé sé ekki hægt að breyta miklu, þó sé augljóst að fækkun búfjár eða mismunandi samsetning bústofns hafi áhrif.

„Það liggur beinast við að fækka í bústofninum, því hér er offramleiðsla á ýmsum afurðum. Við þurfum að horfa á hversu mikla framleiðslu við virkilega þurfum. Þá er hægt að huga að því hversu mikil losun er frá hverri skepnu samanborið við hvað hún gefur



Kýr og önnur jörturdýr losa talsvert metan út í andrúmsloftið við niðurbrot á grasi í meltingarveginum. Mynd /HKR.

af afurðum. Þannig væri til að mynda hægt að leggja mat á hve miklar tekjur eru á bak við hverja losunareiningu. Einnig má nefna að ákveðin bústofn getur verið okkur losunarlega dýr, en annar hagstæðari. Þannig væri hægt að skipta út búfé sem er að losa meira fyrir það sem losar minna. Ef menn eru að horfa á hvaða leiðir eru tækar til þess að framkvæma slíkt þá væri hægt að nýta hvata í styrkjakerfi,“ segir Jón.

Útfærsla á metanvinnslu aðkallandi

Losun úr búfjáraburði, telur um 20% af beinni losun frá búfé, eða

ígildi 92 kt CO₂. Í skýrslunni er nefndur sá möguleiki að minnka þessa losun með vinnslu metans úr búfjáraburði.

„Mögulega má vinna úr þeim búfjáraburði sem hér fellur til um 17 þúsund tonn af metani,“ segir í skýrslunni en þessi metanvinnsla svarar til orkuinnihalds í 20 þúsund tonn af díslólíu sem er rúmlega það sem allar dráttarvélar í landbúnaði eru að nota samkvæmt áætlaðri notkun. Þá gæti metanvinnsla úr búfjáraburði verið farvegur fyrir önnur lífræn úrgangsefni og bætt þannig næringarefnum inni á býlum, sem ella væru ekki nýtt. Þannig mætti draga úr þörf á tilbúnum áburði og bæta hringrás mikilvægra efna eins og t.d. fosförs.

Jón segir rannsóknir á útfærslu metanvinnslu hér aðkallandi. Einnig ætti að huga að þessum þætti við byggingu nýrra gripahúsa. „Menn ættu að huga að því við hönnun húsa, hvernig úrvinnsla á mykjunni passar þar inn og koma í veg fyrir að menn sætu uppi með ómöguleg haughús og kjallara í nýjum húsum,“ segir Jón.

Raunlosun mæld á fimm býlum

Í skýrslunni kemur fram að nauðsynlegt sé að styrkja mat á núverandi losun innan býlanna með því að efla innlendar rannsóknir og mælingar.

Eitt slíkt verkefni er nú í farvatninu hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Lagt verður mat á helstu losunarþætti og umfang losunar og bindingu gróðurhúsalofttegunda á fimm býlum með greiningum og mælingum. Horft verður á aðkeypt aðföng, bústofn, framleiðslu og landnotkun. Niðurstöður verkefnisins muni gefa til kynna raunlosun frá hverju býli fyrir sig.

Auglýst var eftir þátttökubúum í júní og hafa þátttakendur nú verið valdir. Lagt var upp með að fanga breytileika milli landfræðilegra þátta ásamt því að horfa á samsetningu bústofns, segir Snorri Þorsteinsson, jarðræktarráðunautur hjá RML.

Í verkefninu munu taka þátt tvö sauðfjárbú. Annars vegar er það Mælifellsá í Skagafirði en þar er rekið lífrænt sauðfjárbú og hins vegar Hafrafellstunga í Óxarfirði.

Hin þátttökubúin eru Hvanneyrarbúíð í Borgarfirði, Káranes í Kjós og Þorvaldseyri í Rangárfingi eystra.

Að sögn Snorra eiga þessi bú það sammerkt að vera í mjólkurframleiðslu en eru þó um margt mjög ólíkar rekstrareiningar með ólíka hliðarstarfsemi.

/ghp

Landssamtök sauðfjárbænda: Nýr framkvæmdastjóri LS

Unnsteinn Snorri Snorrason hefur verið ráðinn nýr framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda í 50% stöðu. Svavar Halldórsson sinnir markaðsmálum áfram fyrir Icelandic Lamb ehf.

Unnsteinn Snorri sagði í samtali við Bændablaðið ekki búast við að miklar breytingar yrðu á starfi landsamtakanna við ráðningu hans. „Að minnsta kosti ekki til að byrja með. Fram til þessa hefur stór hluti starfs framkvæmdastjórans farið í markaðsmál en ég losna að mestu við það þar sem Svavar Halldórsson, fyrrum framkvæmdastjóri LS, sér nú alfarið um þau mál hjá Icelandic Lamb.“

Hagsmunamál í brennidepli

Að sögn Unnsteins verða hagsmunamál sauðfjárbænda og baráttan fyrir betri kjörum þeirra efst á dagskrá. „Við þurfum einnig að skoða félagsaðildina, efla greinina og vinna að framþróun innan hennar.“

Bóndi með blandað bú

Unnsteinn Snorri er bóndi á Syðstu-Fossum í Borgarfirði og rekur blandað bú með sauðfé og hross. Hann er menntaður nútækni-fræðingur og starfaði um hríð hjá Bændasamtökunum sem landsráðunautur í byggingum og nútækni og hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins við byggingarráðgjöf. Unnsteinn



Unnsteinn Snorri Snorrason verður framkvæmdastjóri LS í 50% starfi.

er í sambúð með Hörpu Sigríði Magnúsdóttur, saman eiga þau eins og hálfis árs dreng auk þess sem Harpa á sautján ára pilt.

Svavar Halldórsson framkvæmdastjóri Icelandic Lamb

Svavar Halldórsson, sem áður starfaði sem framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda, mun framvegis gegna fullu starfi sem framkvæmdastjóri Icelandic Lamb. Það er Markaðsráðs kindakjöts sem á Icelandic Lamb ehf. en tilgangur þess er fyrst og fremst markaðssetning og vörumerkjapróun á afurðum íslensku sauðkindarinnar. /VH



Endurheimt votlendis telst til loftslagsaðgerða. Mynd / ghp

Kalla eftir hugmyndum að loftslagsaðgerðum

Vinna stjórnvalda við aðgerða-áætlun í loftslagsmálum er hafin og hefur verið opnað sérstakt vefsvæði tileinkað vinnunni á slóðinni www.co2.is.

Aðgerðaráætlunin mun miða að því að Ísland geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart Parísarsamkomulaginu í loftslagsmálum til 2030.

Sérstök verkefnisstjórn og sex faghópar vinna áætlunina, en við vinnu aðgerðaáætlunarinnar er áhersla lögð á samráð við haghafa og að sjónarmið og tillögur komi

frá aðilum utan stjórnkerfisins. Almennir eru því hvattir til að senda inn hugmyndir og tillögur að aðgerðum í gegnum netfangið loftslag@uar.is. Allar innsendar tillögur og ábendingar verða birtar undir nafni sendanda á vefsvæði aðgerðaráætlunarinnar.

Samkvæmt tilkynningu frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu og forsætisráðuneytinu er ætlunin að birta jafnóðum á vefsvæðinu þær tillögur sem berast en þar er einnig að finna ýmsar upplýsingar er tengjast vinnunni við aðgerðaáætlun, s.s.

um verkefnastjórn áætlunarinnar, þá sex faghópa sem vinna að tillögum er varða afmarkaða geira atvinnulífs og samfélags og sérstakan samráðsvettvang sem er ætlað að vera verkefnisstjórn og faghópum til ráðgjafar meðan á vinnunni stendur.

Gert er ráð fyrir að aðgerðaáætlunin liggja fyrir í lok árs 2017 en með henni er stefnt að því að setja fram aðgerðir sem ætlað er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi og auka bindingu koldíoxíðs úr andrúmslofti.

/ghp



5-línan frá DEUTZ-FAHR

- liprar og þægilegar vélar í öll algengustu bústörfin

5-línan frá DEUTZ-FAHR stendur fyrir fjölbreytni. Við hönnun 5-línunnar frá DEUTZ-FAHR var lögð áhersla á það að allir geti fundið réttu vélina fyrir þau verkefni sem fyrirleggjandi eru.

5-línan er ný hönnun frá grunni þar sem þægilegt vinnuumhverfi, þægindi og lipurð er haft í fyrirrími. Nýtt útlit, stærra ökumannshús og samlit ámoksturstæki gera 5-línuna að einhverjum glæsilegustu vélum í sínum stærðarflokki.

5-línan er fánleg með úrvali af gírskiptingum, mótorum og nær ótæmandi valmöguleikum.

5-línan er framleidd í 3 grunnútgáfum: G - C og TTV

Við eigum vélar af öllum þremur útgáfum 5-línunnar fyrirleggjandi á lager hjá okkur.

DEUTZ-FAHR 5105.4 G - 105 hö

Kúplingsfrír vengigír.
20 gírar áfram / 20 gírar afturábak.
Flotdekk
Stoll FZ10 samlit ámoksturstæki með skóflu.
Verð frá kr. 6.800.000,- án vsk m.v. gengi á EUR=111,00

DEUTZ-FAHR 5110C - 110 hö

Kúplingsfrír vengigír.
30 gírar áfram / 30 gírar afturábak
Flotdekk
Rafmagnsbeisli
Tvöföldun á stýrisdælu, færri snúningar á stýri
Stoll FZ20 samlit ámoksturstæki með skóflu
Verð frá kr. 7.400.000,- án vsk m.v. gengi á EUR=111,00

DEUTZ-FAHR 5130 TTV - 130 hö

Stiglaus skipting
Fjaðrandi framhásing
50 km/klst ökuhraði
Rafmagnsbeisli
5 tvöföld vökvaúrtök
Flotdekk.
Tvöföldun á stýrisdælu, færri snúningar á stýri
Stoll FZ20 samlit ámoksturstæki með skóflu
Verð frá kr. 10.600.000,- án vsk m.v. gengi á EUR=111,00

Bændur og verktakar hafið samband við sölumenn okkar og leitið tilboða, verðin eru betri en þig grunar þessa dagana.



ÞÓR HF

REYKJAVÍK:
Krókháls 16
Sími 568-1500

AKUREYRI:
Lónsbakka
Sími 568-1555

Vefsíða og
netverslun:
www.thor.is

Bændablaðið

– Mál gagn bænda og landsbyggðar –

Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.

Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 10.200 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgarar kostar 5.100 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.

Sími: 563 0300 – Fax: 562 3058 – Kt: 631294-2279

Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – Sími: 563 0339 og Tjörvi Bjarnason – Rekstur og markaðsmál: Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – Blaðmenn: Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmondur Hansen vilmondur@bondi.is – Guðrún Hulda Pálsdóttir – ghp@bondi.is – Auglýsingastjóri: Ásgerður María Hólmbergsdóttir amh@bondi.is og Erla Hjördís Gunnarsdóttir ehg@bondi.is – Sími: 563 0303 – Netfang auglýsinga: augl@bondi.is – Vefur blaðsins: www.bbl.is – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is Frágangur fyrir prentun: Anna Kristín Ólafsdóttir – Prófarkalestur: Guðrún Kristjánsdóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsiðu – Dreifing: Landsprent og Íslandsþóstur. ISSN 1025-5621

SKOÐUN

Skrítin speki

Fjármálaráðgjafi segir að nú sé verið að skoða hækkun á sköttum á dísilolíu um næstu áramót en ekkert er rætt um að lækka frekar mjög háar álögur á bensín ef menn vilja endilega jafna verðið á þessum orkugjöfum.

Fyrir nokkrum árum var mjög hvatt til þess að bíleigendur skiptu úr bensínknúnum bílum yfir í dísilbíla. Ástæðan var og er enn réttilega sú að meiri koltvísýringmengun er af brennslu á bensíni en dísilolíu. Það er einmitt þessi mengun sem talað er um að stemma stigu við þegar rætt er um viðbrögð við hlýnun loftslags.

Sótmengun frá dísilbílum er dálítið annar hlutur sem framleiðendur dísilvéla hafa náð gríðarlegum árangri í að minnka, samfara því að vélarnar eru mun sparneytnari í dag en fyrir nokkrum árum. Samt er eins og ofdekraðir íslenskir pólitikarar, umvafðir bómull í sínu verndaða umhverfi í fadmi ríkisins, fylgist ekkert með, eða reyni að setja sig inn í málin. Í stað þess grípa þeir á lofti handhæga speki sem kokkuð eru upp af skrifnum úti í Evrópu. Innleiða síðan reglur á Íslandi sem oft og tíðum eru til verulegs skaða.

Þannig er grunnurinn að þessari olíugjaldshækkun til kominn. Macron, forseti Frakklands, vill að landið verði kolefnishlutlaust fyrir árið 2050 og í þeim tilgangi verða dísil- og bensínbílar bannaðir frá og með árinu 2040. Hér er þetta gripið á lofti og helst átti að innleiða spekina strax í gær. Ekkert er hugsað út í það að bílið er að hvetja bíleigendur í fjöldi ára til að skipta yfir í dísilolíu. Vegna meiri sparneytni eru dísilknúin farartæki nær eingöngu notuð í ferðaþjónustu, í landbúnaði, af verkstökum og að stórum hluta af öllum almenningi á höfuðborgarsvæðinu og ekki síst á landsbyggðinni.

Sama átti við þegar ákveðið var að samþykka lög sem samín voru úti í bæ um að skylda olíufélögin á Íslandi til að blanda eldsneyti með etanóli og metanóli. Allt var það svo fegrað með að verið væri að minnka útblástur bifreiða á Íslandi. Ekkert var spáð í að þetta eru orkuminna eldsneyti en bensín og dísilolíu og myndi því að sjálfsgöðu leiða til aukinnar brennslu bifreiða á eldsneyti.

Innleiðing á reglum ESB sem heimilar sölu úr landi á syndakvittunum fyrir hreina orku er síðan enn ein fjaránlega birtingarmyndin á aðgerðum íslenskra pólitíkusa. Á sama tíma að þetta fólk talar fjálglega um að minnka kolefnisfótspor Íslands lætur það flytja inn á pappírnum hundruð þúsunda tonna af koldíoxíði og geislavirkan úrgang í skiptum fyrir hreinleikavottorð að hætti ESB. Þannig virðist ekki vera heil brú í orðum og gerðum þessara sjálfskipuðu postula í umhverfismæðunni á Íslandi.

Innleiðing rafbíla er síðan enn eitt málið sem keyrt er áfram stefnulaust. Rafbílar eru vissulega mjög góður kostur í landi sem hefur nægt rafmagn sem framleitt er úr endurnýjanlegum orkulindum. Á Íslandi hefur ríkið hvatt til innleiðingar rafbíla með niðurfellingu á aðflutningsgjöldum. Þungaskattur hefur heldur ekki verið innheimtur og jafnvel ekki bilastæðagjöld. Þetta þýðir að ríkið verður af háum gjöldum m.a. til vegagerðar. Rafbílar eru samt hlutfallslega þyngri en önnur ökutæki og slíta gatnakerfinu því hraðar. Þetta virðist ekkert hafa verið tekið inn í myndina, en eigendur bensín- og dísilbíla verða bara að gjöra svo vel að borga fyrir þá líka, rétt eins og gerð hjólréiðastiga. Mismunun...?

Hækkun skatta á dísilolíu mun draga úr ferðalögum út á land með tilheyrandi tekjutapi í þjónustugeiranum á landsbyggðinni. Það verður líka dýrara hjá landsbyggðafólki að sækja nauðsynlega þjónustu til ríkisstofnana sem flestar eru í Reykjavík. – Er mönnum alveg sama? /HKr.

Samtal um ekki neitt

Sindri Sigurgeirsson

formaður Bændasamtaka Íslands
sindri@bondi.is



Það blésu nýir vindar um ráðuneyti landbúnaðarmála þegar núverandi ríkisstjórn tók við völdum. Það var sannarlega tímaþætt að kona færi í fyrsta sinn með málaflókinn og þar fór auk þess manneskja með heilmikla og viðtæka reynslu. Hinn nýi ráðherra kom til verka með nokkrum krafti og hélt innblásnar ræður um möguleika íslensks landbúnaðar.

Bændur heilluðust margir af málflutningnum og litu björtum augum fram á veginn. Því miður stóð það ekki lengi. Nú horfir víða erfiðlega í landbúnaðinum og ráðherrann hefur ekki tekið á þeim málum eins og væntingar voru um. Ýmsir árekstrar hafa auk þess komið upp.

Þegar hefur komið fram á þessum vettvangi gagnrýni á það þegar ráðherrann ákvað að breyta skipan samráðshóps um endurskoðun búvörusamninga. Aðallega í þeim tilgangi að hleypa fulltrúa samtaka innflutningsfyrirtækja að vinnu hans. Innflutningsfyrirtæki hafa eðli málsins samkvæmt enga hagsmuni af því að efla íslenskan landbúnað. Því minna sem framleitt er innanlands því meira hafa þau að gera. Það var og er því í meira lagi sérkennilegt að gera þetta. Þrátt fyrir það ákváðu bændur að taka þátt í starfi hópsins af fullum heilindum og lögðu áherslu á að hann fengi tólm til að vinna sína vinnu. Tilgangur þess var að vinna yrði sem vönduðust og nýttist eins og best yrði á kosid við endurskoðun samninganna 2019. Til þess þarf tíma, ekki síst ef einhver raunverulegur vilji er til að ná sameiginlegri niðurstöðu.

En sú varð heldur ekki raunin. Eftir góða hvatningarræðu á ársfundi bænda hélt ráðherrann heim og lagði án samráðs fram frumvarp um verulegar breytingar á starfskilyrðum mjólkuriðnaðarinnar. Hinn breytti samráðshópur fékk ekki einu sinni að skoða það. Fyrir lá að um þessi mál er ágreiningur en ekki var gerð nein tilraun til sáttar. Frumvarpið hlaut engan hljómgrunn, sem ekki ætti að koma ráðherra á óvart. Svona á einfaldlega ekki að vinna.

Það hefur ekki gengið neitt sérstaklega vel með önnur verkefni heldur. Gefist var upp við að fá viðurkenndar sérkröfur Íslands vegna



reglna um lífræna ræktun. Óvíst er hvaða áhrif það hefur, en þegar er ljóst að sú ákvörðun veldur miklum erfiðleikum í lífrænum sauðfjárbúskap. Þá eru jafnframt í undirbúningi tillögur um breytingu á fyrirkomulagi úthlutunar á tollkvótum. Þær eru ætlaðar til að gera kvótana ódýrari fyrir innflutningsfyrirtækin. Það kann að ganga eftir, en engin trygging er fyrir því að það skili sér til neytenda eins og gjalda- og tollaniðurfellingar undanfarinna ára hafa sýnt fram á með skýrum hætti.

Sauðfjárræktin hefur mikla byggðalega þýðingu

Eitt stærsta málið í dag er hins vegar vandi sauðfjárræktarinnar. Sauðfjárræktin er fjölmenn búgrein og hefur mikla byggðalega þýðingu. Því er ágætlega lýst í skýrslu sem Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri gerði árið 2015 um samfélagslega þýðingu sauðfjárræktar en þar eru lokaorðin:

„Fullyrða má samkvæmt ofangreindu að samfélagsleg þýðing sauðfjárbúskapar er mikil á ýmsum dreifbýlli svæðum landsins þar sem hann hefur verið helsti atvinnuvegurinn um langa hríð og forsenda byggðar. Vart verður séð að annað komi í staðinn fyrir sauðfjárbúskapinn sem undirstöðuatvinnugrein á þessum svæðum.“

Sauðfjárræktin hefur alveg frá aldamótum byggt á því að flytja út um það bil þriðjung af árlegri framleiðslu. Ekki er langt síðan að aðstæður voru útflutningi hagfelldar, en þær

hafa því miður breyst mjög til hins verra. Markaðir í Evrópu hafa lokast af ýmsum ástæðum. Sú stærsta þeirra er viðskiptastríð Evrópu við Rússland sem hafði áhrif á allan kjötmarkaðinn í álfunni auk staðbundinna markaðsaðstæðna í Noregi og auðvitað gengisþróunarinnar. Þetta eru aðstæður sem bændur höfðu í engum tilvikum stjórn á og koma til vegna pólitískra ákvarðana sem og markaðspróunar, en sjaldan hefur þurft að takast á við jafnmarga neikvæða þætti í einu. Nýir búvörusamningar höfðu þar ekki áhrif enda hefur enn engin kindakjötsframleiðsla átt sér stað á gildistíma þeirra.

Verkfæri til að takast á við markaðsbrest

Landbúnaðurinn hér nýtur opinbers stuðnings eins og víðast hvar annarsstaðar. Auk stuðnings eru oftast fyrir hendi verkfæri til að takast á við vandamál eins og markaðsbrest. Evrópusambandið hefur til dæmis varið verulegum fjárhæðum í sértækar aðgerðir undanfarin ár til að takast á við markaðsbrest í mjólkurframleiðslu og í Bandaríkjunum eru einnig mörg dæmi um slíkt.

Hér er ekkert slíkt fyrir hendi. Bændur hafa frá því mars átt viðræður við ráðherra um möguleika á aðgerðum til að bregðast við. Hér annarsstaðar í blaðinu er ítarleg umfjöllun þar sem Oddný Steina Valsdóttir formaður sauðfjárbænda fer yfir þróun þeirra viðræðna sem við höfum sameiginlega átt við stjórnvöld um hugsanlegt hrun í sauðfjárbúskap. Við höfðum að leiðarljósi að vera lausnamiðuð og komum með tillögur sem alltaf var verið að laga að hugmyndum ráðherrans.

Hurðinni skellir í ráðuneytinu

Eftir rúma fjóra mánuði kom svo niðurstaða. Hurðinni var skellt, lýst yfir skilningi á stöðunni en enginn vilji til að gera neitt. Það hefði þurft að segja strax. Miklum tíma hefur verið sóað og ráðherrann ásamt ríkisstjórninni í heild standa frammi fyrir áður óþekktum byggðavanda, einmitt í viðkvæmstu byggðum landsins. Ætla menn að láta það gerast? Bændur eru ávallt tilbúnir í viðræður við stjórnvöld, en við erum ekki reiðubúnir að eyða tíma okkar í samtöl um ekki neitt.

ÍSLAND ER LAND PITT



Brjánslækur á Barðaströnd er fornt höfuðból og kirkjustaður við mynni Vatnsfjarðar. Þar er ferjustaður og siglir Breiðafjarðarferjan Baldur yfir Breiðafjörð frá Stykkishólmi til Brjánslækjar. Innanvert við Brjánslæk eru friðlýstar tóftir, Flókatóftir en munnmæli herma að þar hafi Hrafna-Flóki búið. Af bæjarnafninu Brjánslækur gerðu menn sér ættarnafnið Briem. Ættfaðir Briemara var sira Guðbrandur Sigurðsson (1735-1779). Mynd / HKr.



Gamli Akureyrarvagninn er nú í akstri um Grímsey og hér er hann við vitann í Grímsey.

Myndir / Halla Ingólfssdóttir

Vaxandi ferðaþjónusta í Grímsey:

Með strætó norður yfir heimskautsbaug

„Það hefur verið vel tekið í þetta uppátæki og það má segja að byrjunin lofi góðu,“ segir Sigurður Bjarnason, eigandi Vélaverkstæðis Sigurðar Bjarnasonar í Grímsey, en fyrirtækið keypti strætisvagn frá Akureyri og býður upp á akstur um eyjuna. Vagninn kom til Grímseyjar í byrjun júní og er fyrsti almenningsvagninn í sögu hennar. Vagninn var áður í notkun á Akureyri og tekur 23 farþega í sæti auk þess sem rými er fyrir standandi farþega.

Samstarf er á milli Sigurðar og Höllu Ingólfssdóttur, leiðsögumans og eiganda fyrirtækisins Arctic Trip í Grímsey, en það fyrirtæki sérhæfir sig í afþreyingarþjónustu í eyinni. Hugmyndin er að bjóða ferðir gegn vægu gjaldi fyrir ferðamenn og gesti í eyjunni, m.a. út að vita á suðurenda eyjarinnar og eins norður að heimskautsbaug, en þangað fýsir ferðalanga mjög að koma og fá staðfestingu á komu sinni þangað.

Byrjaði sem grín

„Þetta byrjaði allt sem grín, en ég hef nú samt verið að velta fyrir mér hvort grundvöllur væri fyrir að bjóða þjónustu af þessu tagi,“ segir Sigurður. Nú í sumar hafa 29 skemmtiferðaskip viðkomu í Grímsey og hefur þeim um árin farið fjölgandi. Þá er flogið daglega út í eyju frá Akureyri og ferjan Sæfari siglir frá Dalvík fimm daga vikunnar út í eyju. Ferðafólki hefur með árunum fjölgað í Grímsey og má búast við vaxandi straumi þangað. Ferðaþjónusta í eyinni hefur í takt við það vaxið fiskur um hrygg. Nú er á vegum Hafnasamlags Norðurlands unnið við að bæta aðstöðu við höfnina, gera aðkomuna snyrtilegri og einnig verður reist hús þar sem er móttaka og salernisaðstaða.

Margir farþega skipanna eiga erfitt með gang

„Flestir farþeganna t.d. af skemmtiferðaskipunum vilja komast yfir heimskautsbauginn, en margir þeirra eru í hópi eldri borgara og ekki allir góðir til gangs. Það má segja að það hafi verið kveikjan að kaupum á þessum vagni. Margir hafa verið að snapa sér far með heimamönnum, biðja þá að skulda sér norður eftir. Við eigum hins vegar eftir að sjá hvernig þetta kemur út og hvort grundvöllur er fyrir þessu. En byrjunin lofar góðu,“ segir Sigurður.

Átti hæsta boð í vagninn

Vagninn var auglýstur til sölu á líðnum vetri, Sigurður átti hæsta boð og fékk vagninn, verðið var vel víðráðanlagt, að sögn. Vagninn var fluttur með ferjunni út í eyju í byrjun júní og hefur farið nokkrar ferðir sem heppnast hafa ágætlega. „Það er margt hér sem menn vilja sjá og við ökum hér út að heimskautsbaug, skoðum vitann og kirkjuna og förum fram að bjargi þar sem hægt er að fylgjast með lundanum,“ segir hann. Sjálfur hafði Sigurður einu sinni á ævinni tekið sér far með strætisvagni, fyrir allmörgum árum suður í Reykjavík þar sem systir hans starfaði við akstur. „Ég og konan tókum einn rúnt með henni aðallega til gamans,“ segir hann.



Strætisvagninn var fluttur með ferjunni til Grímseyjar í byrjun júní og hér er verið að aka honum upp á bryggju.



Halla Ingólfssdóttir, eigandi Arctic Trip, sér um leiðsögn í ferðum vagnsins um Grímsey.



Fyrirtæki Sigurðar Bjarnasonar keypti strætisvagninn og sér hann sjálfur um aksturinn.



Fyrstu ferðirnar hafa heppnast vel, ferðalangar hafa tekið þessari nýbreytni, að aka með strætó að heimskautsbaug, vel.

Vaxandi ferðaþjónusta

Sigurður ekur vagninum, en Halla Ingólfssdóttir, eigandi Arctic Trip, sér um leiðsögn í ferðunum.

Hún segir Grímseyinga hafa á undanföllum árum byggt upp ferðaþjónustu í eyinni, fyrir hendi séu tvö gistiheimili, tjaldsvæði og þar er veitingasala. „Það er draumurinn að geta byggt hér upp fleiri störf í þessum geira, þannig að lífið hér væri ekki bara fiskur. Það er margt skemmtilegt og spennandi í gangi nú þegar og fjölbreytnin mun án efa aukast til framtíðar. Margir sem hingað koma eru í leit að kyrrð og fríðsæld, snertingu við náttúruna og að sjá eitthvað annað og öðruvísi en í boði er annars staðar. Fyrir okkur vakir að fá tekjur til að standa undir kostnaði við rekstur vagnsins og eitthvað upp í laun. „Við ætlum ekki að bjóða fastar ferðir í sumar samkvæmt áætlun heldur spila eftir eyranu, sjá hver eftirspurnin verður og þróa þetta verkefni í samræmi við hana,“ segir Halla. /MPÞ

MÆLT AF MUNNI FRAM

182

Í síðasta vísnaþætti birtust lesendum nokkrar sléttubandavísur. Háttur Ísá er oft ortur af mikilli bragfimi, hringhentur og jafnvel oddhendur. Þá geldur stundum efni vísunnar fyrir dýrleikann. Þó tekst góðum hagyrðingum oft vel til. Hringhendur lifa jafnan betur og lærast fljótt margar hverjar. Rímsnilli er einkenni góðra hagyrðinga, og er þessi fágæta vísa, sem ég finn ekki höfund að, gott dæmi um bragsnilli:

*Skeifna holdu skaflarnir,
skyrptist mold úr höfum,
titraði fold, en taumarnir
tálguðu hold úr lófum.*

Margir hafa orðið til þess að yrkja heimahögum sínum fagar lofgjörðir, og sumar slíkar orðið að „Blessuð sértu sveitinn mín“ þeirra sem héraðið gista, og jafnan þá sungið á samkomum heimafólks. Gott dæmi um slíkan ættjarðarkveðskap heyrði ég fyrir skömmu austur í Þistilfirði. Ljóðið enda eftir þann góða hagyrðing, **Jóhannes Sigfússon** bónda á Gunnarsstöðum. Þar er engum sérstökum bragfléttum brugðið, bara lifandi og lýsandi orðsnilld:

*Hér við okkar fagra fjörð
í farsæld bíum við,
og hvergi fann ég frjórri mold
né fiskisælli mið.
Í fjarska stendur forn og traustur
fjallahringur vörð.
Við ummarsteina aldan hjalar,
angar gróin jörð.*

*Stundum líka byltist brim
við brúnaþunga strönd.
Fara undir fönn og klaka
fögur heidalönd.
Eflir bara okkar vilja
öskunorðanhríð,
því alltaf kemur aftur vor
og aftur betri tíð.*

*Svo er kemur sumarnóttin
seiðandi og hlý
er svo gott að vaka og vera
vinur þinn á ný.
Órar þá við ást og gleði
ungu hjörtun slá
því öllum vonum vængi gefur
vorsins bjarta þrá.*

*Við bláan sæ og hjartar nætur
best ég uni mér.
Allir mínir æskudraumar
eiga rætur hér.
Vættir góðar verndi og leiði
vora ættarjörð
og breiði sína blessun yfir
byggð við Þistilfjörð.*

Fyrir því er rík hefð í Þistilfirði að kveða mikið við gangnastúss. Gunnarsstaðamenn eru þar gerendur stórir, enda er lífið þar samofið sauðkindinni. Í minningu ótuls gangnamanns, **Fríðgeirs í Holti**, orti Jóhannes þessar hljómfögru stökur:

*Heiðarinnar Huldumál,
hennar rúnaletur,
geymdir þú í þinni sál
og þekktir öðrum betur.*

*Hugann seiddi haust sem vor
hennar lönd að kanna.
Enginn fleiri á þar spor
okkar smalamanna.*

*Minnast Geira maður skal
morgunhress og gláður
þegar hátt í Hölnárdal
hóar gangnamaður.*

Mjög er sótt í seinni tíð að komast í göngur með Þistlum. Ekki eru þeir allir gangnamenn af Guðs náð, en sækja stíft í félagsskapinn. **Pétur Pétursson**, læknir á Akureyri, er þeirra sóknjarfastur og hafa Gunnarsstaðabræður, þeir **Ragnar** og **Jóhannes**, verið ótulir við einkunnagjöf. **Ragnar** orti þekktá smalavísu um **Pétur**:

*Lúmsk í honum lygin er
og ljótur mjög hans söngur.
Enda fær hann aldrei hér
aftur að fara í göngur.*

Umsjón:
Árni Geirhjórtur Jónsson
kotabyggd1@gmail.com

FRÉTTIR

Íverustaðir barna 17 ára og yngri í Evrópu víða mjög gallaðir vegna leka og raka samkvæmt EU-SILC könnun: Ísland með sjöttu verstu aðstæðurnar í Evrópu

– Húsnæðisaðstæður barna eru afgerandi bestar í Finnlandi og þar á eftir koma Svíþjóð og Noregur en staðan er slæm í Danmörku


Samkvæmt uppfærðum gögnum Eurostat frá 10. júlí sl. lífa að meðaltali 17% barna (0–17 ára) í löndum Evrópusambandsins í húsnæði með leku þaki, sagga í veggjum, gólfi og burðarvirki, eða við rotnun í gluggum eða gólfi. Á Íslandi er hlutfallið mun hærra eða 25%.

Þetta er samkvæmt niðurstöðum árlegrar könnunar Evrópusambandsins (EU statistics on income and living conditions - EU-SILC) á innkomu og lífsskilyrðum fyrir árið 2015, en niðurstöður fyrir 2016 liggja ekki fyrir nema að litlum hluta.

Samkvæmt tölunum hefur staðan verið mjög slæm í Tyrklandi til fjölda ára. Þar hafa á bilinu 43–46% barna upp að 17 ára aldri búið við slæmar aðstæður í rakaskemmdu íveruplássi. Ekki liggja fyrir tölur frá Tyrklandi frá 2014. Næstverst hefur staðan verið í Ungverjalandi, en þar bjuggu 29,4% barna við slíkar aðstæður. Í Portúgal var hlutfallið 28,1% og í Lettlandi bjuggu 26% barna við slíkar aðstæður. Staðan á Ítalíu var lítið skárrí, en þar var 25,2% barna í þessari stöðu.

Afleit staða á Íslandi

Vekur athygli að í sjötta versta sæti kemur Ísland með 25% barna sem búa við slæmar aðstæður hvað lek þök og rakaskemmdir varðar. Er



Það getur verið kostnaðarsamt og valdið miklu tjóni ef viðhaldi er ekki sinnt á húseignum.

staðan á Íslandi á pari við ástandið í Slóveníu og deila þau sjötta og sjöunda sætinu. Kann þar að endurspeglast mjög sterk umræða hér á undanföllum árum um gallaðar húsbýggingar með rakaskemmdum og sveppagróðri. Fá þessar tölur hugann óneitanlega til að hvarfla aftur til tíma gömlu torfbæjanna. Virðist



Mjög hávær umræða hefur verið á Íslandi um myglu í húsum á liðnum misserum og miðað við könnunina virðist full ástæða til.

sem vandann megi rekja til óvandaðra vinnubragða við húsbýggingar og jafnvel rangrar hönnunar varðandi einangrun og klæðningar húsa. Oft og tíðum má líka örugglega kenna um lélegu viðhaldi.

Líka þekkt vandamál hjá andfælingum okkar á Nýja-Sjálandi

Þegar horft er til annarra eyþjóða þá hafa Nýsjálandingar verið mjög meðvitaðir um þessi vandamál og hófu rannsóknir upp úr 1990 á því hvað helst orsakaði leka í húsum.

Það var vandi sem kallaður var lekabyggingaheilkennið eða „leaky building syndrome“. Þótt ríkið hafi styrkt aðgerðir til að lagfæra hús vegna lekavanda um allt að 50% er verulegur vandi enn til staðar. Þar hafa samt verið sett lög um að ef leka- eða rakavandamál kemur upp í húsum, þá gildi ábyrgð á húsinu í tíu ár aftur í tímann ef hægt er að rekja vandann til óvandaðra vinnubragða við byggingu.

Samkvæmt áður nefndum könnunum hefur staðan verið slæm á Íslandi öll árin frá 2008. Aðeins

tvisvar á þessu tímabili hefur raki í húsnæði talist vera hjá minna en 20% barna, en það var árin 2010 og 2011 þegar hlutfallið var 19,1 og 19,5%.

Staðan einnig slæm í Danmörku og Bretlandi

Staðan er víðar slæm, eins og á Kýpur, sem er með 23,5% barna sem búa við raka í húsnæði. Þar á eftir kemur Serbía með 22,2%. Þá vekur ekki síður athygli að staðan í Danmörku er ekki ýkja mikið betri en á Íslandi. Þar er hlutfallið 19,5% og er Danmörk í tíunda neðsta sætinu. Hefur staðan í Danmörku verið slæm hvað þetta varðar í mörg ár en var verst 2012 þegar hún var 21,2%. Fast á hæla Danmerkur kemur svo Bretland með 18,6%.

Langbest staða í Finnlandi

Afgerandi best staða er sögð í Finnlandi. Þar búa aðeins 4,6% barna við lek þök og raka í húsum. Þar á eftir kemur Noregur með 7,7% og Svíþjóð með 9,6%. Síðan kemur Tékkland og Króatía þar sem bæði löndin mælast með 9,7% barna í slæmri húsnæðisaðstöðu.

Í hinu efnaða Þýskalandi er hlutfallið aftur á móti 14,2%, eða það sama og í Grikklandi. Í Frakklandi er hlutfallið 15,4%, en 15% hjá frændum okkar Írum. /HK/

Borgarbyggð tapaði máli í héraði gegn eiganda jarðarinnar Sólheimatungu:

Ekki skylt að greiða fjallskilagjald

– Sveitarstjóri Bláskógabyggðar segir þetta snúast um að jafna niður kostnaði við smölun og hreinsun afrétta á eigendur jarða

Fyrir í þessum mánuði féll dómur í Héraðsdómi Vesturlands sem kveður á um að eigandi fjárlausrar jarðar án upprekstrarréttar þurfi ekki að greiða fjallskilagjöld.

Í niðurstöðu dómsins segir að í málinu hafi sveitarfélagið Borgarbyggð krafist þess að eiganda jarðarinnar Sólheimatungu í Borgarbyggð verði gert að greiða fjallskilagjald vegna jarðarinnar fyrir árin 2012 til 2014.

Samkvæmt niðurstöðu Héraðsdóms Vesturlands er óumdeilt að stefndi stundar ekki fjárbúskap á jörðinni Sólheimatungu og telst því ekki fjallskilaskyldur aðili.

Nytjaréttur bundinn við jörðina

Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri Bláskógabyggðar, sagði í samtali við Bændablaðið vegna niðurstöðu Héraðsdóms Vesturlands að hann líti svo á að málið snúist um hvaða kostnaður falli til undir útjöfnun fjallskilakostnaði.

„Samkvæmt lögum skal jafna niður kostnaði við smölun og hreinsun afrétta á eigendur jarða sem hafa upprekstrarrétt á viðkomandi afrétti. Að annar kostnaður, umfram leitarkostnað, sé tekinn þar inn hefur að mér sýnist haft afgerandi áhrif á niðurstöðu dómsins. Það er að segja að kostnaður vegna

viðhalds afréttargirðinga og rétta sem dómurinn tekur afstöðu til sé ekki kostnaður vegna smölunar og hreinsunar afrétta. Um það geta menn svo deilt hvort hægt sé að hafa afrétt ógirtan og hvort hægt sé að hreinsa afrétti löglega samkvæmt lögum og hafa skilaréttir án rétta. Hvað sé í raun kostnaður sem fellur til vegna þessa málefnis og hvað ekki.

Annað sem verður að hafa í huga er að nytjaréttur er bundinn við jörðina en ekki einstaklinginn sem er handhafi jarðar á tilteknum tíma. Hafa þarf í huga að réttur handhafa jarða að nýta afrétt er fyrir hendi og er bæði hlunnindi og skyldur. Þessi hlunnindi og skyldur geta nýst misjafnlega milli þeirra einstaklinga sem eiga viðkomandi jörð á hverjum tíma.

Ég get ekki séð í dómnum að efast sé um skyldur landeigenda að greiða fjallskil, ef heimild er í fjallskilaskyldu að leggja á landverð, þó svo að viðkomandi hafi ekki fjallskilaskyldan búpening. Það er alveg ljóst að landi getur fylgt bæði hlunnindi sem beitarnot og veiðiréttur, en að sama skapi fylgja skyldur, svo sem að greiða fjallskil. Það hafa líka landeigendur í þessu landi gert í gegnum aldirnar og ég sem einn af ábúendum á jörðum þessa lands er afar stoltur að greiða fjallskil, enda myndi ég ekki vilja fyrir nokkum mun missa þau hlunnindi, þó svo að ég nýti þau ekki í dag. Þau eiga, jafnt sem annað, að ganga til komandi kynslóða,“ segir Valtýr.

Forsendur fjallskilagjalds

Í niðurstöðu Héraðsdóms Vestfjarða segir að fjallskilagjald sé lagt á samkvæmt heimild í 42. gr. laga nr. 6/1986 um afréttarmálefni, fjallskil



Á Uxahryggjaleið.

Mynd / HK/.

og fleira og fjallskilaskyldur fyrir Mýrasýslu og fjallskilaskyldur fyrir sveitarfélögin Akraneskaupstað, Borgarbyggð, Hvalfjarðarsveit og Skorradalshrepp.

Hvert sveitarfélag er fjallskilaskyldur umdæmi, sem skiptist í fjallskiladeildir, en umdæmið getur þó náð til fleiri sveitarfélaga, ef það þykir hentugra, meðal annars vegna skipulags leita.

Samkvæmt lögum skal fjallskilum í afréttum og öðrum sumarstarhögum jafnað niður á fjallskilaskylda aðila í hlutfalli við tölu fjallskilaskylds búpenings. Þó er heimilað að leggja hluta fjallskilakostnaðar á landverð jarða að frádregnu verði ræktaðs lands og hlunninda, enda séu um það ákvæði í fjallskilaskyldu.

Í fjallskilaskyldu fyrir Mýrasýslu kemur fram að fjallskilaskyldur aðili sé hver sá sem eigi sauðfé, hvort sem það sé rekið í afrétt eða eigi og er hreppsnefnd heimilað, hafi afréttarskyldum búpeningi fækkað mjög, að jafna allt að helmingi fjallskilakostnaðar niður á landverð bújarða, eins þó í eyði séu, að frádregnu verði ræktaðs lands og hlunninda eftir gildandi fasteignamat.

Af því leiðir að fjallskilakostnaður verður ekki lagður á eiganda

jarðarinnar Sólheimatungu í Borgarbyggð.

Jöfnun fjallskila

Eftir niðurstöðu þess efnis að eiganda jarðarinnar Sólheimatungu í Borgarbyggð beri ekki að greiða stóð eftir að leysa úr því, sem kröfugerð stefnanda virðist byggja á, hvort álagning umræddra gjalda hafi eigi að síður verið heimiluoð.

Í dómnum segir að með hliðsjón af því orðalagi 1. málslíðar 42. gr. að fjallskilum í afréttum og öðrum sumarstarhögum skuli jafnað niður á fjallskylda aðila verður að líta svo á að lagagreinin heimili aðeins að jafna niður vinnu og kostnaði, sem falli til vegna fjallskila í afréttum og öðrum sumarstarhögum sem eigendur er ekki gert skylt að smala á grundvelli þess að um heimaland sé að ræða.

Ákvæði greinarinnar, þar á meðal 2. málslíðar, heimila því ekki að inni í slíka niðurrjöfnun sé tekinn kostnaður vegna annarra þátta, svo sem vegna viðhalds á afréttargirðingum og réttum. Af þessu leiðir að heildargjaldtaka má ekki vera umfram þann kostnað sem fallið hefur til við þau fjallskil sem gjaldtakan á að mæta. /VH

L-Mesitran

Náttúruleg sárgræðsla með hunangi

Hunangplástur og sárakrem með hunangi. Hentar á allar tegundir sára. Plásturinn hentar vel á litil yfirborðsára. Nauðsynlegur á sára hæla eftir göngur.



- Fæst í apótekum -

Williams & Halls
www.wh.is

Grillað grænmeti

KARTÖFLUR

- 1 Skerið í munnbita og leggið í eldfast mót.
- 2 Kryddið með fersku rósmaríni, chili, salti og pipar.
- 3 Hellið lime-safa og ólífuolíu yfir og grillið í 20 mín.

Grillaðu grænmeti eins og meistari með hjálp myndbandanna okkar á islenskt.is

PÚ VEIST
HVADAN ÞAÐ
KEMUR

Íslenskt
grænmeti

FRÉTTIR

Árni tekur við ráðgjöf í lífrænni ræktun hjá RML

Árni B. Bragason hefur tekið við ráðgjöf í lífrænni ræktun hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) af Lenu Reiher.

Í tilkynningu á vef RML (rml.is) er sagt frá því að Lena hafi ákveðið að breyta um starfsvettvang og flytja til Þýskalands nú í sumar. „Lena vann að fjölbreyttum störfum hjá RML undanfarin ár, m.a. í hrossarækt, sauðfjár- og nautgripa-rækt, auk lífrænnar ræktunar. Í stað Lenu hefur Árni B. Bragason, ráðunautur RML, tekið að sér að halda áfram því góða starfi sem Lena sinnti varðandi upplýsingagjöf og ráðgjöf á sviði lífrænnar ræktunar. Árni hefur undanfarin ár sinnt sem megináherslu í starfi ráðgjöf í sauðfjárrækt og hefur víðtæka reynslu af ráðgjöf og kennslu. Hann er jafnframt garðplöntufræðingur frá Garðyrkjuskólanum að Reykjum og hefur talsverða reynslu af ræktun garðplantna og útmatjurta. Árni er búsettur á Þorgautsstöðum 2 í Hvítársíðu en hefur starfsaðstöðu á Hvanneyri, beinni sími Árna er 516-5008 og netfangið er: ab@rml.is.

Í nýjum búvörusamningum er aukið við fjármagn til aðlögunar að lífrænum búskap. Nánar má



Árni B. Bragason.

sjá ýmsar upplýsingar um lífræna framleiðslu og aðlögun að lífrænum búskap í meðfylgjandi upplýsingabæklingi sem er útfærð af RML. Áhugasamir eru jafnframt hvattir til að hafa samband við Árna varðandi þær spurningar sem upp koma um aðlögun að lífrænni ræktun,“ segir í tilkynningunni. /smh



Björk Guðmundsdóttir og Guðmundur Felixson ferðast um landið á KIA rafmagnsbíl og fanga sumarilminn. Mynd / Sumarilmur

Sumarilmur er samstarf landbúnaðar og ferðapjónustu:

Heimsækja bændur og fólk í ferðapjónustu á rafbíl

Sumarilmur er heiti á samstarfsverkefni aðila í ferðapjónustu og landbúnaði þar sem markmiðið er að vekja athygli á samspieli þessara tveggja mikilvægu atvinnugreina.

Ljósmyndakeppni Sumarilms er nú hafin í annað sinn en þar er fólk hvatt til að fanga sumarilminn á ferð um landið næstu vikur. Keppnin fer þannig fram að ferðalangar taka mynd og hlaða upp á Instagram með merkinu #sumarilmur og skrá myndina svo á vefnum www.sumarilmur.is.

Í hverri viku verða þær myndir valdar sem best þykja sýna anda sumarsins, íslensku sveitirnar og ferðalög innanlands. Vinningshafar verða dregnir út á útvarpsstöðinni K100 og á Facebook.com/sumarilmur fram yfir verslunarmannahelgi. Verðlaunin eru glæsilegir ferðavinningar, alls konar affreying og gírnilegar kræsingar.

Í tengslum við keppnina munu þau Guðmundur Felixson og Björk Guðmundsdóttir ferðast um landið á KIA rafmagnsbíl og fanga sumarilminn með því að heilsa upp á fólk í ferðapjónustu og landbúnaði, taka þátt í störfum, fræðast og

prófa margt af því merkilega og skemmtilega sem landið hefur upp á að bjóða. Stutt myndbönd úr ferðalaginu munu birtast á Facebook-síðu sumarilmsins næstu vikurnar svo þátttakendur í leiknum geta fylgst með.

Samspil ferðapjónustu og landbúnaðar er mikilvægt

Steinþór Skúlason, forstjóri Sláturfélags Suðurlands, er einn af þeim sem hafa drifið verkefnið áfram. „Við efndum til samstarfs við ferðapjónustuna á síðasta ári undir merkjum Sumarilms með góðum árangri. Ferðapjónustan skiptir máli fyrir landbúnað á Íslandi ásamt því að landbúnaður leikur stórt hlutverk þegar kemur að því að taka á móti ferðamönnum, bæði innlendum og erlendum. Þannig neyta ferðamenn t.d. innlendirar matvöru í miklum mæli. Með verkefninu Sumarilmi er hugmyndin að fanga þetta skemmtilega samspil landbúnaðar og ferðapjónustu,“ segir Steinþór Skúlason, forstjóri SS.

Sumarlokun hjá BÍ

Skrifstofur Bændasamtaka Íslands verða lokaðar frá og með 24. júlí til og með 11. ágúst vegna sumarleyfa.

Lágmarksþjónusta er á meðan og



erindum svarað í síma 563-0300 og netfangið bondi@bondi.is.

Auglýsendur Bændablaðsins geta haft samband í síma 563-0303 og netfangið augl@bondi.is. Næstu Bændablað koma út 3. ágúst og 24. ágúst.



Slátur og kjötvinnsla var lengi vel ein helsta stoð atvinnulífsins í Borgarnesi og um miðja síðustu öld voru þrjú sláturhús starfandi í bænum. Stórtækast í slátur var Kaupfélag Borgfirðinga sem tók í notkun nýtt sláturhús í Brákarey árið 1966. Þar var innleidd ný sláturtækni sem átti uppruna sinn í Nýja-Sjálandi.

Mynd / Einar Ingimundarson/Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar

Sláturhús Vesturlands í Borgarnesi:

Eigendur óska eftir samstarfsaðilum

– Húsið tilbúið fyrir slátur og með öllum tækjum og búnaði og leyfum til næstu 12 ára

Sláturhús Vesturlands hóf starfsemi í Stóru-Brákey í Borgarnesi í október á síðasta ári eftir gagnrægar endurbætur á húsnæðinu. Þar hafði þá ekki verið rekstur síðan slátur var hætt og húsið úrelt eftir haustslátur 2002. Þó langt væri liðið á sláturtíð í haust fékkst góð reynsla á búnað og tæki og þar er nú allt til staðar með tilskildum leyfum til að halda starfsemi áfram.

Það er fyrirtækið Brákarbraut 19 ehf., sem er í eigu Guðjóns Kristjánssonar og bræðranna Jóns, Kristins og Snorra Þorbergssona, sem keypti eignirnar í Stóru-Brákey. Síðan er það fyrirtæki þeirra, Sláturhús Vesturlands ehf., sem á allan búnað og rekstur sláturhússins og stóð fyrir opnun þess á síðastliðnu hausti. Þar á að vera hægt að slátra 350 lömbum, 125 svínunum eða 35 stórgripum á dag.

Jón Sævar Þorbergsson, sem á og rekur JSÞ Viðskiptastofu ehf. í Kópavogi, segir að þótt eigendurnir hafi viljað koma sláturhúsinu í rekstur þá hafi það ekki verið meining þeirra að standa sjálfir í að reka sláturhús. Allir hafi þeir yfirdrifið nóg að gera, hann sem viðskiptafræðingur og í hópnum eru svo tveir smíðir og einn læknir.

Eftir að félag þeirra Guðjóns, Jóns, Kristins og Snorra keypti byggingarnar þótti þeim blóðugt að horfa þar á nær fullbúið sláturhús og ákváðu að reyna að koma því í rekstur á nýjan leik. Eftir margra ára vinnu og eltingaleik við skipulagsyfirlöð, tókst loks að klára dæmið og var þá hafinn rekstur í október í fyrra. Fyrstu gripunum var slátrað í tilraunaslátur föstudaginn 30. september undir eftirliti fulltrúa Matvælastofnunar og var húsið tekið út í kjölfarið af eftirlitsmönnum frá Matis.

Líka með grófskurðarleyfi

„Það tókst að koma sláturhúsinu í gang og fá öll tilskilin leyfi. Þá er búið að prófa að slátra. Við erum komnir með leyfi til að slátra stórgripum, sauðfé og svínunum líka. Þá erum við komnir með svokallað grófskurðarleyfi, þannig að það er hægt að pakka í húsinu í neytendapakkingar. Nú þurfum við bara að finna einhvern til að reka þetta.“

Jón segir að bændur hafi sýnt þessu framtaki þeirra áhuga og séu mjög jákvæðir, en nú vanti bara einhvern sem kann inn á markaðinn til að klára dæmið. Hann segir að samskiptin við MAST varðandi úttektir og leyfisveitingar hafi gengið vel. Húsið hafi verið stand-

sett eins og þeir hafi óskað eftir. Sjálfur hafi hann farið í gegnum allar reglugerðir varðandi svona rekstur og allar handbækur.

Komnir með sláturhúsleyfi til 12 ára

Segir Jón að það hafi vissulega verið tímafrek vinna að fara í gegnum reglugerðirnar sem útheimti nokkur hundruð klukkutíma. Síðan var farið í að standsetja húsið í samræmi við lög, reglur og kröfur MAST. Í haust fengu þeir svo þriggja mánaða bráðabirgðaleyfi sem gildi til síðustu áramóta. Síðan fékkst fullnaðarleyfi milli jóla og nýárs sem gildir til 12 ára.

„Þá gerði ég það fyrsta daginn þegar við slátruðum í haust að ég rétti dýralækninum lykilorð húsinu og bauð honum að koma hvenær sem hann vildi.“

Nú er allt tilbúið fyrir áhugasaman rekstraraðila. Það er búið að sóthreinsa húsið og þess vegna hægt að byrja að slátra á morgun. Allur búnaður er til staðar, alveg frá stígvélum og upp úr.“

Jón segir að þeir séu mjög sveigjanlegir ef einhver vilji koma inn í þetta með þeim eða leigja af þeim reksturinn. A bak við þetta sé mjög þolinmótt fjármagn og þeirra hugsun sé fyrst og fremst að fá einhvern rekstur í húsið.

Nýtt sláturhús tekið í notkun árið 1966

Saga þessa húss í Borgarnesi er ansi merkileg. Þegar húsið var tekið nýtt í notkun 1966 var það rekið af Kaupfélagi Borgfirðinga og var þar hægt að slátra 2.700 kindum á dag. Húsið þótti mjög nýtskulegt og þar var tekið til við að slátra að hætti Nýsjálandinga. Það var síðan rekið með ýmsum formerkjum á síðari hluta tuttugustu aldar.

Reksturinn þyngdist

Upp úr 1990 fór rekstur félagsins að þyngjast og í framhaldinu urðu miklar breytingar á rekstri þess. Sláturhúsi og kjötvinnslu var breytt í sjálfstætt hlutafélag 1993, Afurðasalan í Borgarnesi hf., sem síðar varð að tveimur félögum, Sláturfélagi Vesturlands og Borgarnes kjötvörum.

Árið 1998 tók t.d. félag í meirihlutaeigu Kaupfélags Eyfirðinga (KEA) og Norðvesturbandalagsins hf. (NVB) á Hvammstanga húsið á leigu, en þá var það í eigu Afurðasölnunnar Borgarnes hf. Var þá stofnað um reksturinn Sláturfélag Vesturlands

hf. Auk KEA og NVB, sem samantlagt áttu 87,5% hlut, átti Kaupfélag Borgfirðinga 12,5% í félaginu.

Sláturfélag Vesturlands hf. og Borgarnes kjötvörur enduðu síðan sem hluti af Goða hf. árið 2000, en það félag var stofnað í ágúst sama ár við sameiningu Kjötumboðsins hf. í Reykjavík, Borgarnes kjötværa ehf. í Borgarnesi, sláturhúss og kjötvinnslu Kaupfélags Héraðsbúa á Egilsstöðum, Norðvesturbandalagsins hf. á Hvammstanga og Sláturhússins Þríhyrnings hf. á Höfn.

Þessi sameining var ekki burðug og komst Goði fljótlega í fjárhagsvandæði og í mars árið 2001 var það nánast komið í þrot og sótt var um greiðslustöðvun í júlí sama ár og hafist var handa við að selja rekstrareiningar út úr félaginu. Þá var búið að loka sláturhúsi Goða á Egilsstöðum. Sláturinn í Borgarnesi var svo hætt ári seinna.

Norðenska varð til þann 1. júlí árið 2000 er Kjötíðnaðarstöð KEA og Kjötíðjan Húsvík sameinuðust. Í júlímánuði 2001 festi Norðenska matborðið kaup á þrem kjötvinnslum Goða hf. Eigandi Norðenska er Búsæld, félag kjötframleiðenda í Eyjafirði, Þingeyjarsýslum og á Austur- og Suðausturlandi. Ársvelta Norðenska árið 2016 var um 5.000 milljónir króna. Norðenska er nú eitt öflugasta framleiðslufyrirtæki landsins á sviði kjötvöru.

Mest var slátrað 70 þúsund dilkum í Borgarnesi

Þegar sláturhúsið í Borgarnesi var upp á sitt besta var slátrað þar um sjötíu þúsund dilkum. Sauðfjárbændum fór ört fækkandi á síðari hluta síðustu aldar og í byrjun þessarar og auk sameininga fyrirtækja og hagræðingar þótti ekki stætt á að reka sláturhúsið áfram.

Úr 31 sláturleyfishafa í 17 á 17 árum

Þegar sláturhúsið í Stóru-Brákey var síðast í rekstri árið 2002 var slátrað þar 32 þúsund dilkum á 20 dögum og störfuðu við það um 70 manns. Þá hafði orðið mikil breyting á umhverfi sláturhúsa í landinu. Sem dæmi þá var 31 sláturleyfishafi í kinda- og stórgripakjöti og 6 í alifuglakjöti á árinu 1990. Árið 2001 hafði þeim fækkað í 14 og þar af 2 eingöngu í alifuglaslátur.

Í dag eru sláturleyfishafarnir 16 og 17 ef Sláturhús Vesturlands ehf. er talið með. Þar af eru fjögur eingöngu í sauðfjárlátur, þrjú eingöngu í stórgripaslátur, þrjú eingöngu í alifuglaslátur og eitt eingöngu í svínaslátur. /HK/

ALVÖRU JEPPI MEÐ HÁU OG LÁGU DRIFI 250 HÖ DÍSEL 8 GÍRA SJÁLFSKIPTING GERÐU VERÐSAMANBURÐ



JEEP® GRAND CHEROKEE VERÐ FRÁ KR. 8.990.000*

*Jeep Cherokee Longitude 2.2 dísel 185 hö (Limited 200 hö), Select Terrain drif með fjórum stillingum og Jeep Active drive (Limited útgáfan með lágu drifi), 17" álfelgur, Led dagljós og afturljós, aftursæti á sleða til að stækka farangursými, tölvustýrð sjálfvirk miðstöð með loftkælingu, fjarlægðarskynjarar framan og aftan, leðurstýri og gírhnúður, aðgerðarstýri, hraðastillir o.m.fl. Longitude Luxury aukalega með rafdrifnum upphituum leðursætum og bakkmyndavél, kr. 6.990.000.

Jeep®

ÍSABAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOD

ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF UMBOÐSAÐILI JEEP. Á ÍSLANDI
ÞVERHOLT 6 · 270 MOSFELLSBÆR · SÍMI: 534 4433 · WWW.ISBAND.IS

can-am

ÞEGAR ÞÚ ÞARFT TÆKI
SEM ÞÚ GETUR TREYST Á!



**OUTLANDER
PRO 450**

VERÐ 1.120.900.-*

450cc Rotax mótur / 38hö
Þurrvíkt 308 kg / Dráttarvélaskráning
Rafmagnsstýri / Dráttargeta 750 kg
Burðargeta 55+109 kg / Warn spil 1361 kg
Hátt og lágt drif

**OUTLANDER
650 6X6**

VERÐ 2.250.000.-*

650cc Rotax mótur / 62hö
Þurrvíkt 515 kg / Dráttarvélaskráning
Rafmagnsstýri / Sturtanlegur pallur
Dráttargeta 750 kg / Burðargeta 45+318 kg
Warn spil 1361 kg / Hátt og lágt drif



**OUTLANDER
1000 PRO XT-P**

VERÐ TIL LÖGBÝLA

2.090.000.-*

ALMENNT VERÐ


2.411.290.-*

1000cc Rotax mótur / 89hö
Þurrvíkt 381 kg / Rafmagnsstýri
Dráttargeta 750 kg / Burðargeta 55+109 kg
Warn spil 1361 kg / Hátt og lágt drif

*Öll verð án VSK

ELLINGSEN

FRÉTTIR



Halldór Gunnarsson fundarstjóri í ræðustóli á Sumarþingi fólksins í Háskólabíói. Við hlið hans á sviðinu eru ræðumennirnir Inga Sæland, formaður Flokks fólksins, Ellert B. Schram, formaður Félags eldri borgara, Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness og Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR. Mynd /HKr.

Aldraðir og öryrkjar blása í herlúðra

Sumarþing fólksins var haldið fyrir nær fullu Háskólabíói laugardaginn 15. júlí. Þar kom fram mjög hörð gagnrýni á ríkisvaldið, fjármálakerfið, lífeyriskerfið og forystu Alþýðusambands Íslands.

Mikill baráttuhugur var í fundarmönnum sem flestir voru reyndar komnir af léttasta skeiði, en sögðust samt ekki linna látum fyrr en þeir næðu fram kröfum um aukið réttlæti í þjóðfélaginu.

Það var Inga Sæland og Flokkur fólksins sem stóð fyrir þessari samkomu með ákalli til fólks úr öllum flokkum. Þarna mætti líka fólk úr öllum áttum og má telja það afrek út af fyrir sig að ná að fylla þetta hús á miðjum sumarleyfistíma. Það vakti sérstaka athygli fundarmanna að sjónvarpsstöðvar landsmanna sinntu þessu alls ekki.

Óréttlæti harðlega mótmælt

Á dagskrá voru þau mál sem helst brenna á öldruðum og öryrkjum eins og óréttlæti tekjuskerðinga sem og lífeyriskerfið. Vilhjálmur Birgisson, verkalýðsleiðtogi á Akranesi, hélt þarna þrúmandi ræðu og fór yfir brun-söguna og hvernig toppar í fjármálalífi og í lífeyrissjóðunum hafa verið að taka til sín gríðarlegar launahækkningar sem eru langt umfram þróun lægstu launa. Þá gagnrýndi hann ofurlaun forystumanna í lífeyrissjóðunum og í ASÍ og ítrekaðar ákvarðanir kjara-ráðs til mikillar hækkingar á launum alþingismanna og háttsettra embættismanna ríkisins. Gagnrýndi hann harðlega skattlagningu á það sem talin eru laun undir fátæktarmörkum samkvæmt opinberum skilgreiningum.

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, lýsti vanda lífeyriskerfisins og varpaði fram hugmyndum um algæra uppstokkun þess. Taldi hann núverandi kerfi gengið sér til húðar og ynni í raun gegn hagsmunum lífeyrisþega. Lofaði hann fundarmönnum því að hann skyldi róa að því öllum árum að reyna að koma Gylfa Arnbjörnssyni, forseta ASÍ, úr embætti og uppskar mikið lófatak.

Ellert B. Schram, formaður Félags

eldri borgara, flutti einnig ræðu og lýsti baráttu aldraðra við kerfið í skugga endalausrar skerðinga og ofurvaxta.

Tveir gestir ávörpuðu fundinn, Inga Sæland kynnti m.a. málshöfðun eldri borgara gegn ríkinu og baráttusöng fólksins sem heitir Einn fyrir alla, en textinn var saminn af Skerjafjarðarskáldinu Kristjáni Hreinssyni og lagið er eftir Birgi Jóhann Birgisson (https://youtu.be/uHKHbd_gKLw). Þá las Inga upp eftirfarandi ályktun sem síðan var samþykkt einróma af fundarmönnum:

- Sumarþing fólksins haldið í Háskólabíói í Reykjavík þann 15. júlí 2017 samþykkir:
- Að skora á alla að sameinast í baráttunni um jafnari hagsæld fyrir okkur öll.
- Byggjum saman nýtt og betra Ísland, þar sem fátækt er ekki skattlögd og fólk mismunad eftir efnahag og þar sem stjórnarskrárvarinn réttur okkar er ekki fótum troðinn af sitjandi ráðamönnum hverju sinni.
- Nýtt Ísland þar sem okurvextir og verðtrygging lána heyrir sögunni til og öllum er gert kleift að koma sér upp þaki yfir höfuðið.
- Sumarþing fólksins ályktar að dómstólar verði látnir skera úr um lögmæti stjórnvalda á lögþvinguðum lífeyrissparnaði og einnig lögmæti þess að skerða greiðslur almannatrygginga til lífeyrisþega á kostnað áður áunninna lífeyrisréttinda.
- Sumarþing fólksins krefst samstöðu allra Íslendinga um að fátækt og mismunun sé útrýmt með meiri ábyrgð þeirra, sem stjórna þannig að þeir vinni sem einn fyrir alla og allir fyrir einn. /HKr.



Vilhjálmur Birgisson var ómyrkur í máli um stöðu þeirra lægstlaunuðu í samfélaginu.



Puríður Hermannsdóttir, Anna Sigríður Valgeirsdóttir, Eiríkur Atli Karlsson og Guðmundur Ingi Guðmundsson, starfsmenn Berserkja ehf., vinna nú við að rífa veitingastaðinn Skrudú í Hótel Sögu vegna gagngerra breytinga á fyrstu hæð hótelsins. Myndir /HKr.

Rifrildi í Bændahöllinni

– Unnið að niðurrifi vegna gagngerra endurbóta á Hótel Sögu

Miklar framkvæmdir hafa verið í gangi í Bændahöllinni – Hótel Sögu á liðnum misserum og nú standa yfir gagngerar endurbætur á 1. hæð hótelsins og á hinum sögufræga Súlnasal.

Fjöldi verktaka hefur komið að þessum verkefnum, en að undanfögnu hafa starfsmenn verktakafyrirtækisins Berserkja unnið að niðurrifi á veitingastaðnum Skrudú á fyrstu hæð hótelsins ásamt því sem allt er rífið innan úr Súlnasal og eldhúsi þar á bak við.

Eitt ár er síðan 27 ný herbergi voru tekin í notkun á þriðju hæðinni í norðurálmú hótelsins, sem hýsti áður skrifstofur Hótel Sögu, Lífeyrissjóðs bænda og fleiri félaga ásamt mötuneyti starfsmanna Bændasamtakanna. Í framhaldi af því að þessari hæð var breytt í gistirými hefur markvisst verið unnið að endurbótum á öðrum herbergjum og göngum hótelsins, endurnýjun glers í gluggum, endurbótum á frálagna-kerfi og ýmsu öðru.

Skrúður rifinn

Eliás Blöndal, framkvæmdastjóri Bændahallarinnar ehf., sem er eigandi fasteignarinnar, en er jafnframt í eigu Bændasamtaka Íslands, segir að áfram verði unnið að endurbótum. Nú standa yfir framkvæmdir við gagngerar breytingar á fyrstu hæð hótelsins þar sem gamli veitingastaðurinn Skrudú er rifinn og stálvirkið í kringum hann og nýr verður byggður í staðinn. Þá verður aðalinngangur færður til á framhlið hótelsins.

Súlnasalur tekinn í gegn

Á annari hæðinni er verið að hreinsa burt innréttingar í Súlnasal og í eldhúsi þar á bak við. Verður salnum breytt þannig að hann henti betur til fjölbættra nota. Það eina sem mun standa eftir nánast óbreytt er upphækkanlegt dansgölf í miðju salarins sem margir þekkja og þar sem er rúmlega 50 ára gamall og hefur verið í norðurenda salarins frá því hótelið var tekið í notkun árið 1963.

Gert er ráð fyrir að endurbótum á Súlnasalnum verði lokið á haustdögum, en þar verður morgunverðarhlaðborð hótélgesta í framtíðinni. Eigi að síður verður hægt að nýta salinn eins og áður fyrir margvíslegar uppákomur og skemmtanir á kvöldin og um helgar. Reiknað er með að endurbótum á jarðhæð hótelsins verði lokið sumarið 2018. /HKr.



Veitingastaðurinn Skrudúur á Hótel Sögu eins og hann var áður en framkvæmdir hófust.



Búnaðarþing í Súlnasal 2016.



Svona er Súlnasalur í dag. Búið er að rífa niður allar innréttingar og klæðningar í Súlnasal.



Bændahöllin – Hótel Saga í dag.

Sumarilmur

Fangaðu sumarilminn á ferð um landið

Taktu þátt í ljósmyndaleiknum Sumarilmi sem ferðaþjónustan og landbúnaðurinn standa fyrir og fangaðu þína sumarstemningu á mynd. Myndin þarf á einhvern hátt að sýna samspil ferðaþjónustu og landbúnaðar.

Merktu þína mynd með myllumerkinu **#sumarilmur**, skráðu hana til leiks á **Sumarilmur.is** og þú kemst í pottinn. Í hverri viku verða bestu myndirnar valdar þar sem fjöldi glæsilegra vinninga eru í boði. Meðal vinninga eru spennandi ferðir innanlands, alls konar afþreying og girnilegar kræsingar.

Vinningshafar verða dregnir út í beinni útsendingu á útvarpsstöðinni K100 og hægt verður að skoða myndasafnið á Sumarilmur.is

Taktu þátt og fangaðu sumarilminn á ferð um landið!



sumarilmur.is

[#sumarilmur](https://twitter.com/sumarilmur)

FRÉTTIR



Óðinshani er mjög vinsæll fugl í friðlandinu, gæfur og fallegur. Það er mjög auðvelt að taka myndir af honum. Hér er kvenfugl en hann þykir mun fallegri en karlfuglinn.
Myndir / Magnús Hlynur Hreiðarsson.

Fuglaáhugamenn flykkjast í fugla-friðlandið í Flóa við Eyrarbakka

Mikill áhugi er hjá áhugafólki um fugla að fara í fuglaskoðunarferð um fuglafriðlandið í Flóa, rétt hjá Eyrarbakka. Boðið hefur verið upp á ferðir í sumar á sunnudögum með fólki sem þekkir vel til svæðisins og allar fuglategundirnar.

Um 70 tegundir hafa sést í friðlandinu en um 25 fuglategundir verpa þar að staðaldri. Votlendisfuglar einkenna friðlandið og eru bein tengsl við nálæg fuglarík svæði eins og fjöruna á Eyrum, Ölfusárós og Ölfusárforir. Þessi svæði eru á skrá Alþjóða fuglaverndarsamtakanna, Birdlife international, yfir mikilvæg fuglasvæði í heiminum. Friðlandið í Flóa stendur á hinu mikla Þjórsárhrauni sem rann fyrir um 8.700 árum, stærsta hrauni sem runnið hefur á jörðinni eftir ísöld. Í friðlandinu er fuglaskoðunarhús með hjólastólaaöngengi. Um einn og hálfan til tvo klukkutíma tekur að ganga um svæðið en stígvél er staðalbúnaður fyrir þá sem þangað ætla.

/MHH



Ljósmyndarar, íslenskir og erlendir, eru mjög duglegir að mæta með myndavélarnar sínar og risalinsurnar í fuglafriðlandið í Flóa.



Rauðisandur.

Mynd / HKr.

Metþátttaka í fjöruhreinsun á Rauðasandi

Fjöruhreinsun fór fram á Rauðasandi í byrjun þessa mánaðar. Um er að ræða samstarfsverkefni Vesturbyggðar, Umhverfisstofnunar og landeigenda á Rauðasandi og er þetta þriðja sumarið sem ráðist er í verkið.

Alls voru gengnir um fjórir af átján kílómetra langri strandlengju Rauðasands og allt rusl hreinsað upp á þeim kafla. Byrjað var þar sem frá var horfið á síðasta ári og hreinsað allt niður á Bæjarodda neðan Saurbæjar en stefnan er að klára alla strandlengjuna á komandi árum. Um 25 rúmmetrar af rusli söfnuðust og kom fátt á óvart um upprunann en

stærstur hluti þess var tengdur sjávarútvegi eins og fyrri ár.

Fjöldi sjálfbóðaliða

Metþátttaka var í ár en auglýst var eftir sjálfbóðaliðum og alls komu 27 einstaklingar að verkinu, að meðtöldum landeigendum og landvörðum Umhverfisstofnunar.

Tengist OSPAR-samningnum

Fjöruhreinsunin er unnin í tengslum við OSPAR-samninginn sem Ísland er aðili að en Rauðisandur er ein þeirra fjóra á Íslandi sem árlega eru vaktaðar í tengslum við hann.

OSPAR-hluti verkefnisins er unninn með því að afmarkaður hefur verið 100 metra kafla á ströndinni sem tíndur er árlega. Ruslið á þessum afmarkaða reit er greint og úrvinnslan skráð í gagnagrunn OSPAR. Samningurinn sjálfur gengur út á verndun hafrymris Norðaustur-Atlantshafsins, meðal annars með því að draga úr mengun frá landi og uppsprettum á hafi. Á hverju ári berst mikið af rusli í hafið og safnast saman á hafsbotni, úti á opnu hafi eða rekur upp í fjörun og þarf mjög víðtækt samstarf að koma til við lausn á vandamálinu, meðal annars með forvörnum. Þetta kemur fram í frétt á vef Umhverfisstofnunar.

/MPB

Melrakkasetur:

Ástand refa í Hornvík kannað

Vettvangsferð var farin í Hornvík í liðnum mánuði á vegum Melrakkaseturs og var markmið ferðarinnar að kanna ástand refa í Hornvík, fjölda grenja í ábúð og frjósemi dýra, sem og að vakta greni til að meta ágang ferðamanna og viðbrögð dýra við umferð fólks við greni í ábúð.

Auk þátttakenda á vegum Melrakkaseturs voru tveir kvikmyndatökumenn frá Maramedia í Bretlandi með í för en þeir vinna að heimildamynd um íslenska náttúru fyrir japanska sjónvarpsstöð.



Nóg af fæðu

Farið var á öll þekkt greni í Hornbjargi og við Hornvíkúrósinn og athugað með ábúð í þeim, alls voru sjö þeirra mjög líklega í ábúð en staðfest voru sex greni með yrðlinga. Einnig var nokkuð af hlaupadýrum, m.a. við húsin að Horni. Fjaran var mikið notuð, bæði af hlaupadýrum og grendýrum. Mikið líf er í víkinni og eggjaskurn algeng sjón á bjargbrún – sem bendir til þess að varp hafi verið með betra móti í bjarginu. Yrðlingar sem sáu virtust nokkuð sprækir og vel haldnir enda nóg af fæðu.

Valin voru þrjú greni til að fylgjast sérstaklega með m.t.t. samskipta við ferðamenn og afkomu yrðlinga. Þau greni voru vöktuð í 12 klst. á dag í fimm daga. Gert er ráð fyrir að í júní séu dýrin ekki vön ferðamönnum og að læður með yrðlinga séu varnarlausar og algerlega bundnar við greni. Jafnframt því að fylgst var með grenjum var athugað með landamæri óðala og landnotkun



Hópurinn uppi í Almenningskarði, Innstidalur og bjargið í baksýn.

Myndir / Melrakkasetur



Það er fallegt að Horni í Hornvík í kvöldsólinni.

hvers óðalspars og ferðir fullorðinna dýra bæði innan óðala og utan.

Stór got

Kom í ljós að flest þörin voru með stór got, allt að níu yrðlinga. Litafar dýranna í Hornvík var svipað og á síðasta ári, langflest dýrin mórauð og afkvæmin líka en ein hvít grenlæða var með níu yrðlinga, þar af einn mórauðan. Reynslan hefur sýnt að karldýrin geta verið meira á varðbergi vegna ágangs ferðafólks á þessu svæði enda hafa þeir meira svigrúm til að halda sig fjarri ef þeir

verða fyrir truflun. Mæðurnar, hins vegar, eru bundnar við að heimsækja grenið til að gefa yrðlingunum mjólk og sinna þeim. Þetta er því erfiður tími fyrir fjölskylduna og mest mæðir á móðurinni.

Lífið er ekki alltaf auðvelt á hjara veraldar og ekki víst að yrðlingarnir muni allir lifa til haustsins. Venjan er að 4–5 yrðlingar lifi sumarið hjá hverju pari og sumarið í ár ætti ekki að skera sig úr hvað þetta varðar. Lífsbaráttan er hörð hjá villtum dýrum á norðurslóðum og aðeins sterkustu og útsjónarsömstu dýrin lifa af, segir á vef Melrakkaseturs.

/MPB



Náttúrubörn í fjöruferð á Ströndum.

Náttúrubarnehátíð á Ströndum

Náttúrubarnehátíðin hefur verið rekinn á Sauðfjarsetrinu í Sævangi, rétt sunnan Hólmavíkur, síðastliðin þrjú sumur. Hann stendur fyrir fjölbreyttum og skemmtilegum námskeiðum sem tengjast náttúraskoðun fyrir fólk á öllum aldri.

Í sumar stendur í fyrsta skipti til að halda Náttúrubarnehátíð í Sævangi helgina 28.–30. júlí. Þar verður nóg um að vera af alls konar útivist, fróðleik og fjöri! Þar verða skemmtilegar smíðjur í útiútdun og tónlist, hægt verður að fræðast um jurtalítun og hvernig má vinna úr rekavið. Auk þess munu hljómsveitin Ylja og Svavar Knútur gleðja gesti með fallegum tónum, Náttúrubarnehátíð, sem er fjölskylduspurningaleikur, verður á föstudagskvöldinu og þjóðsögur í sagnahúsi á laugardagskvöldinu. Töframaðurinn Ingó Geirdal mun vera með töfraskemmtun á sunnu-

degnum auk þess sem hægt verður að skella sér á hestbak, í náttúrújóga, útileiki, fjallgöngu og sjósund, svo eitthvað sé nefnt.

Náttúrubarnehátíðin hefur verið vel sóttur og hafa yfir 500 manns sótt námskeið á hans vegum. Þjóðfræðingurinn Dagrún Ósk Jónsdóttir á Kirkjubóli á Ströndum sér um Náttúrubarnehátíðina. Hún segir það hafa komið sér á óvart hvað krakkar viti margt um náttúruna, þau hafi til dæmis mörg farið að tína ber og safna jurtum eða skoðað fugla og dýr, oft er útíveran og fróðleikurinn tengdur ömmu og afa. Börnin eru líka mjög áhugasöm og hafa gaman af því að vera úti og leika sér, skoða fugla, brugga jurtaseyði og hlusta á þjóðsögur.

Nánari upplýsingar um Náttúrubarnehátíðina og hátíðina má nálgast á facebook.com/naturubarnehátíðin, eða hjá Dagrúnu í síma 661-2213.

NJARÐARNES 4



STEINSMIÐJA
AKUREYRAR
MINNISMERKI.IS

NJARÐARNES 4

FRÍR FLUTNINGUR UM ALLT LAND



Ekta kopar og
kristall í gluggum



YFIR 100 VALMÖGULEIKAR
SETJUM UPP Á NORDURLANDI OG HÖFUÐBORGARSVÆÐI



s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismerki.is

VINNUPJARKUR!



TILBOÐ!
1.950.000

TRAKTOR
SEM LÉTTIR ÞÉR STÖRFIN

GRZZLY 700 EPS FJÓRHJÓL MEÐ TRAKTORSSKRÁNINGU

Ný útgáfa með dráttarspili, LED ljósum og 26" dekkjum. Aukin burðargeta og lækkaður þyngdarpunktur gerir gott hjól enn betra.

TILBOÐSVERÐ KR. 1.950.000,- m/vsk (án vsk kr. 1.572.580)

Einnig fáanlegt tveggja manna með farangurskassa að aftan.

TILBOÐSVERÐ KR. 1.995.000,- m/vsk (án vsk kr. 1.608.870)

VERKSTÆÐISÞJÓNUSTA!

Tímamantanir í síma 540 4900

Hafðu samband við sölumenn okkar í síma 540 4900 til að kynna þér lánamöguleika.



Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | sími 540 4900
www.yamaha.is



STEEKUR

Eitraðar plöntur

Á hverju sumri kemur upp umræða um eittraðar plöntur í gördum. Oftar en ekki hefst umræðan á því að foreldrar ungra barna hafa heyrt að gullregn sé eittrað og hafa í framhaldi af því áhyggjur af því að gullregnið skaði börnin.

Vissulega er rétt að gullregn er eittrað og mest er af eitrunu í fræbelgjum trjána. Full ástæða er til að sýna aðgát, sérstaklega ef ung börn leika lausum hala í kringum gullregn. Engin ástæða er þó til að munda keðjusög og fella gullregnið. Því auk gullregns er að finna fjöldann allan af eitruðum plöntum í garði, haga og stofu.

Aukin ræktun og innflutningur á plöntum hefur aukið framboð þeirra til muna. Sumar þessara plantna geta verið varasamar og jafnvel eittraðar og er því nauðsynlegt að fólk sé vel á verði og að foreldrar gæti þess að börn komist ekki í þær. Íslensk börn eru reyndar fæst vön því að borða plöntur beint úr náttúrunni en smábörn eru gjörn á að stinga öllu upp í sig.

Garðeigendur skyldu því auk gullregns vera á verði gagnvart plöntum eins og venusvagni, fingurbjargarblómi, liljum vallarins, geitabjöllu, töfratré og ylliber geta verið varasöm ef þeirra er neitt í einhverjum mæli. Fólk er sérstaklega bent á að vara sig á ývið og lífvið þar sem safinn úr þessum plöntum er mjög eittraður og jafnvel banvænn.

Sér í lagi ætti fólk að vara sig á bjarnarkló sem við snertingu í sól getur valdið bruna og stórum og sársaukafullum blöðrum.

Af varasömum pottaplöntum má nefna neríu, næturstjörnu, friðarlilju, jólastjörnu, köllu og allar mjólkurturtir.

Til þess að koma í veg fyrir eitrun af völdum plantna ætti því að hafa eftirfarandi atriði í huga: 1) Aflið upplýsinga um plönturnar þegar þær eru keyptar, varist að kaupa eittraðar plöntur. 2) Það getur verið hættulegt að stinga upp í sig plöntuhlutum, hvort sem það eru lauf, stönglar, blóm, fræ, ber eða sveppir. 3) Neytið aldrei plantna eða sveppa sem þið þekkið ekki. 4) Hafid neyðarnúmer tiltekið ef eitrun á sér stað. 5) Ef nauðsynlegt reynist að fara á slysavardstofu er brýnt að taka með hluta plöntunnar sem étin var. Það hjálpar læknum og hjúkrunarfólki að átta sig á hvers eðlis eitrunin er. 6) Notið hanska þegar eittraðar plöntur eru meðhöndlaðar.

Kristmann Guðmundsson, rithöfundur og töffari, var mikill áhugamaður um garða og plöntur. Auk skáldsagna skrifaði hann lítið hver um plöntur sem nefnist Garðaprýði. Kristmann stóð fyrir talsverðum innflutningi á nýjum tegundum plantna og um tíma voru þær nefndar Kristmannsplöntur. Á stríðsárunum bjó Kristmann í Hveragerði og kom sér upp fallegum garði. Sagan segir að hermenn hafi átt það til að stunda æfingar í og við garðinn hans Kristmanns. Hann reyndi oft að fá hermennina til að hætta þessu brótti því að þeir tröðkuðu plönturnar hans niður. Að lokum greip Kristmann til þess ráðs að tala við foringja hermannanna og segja honum að garðurinn væri fullur af eitruðum plöntum og það væri stórhættulegt fyrir hermennina að vera í honum. Eftir þetta héldu hermennirnir sig frá garðinum og Kristmann fékk að rækta garðinn sinn í friði.

Lifum heil. /VH

HLUNNINDI & VEIÐI

Hörkufjör á Arnarvatnsheiði

Gunnar Bender

gunnarbender@gmail.com



Það var á dögum sem við félagarnir Guðmundur Þór Róbertsson, Stefán Freyr Stefánsson og undirritaður kíktum á Skagaheiðina, nánar tiltekið í Ölvisvatn og nágrenni. En veiðin hefur verið góð á heiðinni og margir fengið flotta fiska

„Við voru sámilega heppnir með veður, norðan 8–10 metrar á sekúndu, sem okkur flannst bara í góðu lagi, bara að klæða sig vel. Fyrsta daginn gekk bara nokkuð vel,“ sagði Hörður Heiðar Guðbjörnsson í samtali við Bændablaðið, skömmu eftir ferðina.

„Því miður bauð veðrið ekki upp á að veiða með flugu en við dóum ekki ráðalausir og notuðum aðrar aðferðir sem gengu fínt.

Eftir klukkutíma vorum við komnir með 9 fiska og áður en dagurinn var á enda vorum við komnir með 21 fisk, sem var bara nokkuð gott miðað við aðstæður.

Dagurinn eftir var betri til veiða hvað veður varðar og var ekki legið lengi í koju og drifum við okkur út við fyrsta tækifæri. Þessi dagur var ekki alveg eins góður í veiðinni, enda notuðum við hann líka til þess að njóta náttúrunnar, en náðum samt að landa 6 fiskum áður en dagurinn var á enda. Um kvöldið ákváðum við að njóta veðurbliðunnar á



Það er víða fallegt á Arnarvatnsheiðinni.

Myndir / Stefán Freyr Stefánsson

pallinum við veiðihúsið frekar en að standa sveittir við veiðar. Reyndar fóru tveir af okkur út, en það var meira til að njóta veðursins eins og áður sagði.

Þessi ferð var frábær í alla staði, vorum með 27 fiska og allir nokkuð vel í holdum og var sá stærsti rétt um 4 pund. Aðallega voru þetta þó fiskar um 2 pundin, þó nokkrir hafi verið aðeins minni, en það voru bleikjur þannig að það var bara í góðu lagi.

Daginn eftir ákváðum við



Hörður Heiðar Guðbjörnsson með boltauriða á Arnarvatnsheiði.

bara að taka græjurnar saman enda orðnir þreyttir og vel mettir, enda stutt í næsta túr sem verður á Arnarvatnsheiðina. Þangað höfum við aldrei komið og er mikil eftirvænting að koma á nýjar slóðir.

Silungsveiðin hefur víða verið góð, á Vatnasvæði Lýsu, í Hítarvatni, Langavatni og fleiri skemmtilegum vötnum eins og Hlíðarvatni í Selvogi og í Kleifarvatni. Sumarið er stutt og um að gera að renna fyrir fisk eins og hægt er.

Veiddi fyrsta fiskinn sinn í Vatnsdalsá

Það hafa nokkrir veiðimenn veitt fyrsta fiskinn sinn á ævinni núna í sumar.

Ólafur Gunnar Gunnarsson í Blönduósi veiddi hann fyrir skömmu í Vatnsdalsá í Húnavatnssýslu. Það er gaman að veiða fyrsta fiskinn þegar maður er aðeins fimm ára og landar honum sjálfur.

„Hann var ekkert smá ánægður með fiskinn,“ sagði móðir hans, Kristín Ingibjörg Lárusdóttir.

Fiskinn veiddi ungi veiðimaðurinn á flugu og flot niður ós Vatnsdalsár.



Ólafur Gunnar Gunnarsson með fyrsta fiskinn sem hann veiddi.

Mynd / Kristinn



Stefán Sigurðsson og Harpa Þórðardóttir við Vatnasvæði Lýsu sem þau hafa tekið á leigu.

Taka Vatnasvæði Lýsu á leigu

„Það er okkur mikill heiður og sönn ánægja að taka í sölu Vatnasvæði Lýsu á Snæfellsnesi en þessi fallega perla er frábær silungsveiðikostur og í bestu árum hafa veist hátt í 200 laxar á sumri,“ sögðu þau Stefán Sigurðsson og Harpa Þórðardóttir sem hafa tekið Vatnasvæði Lýsu á Snæfellsnesi á leigu í sumar.

„Veiði á Vatnasvæði Lýsu er góð og ódýr kostur fyrir veiðimenn og -konur á einu af okkar fegursta landsvæði.

Á vatnasvæðinu veiðist urriði og bleikja allt tímabilið en þegar líður á júlí er töluverð laxavon á svæðinu. Á haustin bætist svo sjóbirtingurinn við. Það er mikill fiskur í vötnunum en veiðin er misjöfn. Laxinn er yfirleitt smáax, en allt að 19 punda fiskar hafa veiðst og silungurinn er frá einu upp í þrjú pund.

„Vatnasvæði Lýsu hefur verið í umsjá einkaaðila undanfarin 10 ár og er það án efa mikið fagnadarefni fyrir marga að geta loks veitt þar að nýju,“ sögðu þau Stefán og Harpa enn fremur.



Það var fjör við Laxá í Leirársveit.

Gaman á bökkum Laxár í Leirársveit

Laxveiðin er allt í lagi þessa dagana, fleiri smáaxar mega reyndar láta sjá sig í ánum. En tveggja ára laxinn kom snemma og hann hefur verið að gefa sig.

„Við tókum eina stöng í einn dag í Laxá til að ná veiðihrollinum úr okkur fyrir sumarið og tókum guttana með, 9 og 10 ára, þeir hafa rosalega gaman af veiðinni,“ sagði Hinrik Ingi Guðbjartsson veiðimaður, sem var í Laxá í

Leirársveit þegar við hittum þá þar við veiðarnar.

„Við byrjuðum í Laxfossi og tók hann vel a móti okkur eftir tveggja tíma veiði, voru fjórir komnir á land og misstum við þar að auki einn í löndun. Þetta var verulega gaman. Frábær fyrsta vakt og drengirnir himinlifandi með morguninn. Fiskarnir komu á svarta frances, silver seep og rauðan frances,“ sagði Hinrik Ingi enn fremur.

Menn eltast við ýmislegt í veiðinni

Það var stór straumur fyrir fáum dögum, smáaxinn átti að mæta en mætti kannski ekki alveg eins og veiðimenn áttu von á en það er haldið áfram.

Veiðimenn eru úti um allar koppagrundir og berja árnar með flugum mest. Það hefur verið erfitt að fá maðka þessa dagana og dýrasta verðið er komið í 220 kall fyrir stykkið. Dýrt að láta afætur borða þann maðk.

Í Laxá í Aðaldal hefur Bubbi Morthens verið að elta „tröllin“, stóra laxinn, en ekki fengið neitt tröll enn þá en marga flotta laxa.

„Ég er að leita að trölli,“ segir hann en gerir sér samt engar vonir með sumarið heldur mætir bara á árbakkum og veiðir. Og hann á eftir að fara í Aðaldalinn nokkrum sinnum í sumar.

Á sama tíma voru Óð flugur að reyna í Straumunum í Borgarfríði og



Bubbi Morthens hefur verið á veiðislóðum í Aðaldalnum og veitt vel.

veiddu vel. Fengu 19 fallega laxa og nokkra sjóbirtinga, sem eru snemma í ár. Svona er veiðin í dag eða bara Ísland í dag. Hann er að taka, ungrir veiðimenn að veiða fyrstu fiskana sína. Menn elta ýmislegt í veiðinni þessa dagana.


SAVAGE ARMS
ACCUTRIGGER
ACCUSTOCK

Ný sending

10FCP-SR
Cal: 308 24" hlaup Fluted snittað TACTICAL RAIL

kr.159,000

Model: 93R17GVXP
Cal: 17HMR með þungu hlaupi sjónauka 3-9x40

kr. 74,900

Mark II FVXP
Cal: 22 LR með 3-9x49 sjónauka

kr. 59,900

AXIS II XP
Cal: 243, 270 og 308 með 3-9x40 sjónauka

kr. 98,900

AXIS II XP
Cal: 223 - 243 SJÓNÁUKI 3-9X40

kr. 97,000

Vesturröst ehf - Sérverslun veiðimannsins - Laugavegi 178 - sími: 551 - 6770 - www.vesturrost.is

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út **3. ágúst**

STARTARAR OG ALTERNATORAR

fyrir allar gerðir bíla, báta og vinnuvéla

Frí heimsending um allt land

Glerárgata 34b v/ Hvannavelli · 600 Akureyri
Sími: 461 1092 · E-mail: asco@asco.is

Kíktu inn á www.bbl.is

DANUBE

Getum við orðið að liði?

Við erum með allar lausnir fyrir þvottahús,
Hótel, Gistiheimili og Sjúkrastofnanir.

Þurrkarar

Þvottavélar



Strauvélar

Hótelín, þvottagrindur, taupokar ofl.

Kirkjustétt 2-6, 113 Reykjavík
Símar: 567 4577 / 892 8925
icefakta@icefakta.is / www.icefakta.is

MULTI ONE[®]

Ný sending af MultiOne 6.3 SD fjölnotavélum

Nú bjóðum við MultiOne 6.3 SD vélar á enn betra verði en áður og með fleiri aukahluti innifalda. Um er að ræða frábærar fjölnotavélar með **1200 kg lyftigetu**.Á MultiOne 6.3 SD situr stjórnandi í aftari hluta þessara lipru og sveigjanlegu véla. **Vélarnar afhendast með skóflu, 184 kg aukaballest að aftan og taðgreip. Verð 2.990.000 kr. (án vsk.)**Hafðu samband við sölumann í síma 590 5156 eða sendu línu á ho@klettur.is og kynntu þér þína möguleika.

Hestamiðstöðin Mið-Fossar til sölu: Reiðkennsla mögulega færð til Hvanneyrar

Hestamiðstöðin og jörðin Mið-Fossar í Borgarbyggð hefur verið auglýst til sölu. Leigusamningur Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri um afnot af jörðinni og aðstöðu hennar rennur út árið 2018. Skólinn hyggur á byggingu fjölnota skemmu á Hvanneyri sem nýtast á við reiðkennslu.

Jörðin Mið-Fossar í Borgarbyggð er 599 ha að stærð með 52,9 ha af ræktuðu landi. Á jörðinni er velút-búin 2030 fm² reiðhöll, 750 fm hesthús fyrir 79 hesta og aðstöðu fyrir kennslu og sýningar af ýmsu tagi. Þar er einnig reiðvöllur og hafa farið þar fram keppnir og kynbótasýningar. Fasteignamat jarðarinnar eru tæpar 106 milljónir króna en brunabótamatíð rúmar 460 milljónir króna.

Landbúnaðarháskóli Íslands á Hvanneyri hefur leigt Mið-Fossa undanfarin ár og rekið þar hestamiðstöð undir reiðkennslu og aðstöðu fyrir hross nemenda en leigusamningurinn rennur út árið 2018.

Hagkvæmt til lengri tíma

Kostnaður LbhÍ við rekstur og leigu miðstöðvarinnar hefur verið um 20 milljónir króna á ári síðustu tvö ár að því er fram kemur í fundargerð



Fjölnota reiðskemma á Hvanneyri myndi nýtast við kennslu og þjálfun.

háskólaráðs LbhÍ. Eigendur jarðarinnar hafa hins vegar boðað 26% hækkun á leigu fyrir hesthús og reiðhöllina.

Rektor LbhÍ skipaði á vordögum starfshóp sem kanna átti fýsileika þess að flytja reiðkennsluna til Hvanneyrar. Niðurstaða starfshópsins var sú að vænlegast þætti að losa skólann undan kostnaði við leigu á Mið-Fossum og byggja þess í stað fjölnota skemmu sem kosta á um 45 milljónir króna.

Engin ákvörðun hefur verið tekið í þeim efnum en Birni Þorsteinssyni rektor og framkvæmdastjórn LbhÍ var falið að útfæra tillögu starfshópsins. Að sögn Björns er grundvöllur fyrir byggingu reiðskemmu ef heimild fæst fyrir slíka stofnframkvæmd í fjárlögum. Til lengri tíma litíð yrði uppbygging á Hvanneyri hagkvæmari fyrir skólann.

Heimsmeistaramótið í Hollandi á næsta leiti: Landslið Íslands kynnt

Páll Bragi Hólmarsson, liðsstjóri íslenska landsliðsins í hestaíþróttum, kynnti þann 19. júlí formlega þá knapa og hesta sem munu keppa fyrir hönd Íslands á heimsmeistaramótinu í Hollandi sem mun fara fram í bænum Oirschot daganna 7.–13. ágúst næstkomandi.

Páll Bragi stýrir liðinu og verður Húgrún Jóhannsdóttir honum til aðstoðar. Þau Olí Amble, Elvar Einarsson og Hinrik Bragason eru þjálfarar liðsins.

Fjögur keppnisþör tryggðu sér sæti í landsliðinu í gegnum úrtökumót landsliðsnefndar í júní. Það eru Jakob Svavar Sigurðsson á Glóriu á Skúflæk, sem keppa í tölfti og fjörgangi, Ásmundur Ernir Snorrason og Spödur frá Njarðvík, sem keppa í tölfti og fjörgangi ásamt þeim Finnoga Bjarnasyni á Randalín frá Efri-Rauðalæk og Gústaf Ásgeiri Hinrikssyni á Pistli frá Litlu-Brekku en þeir keppa í ungmennaflokki.

Fjórir titilverjendur

Fjórir heimsmeistarar frá síðasta móti árið 2015 verja titla sína. Kristín Láraúsdóttir keppir í tölfti og fjörgangi á Ödni von Hagenbuch, Guðmundur Björgvinsson mætir með stóðhestinn Straum frá Feti í tölft og fjörgang, Teitur Arnason og Tumi frá Borgarhóli freista þess að verja titil sinn í gæðingaskiði auk þess að taka þátt í öðrum skeiðgreinum mótsins. Þá mun Reynir Örn Pálmason mæta með Spóa frá Litlu-Brekku í fimmgang, slaktaumatölt og gæðingaskiði.

Þá mun Jóhann Rúnar Skúlaason mæta með Finnoga frá Minni-Reykjum í tölft og fjörgang, Þórarinn Eymundsson og Nari frá Vestri Leirargörðum keppa í fimmgangi, tölfti og gæðingaskiði, Viðar Ingólfsson og Kjarkur frá Skriðu munu keppa í fimmgangi, slaktaumatölti og gæðingaskiði, Svavar Örn Hreiðarsson og Hekla frá Akureyri taka þátt í skeiðgreinum ásamt Ævari



Jakob S. Sigurðsson og Gloria frá Skúflæk munu keppa í tölfti.

Erni Guðjónssyni og Vöku frá Sjávarborg.

Ungmennaflokkurinn er skipaður, ásamt þeim Finnoga og Gústafi Ásgeiri, Konráði Vali Sveinssyni á Sleipni frá Skör sem munu keppa í skeiðgreinum, Önnu Bryndísi Zingsheim á Nátrúnu vom Forstwald sem munu keppa í tölfti og fjörgangi og Mána Hilmarsyni á Presti frá Borgarnesi, sem mun keppa í fimmgangi, slaktaumatölti og gæðingaskiði.

Sterk kynbótahross

Einnig senda Íslendingar fulltrúa sína í kynbótasýningu heimsmeistaramótsins. Buna frá Skrúð kemur fram í flokki 5 vetra hryssna, knapi hennar verður Björn Haukur Einarsson. Grani frá Torfunesi í flokki 5 vetra stóðhesta, knapi hans verður Sigurður Matthíasson.

Í flokki 6 vetra hryssna kemur Hervör frá Hamarsey fram undir stjórn Vignis Jónassonar, Hængur frá Bergi í flokki 6 vetra stóðhesta en Jakob Svavar Sigurðsson mun sýna hann. Hnit frá Koltursey er fulltrúi Íslands í elsta flokki hryssna og mun Sigurður V. Matthíasson sýna hana. Þá verður Þórálfur frá Prestsbæ sýndur í elsta flokki stóðhesta undir stjórn Þórarins Eymundssonar. Magnús Benediktsson hefur verið ráðinn sem liðsstjóri kynbótasýninganna.

Keppnishrossin sem stódd eru hér á landi munu halda af landi brott helgina 29.–30. júlí og knaparnir nokkrum dögum síðar.



Fulltrúar Rangárbakkar ehf. og Landsmót ehf. undirrituðu samning um Landsmót hestamanna 2020. Kristinn Guðnason, formaður Rangárbakka ehf., og Láraúsdóttir, formaður Landssambands hestamannafélaga, tókust í hendur af því tilefni. Fulltrúar 8 hestamannafélaga af Suðurlandi voru viðstaddir undirritunina ásamt Agli Sigurðssyni, oddvita Ásahrepps, og Sólrúnu Helgu Guðmundsdóttur, varaoddvita Rangárbakka ytra.

Samningur um Landsmót hestamanna 2020 undirritaður:

Ný aðkoma áformuð að Rangárbökkum

Guðrún Hulda Pálsdóttir
gudrun.hulda.palsdottir@gmail.com

Landsmót hestamanna verður haldið á Rangárbökkum árið 2020. Samningur milli Landsmóts ehf. og Rangárbakka ehf. var undirritaður 7. júlí síðastliðinn en með honum munu Rangárbakkar ehf. sjá um að halda mótið. Landsmót var síðast haldið á Rangárbökkum árið 2014.

Að Rangárbökkum ehf. standa átta hestamannafélög á Suðurlandi; Geysir, Sleipnir, Ljúfur, Trausti, Smári, Logi, Sindri og Kópur en auk þess kemur hestamannafélagið Háfeti að samstarfinu nú. Kristinn Guðnason, formaður Rangárbakka, segir samninginn mikið fagnaðarefni.

„Innan félaganna eru um 2.500 hestamenn og það er gleðilegt hvað mikil samstaða hefur myndast um mótið.“ Auk þess munu sveitarfélögin þrjú í Rangárvallasýslu styðja Rangárbakka ehf. með ýmsum hætti.

Reiðhöll fyrir þátttakendur

Að sögn Kristins verður ekki ráðist í stóra uppbyggingu á Rangárbökkum vegna mótsins en væntanlega verði aðkoman að svæðinu bætt til muna.

„Verið er að skoða að koma að annarri leið inn á svæðið, þá frá Reykjagarði, sem myndi létta mikið á umferðarteppu. Nýja leiðin yrði þá hugsuð eingöngu fyrir keppendur og starfsmenn mótsins.“ segir Kristinn.

Að öðru leyti sé svæðið tilbúið fyrir mót. Til dæmis hafi endurbætur verið gerðar á keppnisvöllum í vor og hafi þeir reynst afar vel á nýliðnu Íslandsmóti.

„Þetta verður gott sveitamót nálægt þéttbýli eins og verið hefur. Sérstaða svæðisins er nálægt keppnisvallanna en aðeins 50 metrar skilur þá að. Þar á milli verður öll þjónusta fyrir gesti en hún verður enn sem áður hýst í



Milli keppnisvallanna tveggja á Rangárbökkum geta gestir nálgast veitingar og verslanir í þjónustutjöldum meðan á Landsmótinu stendur.

tjöldum. Reiðhöllin er hugsuð sem miðstöð fyrir keppendur og starfsfólk, en þar verður lækni- og fótaskoðun og upphitunarsvæði fyrir knapa. Auk þess verður þar veitingaástaða fyrir þátttakendur mótsins.“ segir Kristinn.

Lítið er um hesthús á svæði Rangárbakka nú en Kristinn segir aftur á móti pláss fyrir um 2.000 hross í innan við 15 km rás frá staðnum. Auk þess hefur verið skipulögð hesthúsabygging og er nú þegar eitt hús risið.

Sjáanleg þróun

Kristni þykir gildi Landsmóta síga með fækkandi gestum.

„Mér finnst ekki nóg að 6.000–8.000 manns komi á landsmót. Ég vil sjá þeim fjölga. Þetta er kynningargluggi hestamenskunnar þar sem hægt er að sjá hvað er að gerast í reiðmennsku og ræktun. Nú þegar er til mikið myndefni af Landsmótunum sem sýna hve þróunin hefur verið mikil.

Við höfum þó farið fram úr okkur hvað varðar ásjón með skreytingum og í tæknimálum. Það sem skiptir meginmáli er að hafa gott aðgengi að þjónustu og góð hross.“ segir Kristinn.

Stórar áskoranir

Kristinn segir tæknimál hafa reynst afar þung í rekstri fyrir mótshaldara.

„Við vonum mjög að það verði komin einhver þróun í útfærslum á því og fylgjumst því vel með. Það er alveg ljóst að það er mjög mikil áskoran að halda þetta mót því mótin undanfarið hafa verið rekin með hallarekstri. Nú borgum við fyrir að halda mótið og megum ekki láta það koma út í halla. En við höfum góðan fyrirvara svo við undirbúum okkur vel.“ segir Kristinn, bjartsýnn að vanda.

Landsmót hestamanna fer fram annað hvert ár. Það fór fram á Hólum í Hjaltadal árið 2016 en næsta mót verður haldið í Reykjavík árið 2018.

BÁRUJÁRN
ALUSINK OG LITAD ALUSINK
PLÖTUR KLÆÐA 107 CM

LÆSTAR
KOPAR OG SINK
KLÆÐNINGAR

NÝJUNG
VATNSRÁS

VEGGKLÆÐNINGAR
OG FLASNINGAR

STJÖRNUBLIKK
BANKKASAR • ALUMÍNÍUM KLÆÐNINGAR • KARBONSTÁL • BÉNJÁRN
LÖFTKASTINGAR • SÖR • ELEMNT • VEGGTOGN • KLÆÐNINGAR

Snögg og góð þjónusta!

Smiðjuvegi 2 • 200 Kópavogur • Sími 577 1200 • Fax 577 1201 • stjornublikk@stjornublikk.is • www.stjornublikk.is

COOL - LITE
SÓLVARNARGLER

Ispan
GLER OG SPEGLAR

ispan@ispan.is • ispan.is

Þessi léttir þér störfni!

Handknúinn iðnaðarsópur

Hentar vel til að nota í innkeyrslum, íþróttasölum, gördum, bílastæðum o.fl.
30 lítra tankur.
Einn aðalbursti og annar stillanlegur hliðarbursti.
Burstinn hreinsar auðveldlega upp smágerða hluti.
Ryktankinn er auðvelt að fjarlægja og losa.
Hægt er að nota sópinn í báðar áttir, fram og aftur.
Auðvelt að ýta honum á undan sér.

Verð: 79.980 kr.

DYNJANDI
allt fyrir öryggið

Skeifunni 3h | Sími: 588 5080 | dynjandi.is

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

STRÚKTÚR

Z-Strúktúr stálgrindarhúsin frá JORISIDE
færðu hjá okkur - Stór sem smá

JORISIDE
THE STEEL FUTURE

| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |
| Þverholti 2 | 270 Mosfellsbæ | Sími: 588 6640 |

YLEININGAR

BALEXMETAL

YLEININGAR ERU LÉTTAR STÁLKLÆDDAR SAMLOKUEININGAR SEM FÁST MEÐ ÞÉTTIFRAUÐS- EÐA STEINULLARKJARNA.

Einingarnar eru sterkar og burðarmiklar og fást með mismunandi yfirborði og litum að eigin vali. Helstu kostir þess að nota samlokueiningar er auðveld og fljót uppsetning, auðveld þríf, mikil burðargeta, mikið einangrunargildi og er ódýr kostur ef miðað er við hefðbundnar lausnir.

Yleiningar henta vel fyrir eldri gripahús þar sem skipta þarf út þak- og eða veggjálklæðningum.

BALEX yleiningar eru framleiddar undir ströngu eftirliti samkvæmt viðurkenndum evrópskum stöðlum.

Hafðu samband: bondi@byko.is

BYKO
GERUM PETTA SAMAN

f | i | t | byko.is

BÍLSKÚRA- OG IÐNAÐARHURÐIR

Smíðum sérlega vandaðar bílskúrs- og iðnaðarhurðir eftir málum

Þær eru léttar og auðveldar í notkun.

Einangrun er á öllum köntum. Fáanlegar í mörgum stærðum og gerðum, með eða án glugga. Einnig fáanlegar með mótordrifi

Vagnar & þjónusta ehf
Tunguháls 10, 110 Reykjavík
Sími: 567-3440, www.vagnar.is

FRÉTTASKÝRING

Íblöndun etanóls og metanóls í eldsneyti getur aukið eyðslu bifreiða talsvert

– Ekkert íslensku olíufélaganna segist blanda metanóli í eldsneyti, en í lífdísil getur innihaldið verið um 10% af metanóli samkvæmt CRI

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is



Miklar umræður um eldsneytisnotkun hafa verið í kjölfar þess að bandaríska verslanakeðjan Costco hóf að selja eldsneyti hér á landi. Fullyrt hefur verið að eldsneyti þeirra sé ekki blandað með metanóli eða etanóli og því eyði bifreiðar sem nota eldsneyti frá Costco ekki eins miklu eldsneyti.

Við athugun Bændablaðsins



kemur í ljós að þessar athugasemdir virðast eiga við nokkur rök að styðjast. Costco kaupir óblandað eldsneyti frá Skeljungu en blandar í það Lubrizol. Það er hins vegar smurfni sem ætlað er að létta vinnslu véla.

Misjafnt er hvornig íslensku olíufélögin blanda sitt bensín og sína dísilólíu, en þar telja þau sig bundin af lögum sem fyrirskipar íblöndun og skal tryggja að minnst 5,0% af heildarorkugildi eldsneytis til notkunar í samgöngum á landi á ári sé „endurnýjanlegt eldsneyti“.

Íblöndun leiðir til orkusóunar

Algengustu íblöndunarefnin eru etanól og metanól sem hafa talsvert lægra orkugildi og þéttleika en bensín og dísilólíu. Ólítið annað gildir þó um jurtaolíu sem er mjög nálægt dísilólíu í orkugildi. Síðan er líka oft um að ræða blöndun á tilbúnum lífdísil frá erlendum framleiðendum í hreina dísilólíu, en hann getur innihaldið verulegt magn af etanóli eða metanóli. Allar þessar íblöndunarleidir minnka orkugildi jarðefnaeldsneytis og stuðla að meiri eldsneytiseyðslu ökutækja.

Gjarnan heyrir í fullyrðingum um íblöndun t.d. metanóls í bensín og dísilólíu að með því sé verið að gera eldsneytið vistvænna og minnka mengun. Þetta er þó aðeins rétt að hluta til og felur í sér ákveðna blekkingu um leið. Orkugildi þess verður lægra við íblöndun þessara efna samkvæmt upplýsingum efnafræðings sem Bændablaðið ræddi við. Það getur síðan leitt til aukinnar eldsneytiseyðslu og aukins útblásturs.

Það skýtur síðan skökku við að bifreiðaframleiðendur um allan heim hafa á sama tíma verið að gera stóratök í endurbótum á bilvélum til að minnka eldsneytiseyðslu og draga þannig úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda. Í raun er íblöndun eldsneytis að vinna gegn þessum ávinningi. Í sumum nýjum bílum er það skýrt tekið fram að ekki má nota íblandað eldsneyti. Þannig er það t.d. með nýja dísilknúna Kodíaq jeppann frá Skoda. Á hann má ekki setja svokallaðan „lífdísil“ eða Bio dísil.

Stíf lög um íblöndun

Lög númer 40 um endurnýjanlegt eldsneyti í samgöngum á landi voru samþykkt á Alþingi 5. apríl 2013 og komu til framkvæmda 1. janúar 2014. Þau segja í skilgreiningum að átt sé við endurnýjanlegt eldsneyti. Eldsneyti sem er unnið úr endurnýjanlegum orkugjöfum sem síðan eru skilgreindir nánar. Þetta hefur verið túlkað hér eins og annars staðar í



Frá opnun Costco í maí hefur verið látlaus aðsókn að dælustöð fyrirtækisins sem náð hefur umtalsverðri markaðshlutdeild þrátt fyrir að vera með skemmri afgreiðslutíma en flestar aðrar stöðvar samkeppnisaðilanna. Mynd / HKr.

heiminum að heimilt sé að blanda etanóli í eldsneyti sem yfirleitt er framleitt með gerjun úr lífmassa, en einnig metanóli sem að langstærstum hluta er framleitt úr kolum, olíu og gasi, þó líka sé hægt að framleiða það úr trjám og jurtum.

Neytendur neyðir til að brenna meira eldsneyti en þeir þyrftu

Þessi lög um íblöndun í eldsneyti neyðir neytendur til að brenna meira eldsneyti en þeir annars þyrftu. Lögum samþykkt voru

á Alþingi banna t.d. alls ekki notkun metanóls. Einungis er talað um endurnýjanlegt eldsneyti. Markmið laganna eru samt samkvæmt 1. grein að auka hlut endurnýjanlegra orkugjafa í samgöngum á landi og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með hagkvæmum og skilvirkum hætti.

3,5% íblöndun miðað við orkugildi var hækkad í 5%

Í 3. grein laganna segir: Söluáðila eldsneytis á Íslandi ber að tryggja að minnst 3,5% af orkugildi heildarsölu

hans af eldsneyti til notkunar í samgöngum á öllu landinu á ári sé endurnýjanlegt eldsneyti.

Frá 1. janúar 2015 skal tryggja að minnst 5,0% af heildarorkugildi eldsneytis til notkunar í samgöngum á landi á ári sé endurnýjanlegt eldsneyti. Aðeins eldsneyti sem uppfyllir nánari ákvæði 4. gr. má nota til að uppfylla þetta skilyrði. Í þeirri grein segir að lífmassi sé lífbrjótanlegur hluti afurða. Úrgangur og leifar af lífrænum uppruna frá landbúnaði, skógrækt og tengdum iðnaði, fiskveiðum og fiskeldi ásamt lífrænum hluta úrgangs frá iðnaði og heimilum. Þá er eins og oft í íslenskri lagagerð á síðustu árum vísað til þess að lögum feli í sér innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins. Í þessu tilfelli tilskipun 2009/28/EB frá 23. apríl 2009 um að hvetja til notkunar orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum.

Íblöndun skal vera að lágmarki 5% af orkugildi eldsneytis

Lögum segja að það skuli að „lágmarki“ blanda 5% af heildarorkugildi alls eldsneytis til notkunar í samgöngum á landi á ári sé endurnýjanlegt eldsneyti. Það þýðir ekki 5% af 100% hlutfalli óblandaðs eldsneytis því orkugildi íblöndunarefnanna er ólíkt.

Miðað við orkugildistöflu sem Bændablaðið hefur undir höndum, þá er einn lítri af bensíni með orkugildi 46,4 MJ/kg (Megajúl á kg) og 34,2 MJ/l (megajúl á lítra) í orkuþéttleika.

Einn lítri af dísilólíu er með orkugildi 48 MJ/kg og 35,8 MJ/kg í orkuþéttleika.

Einn lítri af etanóli er með orkugildi 26,4 MJ/kg og 20,9 MJ/l í orkuþéttleika. Þannig er orkugildi etanóls 56,9% af orkugildi í hreinu bensíni.

Einn lítri af metanóli (M 100) er með orkugildi 19,7 MJ/kg og 15,6 MJ/l í orkuþéttleika. Orkugildi metanóls er aðeins rúmlega 42% af orkugildi í bensíni.

Einn lítri af jurtaolíu hefur orkugildi 37 MJ/kg og 34 MJ/l í orkuþéttleika. Jurtaolían hefur því 77% af orkugildi hreinnar dísilólíu og nærri 95% í orkuþéttleika miðað við dísilólíu.



Meiri orka getur farið í að framleiða etanól en fæst út úr því sjálfu

Í umræðum um nauðsyn þess að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda er oft verið að dásama notkun etanóls sem gjarnan er framleitt úr korni. Þetta virðist vera byggt á mikilli blekkingu ef marka má orð prófessorsins David Pimental við Cornell-háskóla.

Prófessorinn segir nefnilega að orkufræðilegt tap verði við etanólframleiðslu sem geti verið umtalsvert. Samkvæmt hans útreikningum þarf 131.000 BT (38 kW) til að framleiða 1 gallon af etanóli, en orkuinnihald þess er aðeins 77.000 BTU eða 22 kW samkvæmt Health and Energy).

Þar sem bændur nota jarðefnaeldsneyti til að rækta mais, vinna úr honum etanól og flytja til hinna ýmsu áfangastaða, þá þarf mikið af olíu til að framleiða þessa gerð eldsneytis. Þetta getur leitt til þess að etanólið innihaldi minni orku

heldur en olían sem notuð var til framleiðslunnar.

Etanól sem framleitt er úr korni sem eldsneyti er alls ekki nein nýjung og vitað er að bruni þess er mjög hreinn. Það hefur verið notað í marga ártugi t.d. í Bandaríkjunum. Vandinn er að orkugildið er mun minna en næst út úr brennslu á olíu eða bensíni. Þá eru ekki margir bílar til sem geta brennt hreinu etanóli. Meira að segja eru ekki nema tiltölulega fáir bílar sem geta brennt eldsneyti sem inniheldur 15% etanól, eða svokallað E85 eldsneyti.

Eins og oft áður í umræðum um umhverfismál þá er hugmyndin um að nota etanól til að minnka losun kolefnis út í andrúmsloftið vissulega falleg. Á sama hátt verða menn þá að gera sér grein fyrir að hún er um leið að stórum hluta blekking. /HKr.

Meiri eyðsla með blönduðu eldsneyti

Ef gengið er út frá þessum tölum, þá þýðir íblöndun etanóls, metanóls eða jurtaolíu í eldsneyti í öllum tilvikum orkutap miðað við hreint jarðefnaeldsneyti. Það þýðir jafnframt að bifreiðar með blandað eldsneyti eyða meira í líturum talið en þeir ættu að gera miðað við hönnun bilvélar.

Um 3 til 5% lækkun orkugildis

Ef menn reyna að nálgast hvað þetta getur þýtt orkulega, þá yrði samkvæmt íslensku lögum um 5% íblöndun miðað við orkugildi að blanda um 7,2 lítrum af etanóli í hverja 100 lítra af bensíni en ekki 5 lítrum eins og flestir myndu ætla. Þetta þýðir að orkugildið á 100 lítrum af bensíni lækkar um 145 MJ/kg, eða um 3,1%.

Ef menn blanda metanóli sem nemur 5% af orkugildi bensíns þá þyrfti að blanda 7,9 lítrum í hverja 100 lítra af bensíni. Við það lækkar orkugildið í 100 lítrum um 212 MJ/kg, eða um 4,6%.

Í dísilólíunni er orkutapið augljóslega talsvert minna ef blandað er jurtaolíu. Hins vegar segir talsmaður Carbon Recycling International (CRI) í Svartsengi að allt að 10% af metanóli miðað við þyngd geti verið blandað í það sem kallað hefur verið lífdísill. Slíku lífdísil getur síðan blandað í dísilólíu á birgðastöðvum olíufélaga. Það getur lækkað orkugildi dísilólíunnar talsvert.

Orkutapið nemur tugum hestaflo á hverja 100 lítra

Í þessum tölum jafngildir 1 megajúl 0,28 kWh eða 0,37 hestöflum (HPH). Ef blandað er etanóli samkvæmt þessu í 100 lítra af bensíni tapast því 54 hestöfl við brennslu á hverjum 100 lítrum. Þegar blandað er metanóli tapast orka sem nemur 78,4 hestöflum. Hlutfallslega eru þetta kannski engin ósköp ef miðað er t.d. við hversu langt er hægt að komast á 100 lítrum af bensíni. Hins vegar getur þetta farið að vega þungt eftir því sem fleiri kílómetrar koma inn á mælinn.

Fínri bílvélar viðkvæmari fyrir breyttu eldsneyti

Hönnun bílvéla getur síðan haft veruleg áhrif á endanlegar eyðslutölur. Þegar vélar eru í hönnun komnar mjög lágt í eyðslu er nákvæmni augljóslega mikil og öll frávik í orkuinnihaldi eldsneytis geta haft hlutfallslega mun meira að segja en orkugildið eitt segir til um. Gildir það væntanlega sérstaklega þegar vélar eru undir miklu álagi.

Sumir bílaframleiðendur taka sérstaklega fram að ekki megi nota svokallað lífeldsneyti á bilinn.

Þannig er því mjög óvarlegt að slá tölur út af borðinu um verulega minni eldsneytiseyðslu bileigenda sem segjast komast mun lengra á óblönduðu bensíni sem keypt er á dælustöð Costco. Það er sannarlega talsverður munur á orkugildinu, ef farið er eftir lögum sem sett voru 2013.

Ekkert íslensku olíufélaganna segist blanda metanóli í eldsneyti

Í framhaldi af mikilli umræðu eftir að Costco kom hér inn á eldsneytismarkað

sendi Bændablaðið íslensku olíufélögunum fyrirspurn vegna íblöndunarinnar eldsneytis. Spurt var hvort þau væru að selja dísilolíu sem er íblönduð með metanóli eða etanóli og ef svo er hvert væri hlutfall þeirrar íblöndunar. Einnig var spurt hvort verið væri að selja bensín sem er íblönduð metanóli eða etanóli og ef svo væri hvert væri hlutfall þeirrar íblöndunar.

Einnig var spurt hvort íblönduð eldsneyti væri aðgreint frá hreinu eldsneyti eða merkt við dælu og þá tekið fram hvað væri í því. Einnig var Skeljungur spurður sérstaklega hvort það félag sæi um að útvega Costco eldsneyti.

Olíufélögin brugðust snarlega við þessum fyrirspurnum og svörðu öll fljótt og vel og þakkar Bændablaðið fyrir það.



Skeljungur selur Costco óblönduð eldsneyti

Skeljungur selur Costco eldsneyti í heildsölu. Fram hefur komið í fréttum að Costco blanda bætiefnum í það eldsneyti á sinni stöð. Þar mun átt við efnið Lubrizol.

„Ég get að öðru leyti ekki tjáð mig um Costco,“ sagði Már Erlingsson, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Skeljungs.

Skeljungur með 4,8% etanól í bensíni og 8,8% VLO í dísilolíu

Í svari Skeljungs segir annars að fyrirtækið blandi engu metanóli í sitt eldsneyti.

„Skeljungur blandar bensínið með etanóli, ca 4,8%. Skeljungur blandar dísilolíuna með VLO sem er vetnisméðhöndluð bio dísilolía (ekki FAME). Hlutfallið er 8,8%, VLO uppfyllir sama staðal og venjuleg dísilolía, það sem aðgreinir hana er frá þeirri venjulegu er að hún er aðeins léttari, en að öðru leyti er hún skv. EN590 staðlinum og er ekki af jarðefnauppruna. Vélaolían (lituð olía) er ekki blönduð VLO.“

Skeljungur blandar bæði bensín og dísil með bestu fánlegu bætiefnum sem völ er á og höfum við gert það um allan skammt,“ segir Már Erlingsson.



Atlantsolía blandar 16% VLO í dísilolíu

Í svari Atlantsolíu kemur fram að félagið blandar vetnisméðhöndlaðri lífdísilolíu öðru nafni VLO í dísilolíuna.

„VLO bætir gæði olíunnar sem skilar betri og skilvirkari bruna ásamt því að auka kuldaþol hennar. Einnig dregur VLO úr losun gróðurhúsalofttegunda og gerir dísilolíuna því mun umhverfisvænari,“ sbr. Nánari skýringar hér <https://www.atlantsolia.is/atlantsolia/iblondu-vlo/> Við erum með VLO merkingar við díseldælur okkar. Hlutfall blöndunnar er 16%. Ekkert etanol né metanol er í VLO dísilolíu.

Atlantsolía blandar hvorki etanóli né metanóli í bensín,“ segir Hugji Hreiðarsson, markaðsstjóri hjá Atlantsolía.



Allt bílaeldsneyti hjá N1 blandað „fjölvirkt bætiefnum“ og 5% etanóli í bensín

Í svari N1 kemur fram að félagið hafi frá árinu 1996 blandað bætiefnum í allt bílaeldsneyti.

„N1 hefur frá árinu 1996 blandað fjölvirkt bætiefnum í allt bílaeldsneyti félagsins.“

Bætiefnin sem N1 notar eiga að stuðla að minni mengun, veita vörn gegn tæringu og sliti í eldsneytisferfi ásamt því að stuðla að hreinni vél, meira afli og minni eyðslu.

Efnin eru þróuð með köld landsvæði í huga, í takt við strangar umhverfiskröfur og gæðareglur.

Efnið kemur frá Lubrizol, sama birgja og Costco flytur sitt bætiefni inn frá og er það algjörlega sambærileg ef ekki algjörlega það sama.

Auk þess að blanda ofangreindum bætiefnum í eldsneyti hefur N1 frá árinu 2015 blandað etanol í eldsneyti, er það gert til að draga úr áhrifum útblásturs við brennslu jarðefnaeldsneytis með það að markmiði að draga úr mengun í andrúmslofti.

Söluáðilum eldsneytis var með lögum nr. 40/2013 gert skylt að hefja íblöndun frá 1. janúar 2014 þar sem endurnýtanlegt eldsneyti væri minnst 3,5% af orkugildi en frá 1. janúar 2015 skyldi íblöndun nema minnst 5% af orkugildi á því eldsneyti sem notað er til aksturs á vegum. Lög þessi eiga sér tilvísun í tilskipun Evrópusambandsins, sem íslensk stjórnvöld hafa samþykkt að fylgja að öllu leyti. N1 hefur farið eftir settum lögum frá upphafi þrátt fyrir að svo eigi ekki við um alla söluáðila hérlandis.

Í umfjöllun fréttatíma RÚV var látið að því liggja að hér á landi væri blandað 10% etanóli í eldsneyti. Í tilfelli N1 er það 5%. Olíuseljendum hér á landi ber að fylgja lögum um íblöndun á endurnýjanlegum orkugjöfum í eldsneyti, sem samþykkt voru árið 2013. N1 fer að öllu leyti eftir þeim lögum og hefur gert frá fyrstu tíð.

Að gefnu tilefni teljum við rétt að vekja athygli á því að á Alþingi árið 2013 var þverpólitísk samstaða um að að skylda söluáðila eldsneytis hérlandis til að blanda endurnýjanlegu eldsneyti í jarðefnaeldsneyti. Var ákvæði þetta fest í lög nr. 40/2013,“ segir Víðir Ólafsson, sérfræðingur Olíu og eldsneytis í svari frá N1.

Segir metanól aldrei hafa verið í eldsneyti hjá N1

Hann lagði síðan áherslu á að einungis er verið að blanda bensín með etanóli, það á ekki við um dísil. „Metanól (trespirit) er ekki og hefur ekki verið notaður til íblöndunar hjá N1.“



Olís notar ekki metanól en 4,8% etanól í bensín sem dreift er frá Reykjavík

Hjá Olís (Olíuverzlun Íslands hf.) fengust þau svör að félagið blandi hvorki metanóli né etanóli í dísilolíu. Félagið

blandar heldur ekki metanóli í bensín, en öðru máli gegnir um etanol.

„Olíuverzlun Íslands hf. blandar og selur etanólblandað bensín í öllu bensíni sem dreift er frá Reykjavík, hlutfallið er 4,8% etanól. Bensín sem dreift er frá Akureyri, Reyðarfirði og í Vestmannaeyjum er ekki etanólblandað í dag.“

Samkvæmt lögum um endurnýjanlegt eldsneyti í samgöngum á landi (lög nr. 40 árið 2013) skal söluáðili eldsneytis á Íslandi tryggja að minnst 5,0% af heildarorkugildi eldsneytis til notkunar í samgöngum á landi á ári sé endurnýjanlegt eldsneyti. Samkvæmt þessum sömu lögum ber ekki skylda til að tilgreina hlutfall endurnýjanlegs eldsneytis í eldsneytisblöndu á sölustað ef hlutfallið er lægra en 10%. Samkvæmt reglugerð um gæði eldsneytis nr. 960 frá 2016 má hlutfall etanóls í bensíni vera allt að 10%. Markmið laga um endurnýjanlegt eldsneyti í samgöngum á landi (lög nr. 40 árið 2013) er að auka hlut endurnýjanlegra orkugjafa í samgöngum á landi og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með hagkvæmum og skilvirkum hætti,“ segir Jón Ólafur Halldórsson, forstjóri Olíuverzlunar Íslands.

Íslenskt metanól

Metanól sem framleitt er í verksmiðju Carbon Recycling International (CRI) í Svartsengi er vissulega að vinna kolefni úr jarðgufu sem annars færi út í andrúmsloftið.

Það er einkum framleiðsluáðferðin í Svartstengi sem vakið hefur athygli. Þar er hluti metanólsins vetni sem rafgreint er með rafmagni sem framleitt er með sömu jarðgufunni og notuð er til að vinna önnur efni sem til þarf. Þetta hefur verið útlagt sem eitt vistvænasta framleiðsluferli metanóls sem þekktist í heiminum, en er þó alls ekki óumdeilt.

CRI framleiðir sitt eigi fljóttandi eldsneyti undir heitinu Vulcanol. Það er framleitt í verksmiðju í Grindavík sem er með 4.000 tonna framleiðslugetu á ári.

Benedikt Stefánsson, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar hjá CRI segir í svari við fyrirspurn Bændablaðsins að ekki sé hægt að kaupa hreint metanól af dælu á Íslandi. Viðskipti með metanól séu við olíufélög sem nota metanól til íblöndunar í bensín og



Metanólverksmiðja Carbon Recycling International (CRI) í Svartsengi.

Mynd / CRI

lífdísilframleiðendur sem nota það sem hráefni.



Prófa á bíl sem gengur á hreinu metanóli

„CRI hefur til prófana flota fjölkubíla sem eru vottaðir til að aka á 100% metanóli og hafa verið seldir í Kína undanfarin ár, en eru ekki enn til sölu til almennings hér á landi né eldsneytið sem þeir aka á. Eini munurinn á vélum í þessum bílum og bílum sem aka á bensíni er að framleiðandinn hefur forritað vélarstýringuna til að aðlaga innspýtingarhlutfall eftir því hvort bíllinn er að aka á bensíni eða hreinu metanóli, þar sem bíllinn getur dregið úr því magni af lofti sem fer inn á strokkinn þegar hann brennir metanóli.“

Samstarfsaðili okkar í Danmörku rekur einnig rafmagnsbíla með efnarafi sem keyra á vatnsblönduðum metanóli. Efnarafalinn umbreytir metanóli í rafmagn og getur þannig hlaðið rafhlöðu bílsins þegar hann er í akstri.“

Má blanda allt að 3% af metanóli án þess að tilgreina það

„Í Evrópu, þar með á Íslandi, má blanda allt að 3% af metanóli í almennt bensín, fyrir alla bíla án þess

að það sé sérstaklega tilgreint sbr. CEN staðal EN228 og reglugerð um eldsneyti. Íblöndun alkohóla er jafnan framkvæmd í olíubirgðastöðvum.“

Allt að 10% metanóls í lífdísil!

„Metanól er hinsvegar hráefni í framleiðslu á lífdísil (þ.e. ekki íblöndunarefni í lífdísil eða dísilolíu). Við hefðbundna framleiðslu á lífdísil úr jurtaolíu eða dýrafitu þegar beitt er s.k. estrun er endanlegt hlutfall metanóls um 10% m.v. þyngd, en hlutfall jurta- eða dýrafæti er 90% (nokkuð meira af metanóli fer í blönduna í upphafi, en síðan er hluti metanólsins endurheimtur). Einnig fellur til jafn mikið magn af glýseróli og það magn af metanóli sem notað er í framleiðsluna (s.s. 10% m.v. þyngd). Notkun metanóls í þessu ferli fer fram í verksmiðjum, sem senda frá sér hreinan lífdísil, sem síðan er blandað við dísilolíu í olíubirgðastöðvum sbr. CEN staðal og reglugerð um eldsneyti. Erlendis fer einnig vaxandi notkun hreins lífdísils á stærri bíla (s.n. B100).“

Framleiðslugeta verksmiðjunnar í Svartsengi (sem er í sveitarfélaginu Grindavík) er 4000 tonn á ári, sem eru um 5 milljón lítrar. Við seljum metanól (Vulcanol) á Íslandi og til Evrópu, stærstu kaupendur okkar eru í Svíþjóð,“ segir Benedikt Stefánsson.

Þetta svar CRI er mjög athyglisvert þar sem öll olíufélögin á Íslandi sverja af sér í svari við fyrirspurn Bændablaðsins að nota metanól í sitt eldsneyti.



Handverks- og hústjórnskólinn á Hallormsstað

HANDVERKS- OG HÚSTJÓRNARSKÓLINN AUGLÝSIR EFTIR KENNURUM

Handverks- og hústjórnskólinn á Hallormsstað auglýsir eftir kennurum. Annars vegar á sviði matreiðslu og hreinlætisfræði og hins vegar á sviði hannryða: textíl, útsaumi, vefnaði, þrjóni og hekli.

Ráðið er tímabundið til eins árs. Umsækjendur þurfa að búa yfir frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum, búa yfir góðri samskiptahæfni og hafa áhuga að vinna með ungu fólki.

Helstu verkefni:

- ✓ Kennsla og kennslutengd störf
- ✓ Þróun náms í skólanum
- ✓ Ýmis umsýsla og verkefni

Hæfni og menntun:

- ✓ Umsækjendur skulu hafa fullgild kennsluréttindi á framhaldsskólastigi sbr. lög nr. 87/2008
- ✓ Laun eru greidd samkvæmt gildandi kjarasamningi KÍ og stofnanasamningi Handverks- og hústjórnskólans á Hallormsstað

Umsóknarfrestur er til 31. júlí 2017. Umsækjendur skulu senda inn ferilskrá, afrit prófskríteina og leyfisbréf. Öllum umsóknum verður svarað. Ráðið er í störf frá og með 8. ágúst n.k.

Nánari upplýsingar veitir Bryndís Fiona Ford, skólameistari, í síma 471 1761.

Umsóknir skal senda á netfangið bryndis@hushall.is eða heimilisfang skólans: Handverks- og hústjórnskólinn á Hallormsstað, 701 Hallormsstaður.

Einnig er opið fyrir umsóknir um skólavist á www.hushall.is

Vakandi barnamat og Eldum rétt eru meðal tilnefndra fulltrúa Íslands til norrænu matarverðlaunanna:

Efla norræna matarmenningu með Embluverðlaunum

Embluverðlaunin, norrænu matarverðlaunin, verða veitt í fyrsta sinn í Kaupmannahöfn þann 24. ágúst næstkomandi. Markmið þeirra er að efla samnorræna matarmenningu og einkenni hennar ásamt því að auka áhuga á norrænum mat utan Norðurlandanna. Afhending verðlaunanna mun eiga sér stað um leið og ein stærsta matarhátíð Norðurlanda, Copenhagen Cooking, fer fram. Hver þátttökupjóð tilnefnir einn aðila, einstakling eða fyrirtæki, í sjö verðlaunaflokkum. Tilnefndir fulltrúar Íslands verða kynntir hér og í næstu blöðum. Öll bændasamtök á Norðurlöndum standa að Embluverðlaunum í samvinnu við Norrænu ráðherranefndina.

Verðlaunaflokkar og tilnefningar Íslands

Matvælaíðnaðarmaður

Saltverk. Saltframleiðsla á Reykjanesi á Vestfjörðum sem nýtir jarðhita og fornar vinnsluáferðir. *Vefsíða: www.saltverk.is*

Hráefnisframleiðandi

Friðheimar. Tómatframleiðsla, veitingastaður og ferðaþjónusta. *Vefsíða: www.fridheimar.is*

Matur fyrir marga

Eldum rétt. Heimsending á uppskriftum og hráefni til eldunar. *Vefsíða: www.eldumrett.is*

Kynningarherferð / Matarblaðamenska

Icelandic Lamb. Markaðsfærsla og vörumerkjapróun á afurðum íslensku sauðkindarinnar. *Vefsíða: www.icelandiclamb.is*

Mataráfangastaður

Siglufrjóður. Gamli síldarbærinn byggir á sögu og tengir hana við vandaða afþreyingu og fjölbreytta matsölustaði. *Vefsíður: www.visittrol-laskagi.is og www.sild.is*

Matvælafrumkvöðull

Pure Natura ehf. Framleiðsla á bætiefnum úr íslenskum hráefnum; innmat og villtum jurtum. *Vefsíða: www.purenatura.is*

Matur fyrir börn og ungmenni

Vakandi Rakel Garðarsdóttir og Hrefna Rósa Sætran fyrir barnamat sem unninn er úr íslenskum hráefnum. *Vefsíða: www.vakandi.is*



Matur fyrir börn og ungmenni – Vakandi barnamat:

Íslenskar matarhefðir útfærðar fyrir börn

Vakandi barnamat er tilnefnt í flokknum „Matur fyrir börn og ungmenni“ en þau eru veitt einstaklingi eða samtökum sem hafa þróað hugmynd eða hugmyndafræði sem stuðlar með marktækum hætti að því að auka þekkingu og kunnáttu komandi kynslóða hvað norræn matvæli og matarmenningu varðar.

Þær Rakel Garðarsdóttir og Hrefna Rósa Sætran standa að baki Vakandi, sem framleiðir barnamat sem unninn er úr íslenskum hráefnum. Þeim fannst skorta íslenskar matarhefðir í mat ætluðum börnum.

„Við erum alltaf með það að leiðarljósi að halda í heiðri íslenskum matarhefðum og bjóða upp á hollari kost en nú þegar er



Rakel Garðarsdóttir og Hrefna Rósa Sætran standa að baki Vakandi, sem framleiðir barnamat sem unninn er úr íslenskum hráefnum.

í boði fyrir börn. Uppistaðan er því íslensk hráefni frá íslenskum bændum og við leggjum áherslu á íslenskt grænmeti. Þá er til að mynda ekki pasta eða hrísgrjón í vörum okkar, en þess í stað notum við íslenskt bygg. Einnig er einungis notað íslenskt vatn, en okkur þykir ómetanlegt að geta notað tært íslenskt lindarvatn í vörurnar,“ segir Rakel.

Vörur þróaðar með börnum

Fyrirtækið var stofnað árið 2014 og fyrstu vörur komu á markað 2015. Vöruúrval Vakandi telur nú fjórar tegundir, en þær eru Gulrótarmauk og Rófu & blómkaísmauk sem ætlað er fyrir fjögurra mánaða börn og svo Íslenskur pottréttur og

Grænmeti & perlubýgg sem ætlað er fyrir níu mánaða börn og eldri.

Vörurnar voru þróaðar með rýnihópum barna og foreldra þeirra. „Við notuðum fyrsta árið í að þróa vörurnar upp á geymsluþol og bragðgæði. Við söfnuðum saman nokkuð stórum hóp af foreldrum með börn á þessum aldri, sendum þeim smakkprufur og spurningarskjal og þróuðum vörurnar með tilliti til athugasemda frá þeim,“ segir Rakel.

Framleiðslueldhús í kortunum

Vakandi stendur nú á tímamótum. Verið er að leggja grunn að byggingu framleiðslueldhúss og nokkrar nýjar vörutegundir eru í þróun sem væntanlegar eru á markað í lok árs.

Matur fyrir marga – Eldum rétt:

Hráefni og uppskriftir heim að dyrum

„Við fáum innblástur alls staðar að. Við erum með okkar íslensku hefðir. Til að mynda eru Íslendingar mikið sósu-fólk og því er mikið af köldum sósum í réttunum okkar. Við höfum gaman af því að þróa og búa til okkar eigin sósur,“ segir Kristófer Júlíus Leifsson, framkvæmdastjóri Eldum rétt, sem er tilnefnt í flokknum „Matur fyrir marga“ sem veitt er einstaklingi eða stofnun sem hefur unnið mikið starf til að auka gæði og efla norræna matarmenningu í opinberum máltíðum.

Eldum rétt er heimsendingarþjónusta á uppskriftum og hráefni fyrir máltíðir sem fjölskyldur geta svo eldað. Fyrirtækið hefur vaxið



Kristófer Júlíus Leifsson og Valur Hermannsson stofnuðu Eldum rétt ásamt systrunum Hrafnhildi og Hönnu Maríu Hermannsdætrum.

hratt síðan það hóf starfsemi í ársbyrjun 2014.

Fyrirtækið stofnaði Kristófer með konu sinni, Hrafnhildi Hermannsdóttur, ásamt þeim Vali Hermannssyni og Hönnu Maríu Hermannsdóttur, en fyrirmynd fyrirtækisins sóttu þau til Svíþjóðar sem þau svo útfærðu miðað við íslenskar aðstæður.

Koma í veg fyrir matarsóun

Í gegnum Eldum rétt getur fólk pantað hráefni og uppskriftir að máltíðum og fengið matarpakka senda heim, eða sótt þá.

Fyrirtækið sér um að versla hráefnin og afhenda þau í réttu magni og þannig koma í veg fyrir óþarfa hráefniskaup og matarsóun.

„Við vinnum mikið í því að fá bestu hráefni sem völ er á hverju sinni. Á sama tíma pöntum við bara nákvæmlega það sem við þurfum og komum þannig í veg fyrir óþarfa afföll sem gerir okkur svo aftur kleift að bjóða pakkana á sanngjörnu verði,“ segir Kristófer.

Hyggja á frekari útbreiðslu

Eldum rétt hefur að undanfögnu unnið að því að auka framboð sitt af matarpökkum og nú er hægt að fá bæði Vegan kosti, ávaxtapakka og grillpakka.

Þá hóf Eldum rétt nýlega afhendingu matarpakka á Akureyri og hyggur Kristófer á enn frekari útbreiðslu um landið. /ghp



Syngjum sumarmessur!

– Guðsþjónusta verður í Tjarnarkirkju 20. ágúst

Sunnudagurinn fjórði eftir þrenningarhátíð var 9. júlí og Selfossprestur auglýsti guðsþjónustu í Hraungerðiskirkju kl. 11. Kórmenn úr Selfosskirkju voru forsöngvarar á loftinu, svo velmenntir að sálmur 719 fékk sínar fjórar raddir og vörðlaðan söng.

*Af gleði óma götur, torg
og gleði birtir sanna
öll önn og iðja manna.*

Venjulega er einradda söngur í sumarmessum á Selfossi.

Pilgrímagangan upp að Ólafsvöllum lagði af stað klukkutíma fyrir messu en Marsi frá Langsstöðum var okkar pilgrímur í guðsþjónustunni. Hann kom líka til Hraungerðiskirkju um hvítasunnunna til að fagna 70 ára fermingarafmæli sínu.

Norðlendingar hafa um marga staði að velja ef ganga skal til kirkju á helgum degi. Fjölmargir hefðu aldrei augum litið Austurdal og Ábæjargilið ef ekki væri þar tíðagjörð um hásumar. Sumarguðsþjónustur hafa t.d. verið vaktar úti í Fjörðum, þar hét prestsetrið Þönglabakki, afskekkt og harðbýlt og þar entust fáir prestar lengi ef þeim bauðst betra brauð.

Í Hofskirkju á Skaga var haldin guðsþjónusta í fyrra síðsumars þar sem minnst var Jóns Árnasonar prests Illugasonar sem fæddist þar 17. ágúst 1819, en Jóns er víðar minnst um þessar mundir, bókavörður og brautryðjandi í þjóðsagnasöfnun. Hann missti ungar föður sinn en móðir hans og nokkrir fjölskylduvinir, þ.á.m. Þórður prestur og hálfbróðir hans á



Tjarnarkirkja er kirkja að Tjörn á vestanverðu Vatnsnesi. Kirkjan þar var reist á árunum 1930 til 1940 úr steinsteypu. Alls tekur kirkjan milli 70 og 80 manns í sæti en altarisstafla er eftir Þórarín B. Þorláksson, máluð 1910. Er hún eftirmynd altarisstöflunnar í Dómkirkjunni í Reykjavík eftir G.T. Wegener. Frá Tjörn er viðsýnt yfir Húnaflóa og til Stranda.

Skarði í Landsveit áttu stóran þátt í að koma Jóni í Bessastaðaskóla sem sýndi kapp og eljusemi við námið, lauk prófi og varð upp úr því heimiliskennari hjá Sveinbiri Egilssyni rektor. Jón átti eftir að tengjast þeirri fjölskyldu tryggðar-böndum en Reykjavík var heima-bær hans eftir það.

Vestur á Tjörn á Vatnsnesi var einnig prestssetur og þar sátu merk-ir klerkar, s.s. sr. Sigfús Jónsson er flutti þaðan að Undirfellu 1872, til heimasveitar konu sinnar, Sigríðar

Björnsdóttur sýslumanns Blöndal frá Hvammi í Vatnsdal. Sonur þeirra, Björn alþm. á Kornsa átti uppvaxtarár sín á Tjörn og varð brautryðjandi Kvennaskólans, sem síðast var á Blönduósi.

Guðsþjónusta verður í Tjarnarkirkju 20. ágúst kl. 14 en þá verður kominn 10. sunnud. e. trinitatis og í messukaffi verða rifjaðar upp nokkrar vísur úr Vatnsnesbyggðum og Húnaflóa – kvæða- og vísnaðsafn fær kynningu í messuskrá. /IHJ

Belgagri



Twenty-One flugnaeitur

Einstök formúla flugnaeiturs fyrir bændur í kvikfjarrækt.

- Asameþifos er hraðvirkasta efnið á markaðnum
- Eina fáanlega flugnaeitrið sem má bæði úða og pensla
- Virkni í allt að 12 vikur
- Laðar skordýr að með ferómóni og lóðunarefni
- Eina fáanlega efnið sem drepur við inntöku og snertingu

Söluastaðir:

Bústólpi
Fóðurblandan
Jötunn
Kaupfélag Borgfirðinga
Kaupfélag Vestur-Húnavetninga
Verlunin Eyri
Vélaval

Streymi heildverslun ehf. | Goðanesi 4 | Akureyri
Sími: 588 2544 | streymi@streymi.is | streymi.is



Arjen sankari

FINNSKI OPA SAFTPOTTURINN

Berjasaft, rabarbarasaft og ávaxtasaft verður leikur einn að búa til í honum ásamt ýmsum örðrum möguleikum.

Ferkari upplýsingar í síma 897-4573 og steini@muurikka.is.

www.MUURIKKA.is



TIL SÖLU



20289 - Núpur í Dýrafirði - Gamli skóli, lóð nr. 1. Um er að ræða elsta húsnæði fyrrum héraðsskólans á Núpi í Dýrafirði. Stærð hússins er talin vera um 1.419 m², byggt 1931.

20290 - Núpur í Dýrafirði - Heimavist, kennslustofur og íbúðir, lóð nr. 3. Um er að ræða tvær aðalbyggingar með tengibyggingu. Stærð hússins er talin vera 26.370 m² og bygging húsnæðis hófst árið 1964.

20613 - Núpur í Dýrafirði - Heimavist, lóð nr. 2. Um er að ræða húsnæði, áður heimavist (kvennavist) héraðsskólans ásamt íbúð. Stærð hússins er talin vera 733 m², byggt á árunum 1954 til 1956.

Ríkissjóður Íslands er eigandi húsnæðis.

Áhugasamir bjóðendur eru hvattir til að kynna sér ástand húsnæðisins til hlítar. Húseignirnar er til sýnis í samráði við Guðmund Ástvaldsson í síma 894 9409 á skrifstofutíma.

Óskað er eftir tilboðum í eignirnar. Tekin verður afstaða til móttekinna tilboða eftir 1. september 2017. Innsend tilboð skulu gilda í 4 vikur frá þeim degi.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Ríkiskaupa, www.rikiskaup.is.

Tilboð skulu berast til Ríkiskaupa, Borgartúni 7c, 105 Reykjavík, sími 530 1400. Skrifstofa Ríkiskaupa er opin virka daga milli kl. 9:00 og 15:00.

Ath. ekki verður haldinn opunarfundur vegna skila á tilboðum.

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP



JÖRÐ TIL SÖLU

Syðri-Grund í Húnavatnshreppi

Syðri-Grund er nokkuð vel staðsett jörð fyrir sunnan og vestan Svínavatn við þjóðveg 731. Jörðin er talin vera um 472 hektarar að stærð, þar af um 230 ha á láglandi.



Gott land til ræktunar, beitar eða skógræktar með góðum halla. Silungsveiði er í vatni sem tilheyrir jörðinni í fjallinu ofan við bæjarhúsin, svo og í Svínavatni en einnig í Svínadalsá sem jörðin liggur að.

Raforka hefur verið framleidd í samvinnu við aðliggjandi jörð, Grund, og væri hægt að auka hana til muna en rennslið úr fjallinu er um 35 l/sek. Þegar minnst er og fallhæðin er 180 m.

Ræktuð tún á jörðinni eru skv. skrá 29.0 ha en hafa verið aukin talsvert eftir að skráin var gerð. Girt er kringum öll tún og einnig mest allt beitaland á láglandi.

Á jörðinni eru fjárhús með áburðarkjallara og einnig taðhús, samtals fyrir um 500 kindur. Einnig er þar gamalt fjós með 12 básum en það hefur ekki verið nýtt sem slíkt í 14 ár.

Upplýsingar í síma 847-6358 eða 564-5852 utan vinnutíma.

UTAN ÚR HEIMI



Í yfirlýsingu frá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni frá því í vor segir að sami stofn H5N8 veirunnar og herjar núna á alifugla í Suður-Kóreu geti valdið alvarlegum sýkingum í fólki.

Fuglaflensufaraldur í Suður-Kóreu

Yfirvöld í Suður-Kóreu hafa bannað allan flutning á fuglakjöti í landinu til að reyna að hefta útbreiðslu H5N8 veirunnar sem veldur fuglaflensu. Ríflega 190 þúsund fuglum hefur verið slátrað í landinu til að hefta útbreiðslu veirunnar.

Flensunnar varð fyrst varð 2. júní síðastliðinn í suðurhluta landsins og var útbreiðsla hennar hröð. Í byrjun júlí var landið sett á hæsta viðbúnaðarstig hvað hættu á útbreiðslu fuglaflensu varðar og í framhaldinu var ríflega 190 þúsund kjúklingum, gæsnum og öndum slátrað á alifuglabýlum.

Bann hefur verið lagt á allan flutninga á alifuglum í landinu auk

þess sem flutningabílar, sem séð hafa um flutninga á alifuglum, hafa verið kyrrsettir og verslunum sem sérhæfa sig í sölu á fuglakjöti og fuglaslaturhúsum lokað.

Hörd viðbrögð yfirvalda í Suður-Kóreu vegna flensunnar núna er vel skiljanleg því á síðasta ári kom upp svipaður H5N8 fuglaflensufaraldur í landinu. Faraldurinn í fyrra varð til þess að slátra þurfti 30 milljón alifuglum í landinu og verð á eggjum hækkaði stjórnfræðilega.

Í yfirlýsingu frá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni frá því í vor segir að sami stofn H5N8 veirunnar og herjar núna á alifugla í Suður-Kóreu geti valdið alvarlegum sýkingum í fólki. *NH*

7,2 tonn af fílabeini gerð upptæk í Hong Kong

Tollgæslumenn gerðu nýverið 7,2 tonn af fílabeini upptæk við landamæragæslu fyrir skömmu. Það er stærsti farmur af fílabeini sem hefur verið gerður upptækur í heiminum til þessa.

Magnið er það mesta sem gert hefur verið upptækt til þessa og er verðmæti þess talið vera hátt í milljarðum í íslenskum krónum.

Fílabeinið fannst um borð í gámaskipi sem var að flytja frosinn fisk til Hong Kong frá Malasíu. Fílabeinið var vandlega falið í einum af frystigámunum undir fiskfarmi.

Stærsti farmur af fílabeini sem til þessa hefur verið gerður upptækur í heiminum var rúmlega 7,1 tonn og fannst við tollaefirlit í Singapúr árið 2002. *NH*



Mest er skógareyðingin í heiminum vegna skógarhöggs til að ryðja land til landbúnaðar, nautgripæræktar, framleiðslu í lífdísil og til að framleiða soja- og pálmaolíu.

Aukin skógareyðing vegna aukinnar neyslu í Evrópu

Gangi spár um vaxandi neyslu Evrópubúa á nautakjöti, soja- og pálmaolíu eftir til ársins 2030 mun það valda allt að 25% aukinni skógareyðingu í heiminum.

Áætlað er að um 13 milljón hektarar af skóglendi tapist í heiminum á ári. Mest er eyðingin í regnskógum Amason, á Mekong-svæðinu og í Borneó. Reyndar er svo komið að verði ekkert að gert er líklegt að búið verði að eyða öllum skógi á þessum svæðum á innan við 100 árum.

Mest er eyðingin vegna skógarhöggs til að ryðja land til landbúnaðar, nautgripæræktar, framleiðslu í lífdísil og til að framleiða soja- og pálmaolíu.

Aukin skógareyðing og spár um 25% aukningar hennar koma fram þrátt fyrir fjölmargar yfirlýsingar frá ríkjum Evrópusambandsins og annarra vestræna ríkja um að allra leiða skuli leit að til að draga úr skógareyðingu í heiminum og hún stöðvuð fyrir 2020. *NH*



Gunn Jorunn Sørum, verkefnastjóri Norsk Tradisjonsmat, Ellen Krageberg, formaður Norges Bygdekvinneklag og Birthe Selvaag frá styrktarsjóði DNB-banka.

Samband kvenfélaga í Noregi:

Svæðisbundnum og sögulegum matarréttum haldið á lofti

Norges Bygdekvinneklag, sem svipar til Kvenfélagasambandsins íslenska, setti á dögum í loftið nýja heimasíðu um hefðbundna og sögulega norska matarrétti sem nefnist norsktradisjonsmat. Það eru yfir 400 uppskriftir á síðunni sem koma alls staðar að af landinu og hverri uppskrift fylgir saga réttarins.

„Norges Bygdekvinneklag hafa unnið að því í mörg ár að viðhalda norskum matarhefðum meðal annars með námskeiðum og uppákomum ásamt því að gefa út bækur um svæðisbundnar matarhefðir. Í dag nota alltaf fleiri og fleiri netið til að finna upplýsingar og fá innblástur til matargerðar og þess vegna fundum við fyrir þörfinni á að safna saman kunnáttu okkar meðlima og koma því á rafrænt form,“ útskýrir Gunn Jorunn Sørum, verkefnastjóri Norsk Tradisjonsmat.

Síða í stöðugri þróun

Félagið fékk styrk frá styrktarsjóði DNB-banka til að ráðast í verkefnið og segir Gunn þann stuðning hafa skipt sköpum.

„Núna eru yfir 400 uppskriftir á



Mynd af eftirréttinum „Tilslørte bondepiker“. Norsk þjóðsaga segir að Ivar Aasen, faðir nýnorskunnar, hafi fundið upp á nafni réttarins sem samanstendur af þeyttum rjóma, eplamarmelaði og rúgbrauði. Hann á að hafa verið ástfanginn mjög af stúlku og það hennar nokkrum sinnum án þess að hún játaði því. Einn fagra dag bauð stúlkan honum að „bragða á sætindum sínum“. Hann lét ekki segja sér það tvisvar en þegar hann uppgötvaði að um var að ræða eftirrétt þá gaf hann réttinum nafnið huldar sveitastúlku, eða tilslørte bondepiker.

síðunni sem koma frá öllum krókum og kimum Noregs. Við hverja uppskrift stendur útskýring á upphafi réttarins og saga hans. Til viðbótar

við uppskriftirnar er einnig að finna greinar um ólíkar norskar matarvenjur eins og til dæmis brúðkaupshefðir, grautur frá a-ö og greinar um matarhefðir í ólíkum fylkjum Noregs,“ segir Gunn og bætir við:

„Viðbrögðin við síðunni eru mjög góð og er hún mikið skoðuð og við sjáum miklar deilingar inn á samfélagsmiðlana. Það sem við tökum einnig eftir og kemur okkur örlítið á óvart er að margt ungt fólk er áhugasamt um uppskriftirnar. Núna höfum við hvatt meðlimi í þeim 450 svæðisbundnum félögum sem eru aðilar að Norges Bygdekvinneklag til að taka þátt með uppskriftum frá sínum svæðum svo það munu bæstast við margar uppskriftir inn á síðuna fyrir lok ársins. Einnig ætlum við að bæta við faglegri umfjöllun inn á lið síðunnar matarhefðarskólunnar. Við ætlum að búa til fleiri myndbönd sem sýna allt frá hefðbundinni baksturækni til þess hvernig maður býr til sérstaka rétti frá mismunandi stöðum í Noregi.“ */ehg*



Mynd af norskrri baunasúpu með svínakjöti.



Náttúra Íslands er aðalástæða þess að ferðamenn flykkjast hingað til lands. Hreinleika og fegurð náttúrunnar er þó ógnað vegna ágangs ferðamanna á henni að því er fram kemur í skýrslu OECD. Myndgrip

Umhverfisábyrgð fyrirtækja í ferðaþjónustu:

Sífelld fleiri sækja um vottun Vakans

– Standa þarf vörð um gæði og umhverfisvitund að mati OECD

Samhliða gríðarlegri aukningu ferðamanna hér á landi hefur fyrirtækjum í ferðaþjónustu fjölgað á síðastliðnum árum og gera enn. Allar kannanir benda á náttúru landsins sem aðalástæðu þess að ferðamenn flykkjast hingað og í nýrri skýrslu OECD, Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu, er það enn og aftur undirstrikað að einstakt umhverfi landsins sé ekki aðeins náttúruauðlind, heldur einnig helsta efnahagsauðlind þjóðarinnar.

Hreinleika og fegurð náttúrunnar er þó ógnað vegna ágangs ferðamanna á henni og leggja höfundar skýrslunnar til að veita ferðamannastráminum viðnám með ýmsum hætti. Mælt er til þess að takmarka fjölda ferðamanna á viðkvæm svæði og taka upp gjaldtöku á svæðum til að hafa stjórn á umferð um svæði sem eru undir álagi. Þá er mælt með því að varðveita víðerni landsins, takmarka mannvirki þar og fjölda fólks miðað við aðstæður.

OECD leggur enn fremur til að lagður verði grunnur að áætlun, þvert á ráðuneyti, sem miðar að því að gera ferðaþjónustuna umhverfisvæna, félagslega og efnahagslega sjálfbæra, fjárfesta í innviðum samkvæmt því. Standa þarf vörð um gæði og umhverfisvitund fyrirtækja í ferðaþjónustu.

Í því tilliti bendir OECD á umhverfisvottun Vakans en það er gæðakerfi sem stýrt er af Ferðamálastofu í samvinnu



við Samtök ferðaþjónstunnar, Nýsköpunarmiðstöð og Ferðamálastöð Íslands.

Aukin vitundarvakning

Umhverfisflokkun Vakans er umhverfistengd gæðastýring fyrir fyrirtæki í ferðaþjónustu á Íslandi. Gæðakerfinu var komd á fót árið 2011 en markmið þess er að efla gæði, öryggi og umhverfisvitund í ferðaþjónustu á Íslandi með handleiðslu og stuðningi, ásamt því að byggja upp samfélagslega ábyrgð ferðaþjónustufyrirtækja. Vakinn byggir á nýsjálfensku gæðakerfi fyrir ferðaþjónustu en er staðfært og aðlagd íslenskum aðstæðum af Stefáni Gíslasyni umhverfisfræðingi.

Umhverfisflokkunin er á þremur stigum; brons, silfur og gullmerki, sem fyrirtæki geta hlotið fyrir að sýna umhverfisábyrgð í sínum rekstri. Til þess að hljóta merki þarf fyrirtækið að taka þátt í heildstæðari

hluta gæðavottunar Vakans. Umhverfisflokkunin er valkvæð.

Að sögn Elíasar Bj. Gíslason, forstöðumanns Ferðamálastofu á Akureyri, segir að hvati fyrirtækja til að fá slíka umhverfisflokkun sé helst fjárhagslegur. „Við sjáum það í könnunum að gestir okkar kjósa frekar að versla við fyrirtæki sem er með einhverja gæðavottun og sú tala er alltaf að hækka.“

Gagnsæ viðmið

Í dag hafa milli 60 og 70 fyrirtæki hlotið Umhverfismerkingu Vakans og Elías segir að þeim fari stöðugt fjölgandi, þannig er gert ráð fyrir að 30–40 fyrirtæki skrái sig hjá Vakanum í ár.

Mat á umhverfisgæðum fyrirtækis byggir á átta flokkum; stefnumótun og starfsháttum, innkaupum og auðlindum, orku, úrgangi, náttúruvernd, samfélagi, birgjum og markaði og upplýsingum til viðskiptavina. Öll viðmið og leiðbeiningar, til að uppfylla viðmið umhverfismerksins, eru aðgengileg á vefsíðu Vakans og er það með ráðum gert.

„Við viljum að allir geti tekið þátt og að þau hjálpargögn og leiðbeiningar sem við höfum fyrir þátttakendur séu einnig fræ sem við getum verið að sá vörð. Enda hefur það sýnt sig að við erum að fá inn í kerfið fyrirtæki sem hafa notað Vakann sem leiðarkerfi í uppbyggingu reksturs frá upphafi,“ segir Elías. /ghp

Viðræður um sameiningu Sveitarfélaganna Skagafjarðar og Skagabyggðar að hefjast

Tvö sveitarfélög, Sveitarfélagið Skagafjörður og Skagabyggð hafa átt í óformlegum viðræðum um sameiningu þessara tveggja sveitarfélaga. Hafa þau nú sammælt um að hefja formlegar viðræður um kosti þess að sameinast.

Sveitarfélagin á starfssvæði SSNV sem hafa áhuga á að ræða kosti enn stærri sameiningar við Sveitarfélagið Skagafjörð og Skagabyggð, eru boðin velkomin til viðræðna á sameiginlegan fund sveitarfélaganna sem boðað verður til í byrjun júlí.

Endurskoðun á samningi

Á fundi samstarfsnefndar Sveitarfélagsins Skagafjarðar og

Akrahrepps sem haldinn var í lok liðins árs var samþykkt að ráðast í endurskoðun á samningum á milli sveitarfélaganna tveggja. Samstarfssamningur Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Akrahrepps er frá árinu 1999 og því 18 ár frá því hann var gerður. Þróunin í samstarfi sveitarfélaganna hefur síðan þá verið í þá átt að þjónusta gagnvart íbúnum og fyrirsvar hvað rekstur varðar hefur í sífellu meiri mæli verið veitt af hálfu Sveitarfélagsins Skagafjarðar en Akrahreppur greitt sinn hluta í sameiginlegum rekstri og stofnkostnaði.

Við stjórnsýsluskoðun hjá Sveitarfélaginu Skagafirði fyrir árið 2015 komst KPMG ehf. að þeirri niðurstöðu að samstarfssamningur

Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Akrahrepps uppfyllti ekki sveitarstjórnarlög nr. 138/2011. Í framhaldinu var samþykkt að ráðast í endurskoðun á honum.

Sveitarfélagið Skagafjörður hefur ákveðið að fá liðsinni KPMG ehf. við að undirbúa gerð nýs þjónustusamnings Akrahrepps við Sveitarfélagið Skagafjörð sem uppfyllir sveitarstjórnarlög og önnur lög, reglur og samþykktir sem lúta að stjórnsýslu sveitarfélaga og tekjustofna þeirra. Skal samningurinn ná til allra sameiginlegra mála sveitarfélaganna tveggja. Skulu drög að slíkum samningi verða tilbúin fyrir gerð fjárhagsáætlunar sveitarfélaganna fyrir árið 2018. /MPB

ÓDÝR

Gleraugu með glampa- og rispuvörn

Verð 19.900 kr

Sérsmíðum samdægurs í styrk +/- 5.0 með cyl. til 2,0.

Hamrahlíð 17
Hús Blindrafélagsins
Sími • 552-2002

SIJÓNTÆKJAVERSLUN

Bændablaðið
 Smáauglýsingar 56-30-300

TIL SÖLU

Hreppsnefnd Árneshrepps auglýsir hér með eyðijarðirnar **Kamb** og **Kolbeinsvík** til sölu. Báðar jarðirnar eru án mannvirkja en einhver jarðhiti er á báðum.

Kolbeinsvík liggur við veg 645 sunnan Veidileysufjarðar. **Kambur** er fremst á fjallinu sem skilur að Veidileysufjörð og Reykjarfjörð.

Allar nánari upplýsingar gefur oddviti í síma 451 4001/ 847 2819 eða varaoddviti í síma 451 4030/694 7669.

Tilboðum skal skila skriflega á skrifstofu Árneshrepps í Norðurfirði fyrir 15. ágúst 2017.

Hreppsnefnd áskilur sér fullan rétt til þess að taka hvaða tilboði sem er eða hafna þeim öllum.



ISHURÐIR | BÍLSKÚRSHURÐIR | IÐNAÐARHURÐIR

- ✓ ÍSLENSK FRAMLÆIÐSLA, SMÍÐI OG SAMSETNING
- ✓ ALLAR HURÐIR SMÍÐAÐAR SAMKVÆMT MÁLI
- ✓ MARGAR ÚTFÆRSLUR OG LITAMÖGULEIKAR
- ✓ ÁRATUGA REYNSLA STARFSMANNA Í HURÐUM
- ✓ HÁGÆDA HRÁEFNI
- ✓ PÓLA VEL ÍSLENSKT VEDURFAR
- ✓ STUTTUR AFGREIÐSLUTÍMI

YMSAR GERÐIR & ÚTFÆRSLUR

YFIR 20 ÁRA REYNSLA Í HURÐUM Á ÍSLANDI

ÍSLENSK FRAMLÆIÐSLA

www.ishurdir.is

STÍLHREINAR BÍLSKÚRSHURÐIR
FYRIR BÍLSKURINN

ÖFLUGAR IÐNAÐARHURÐIR
FYRIR IÐNAÐINN

FÁÐU HEIMSÓKN

SÖLURÁÐGJAFI OKKAR KEMUR Á STADINN. VEITIR FAGLEGA RÁÐGJÖF OG GERIR ÞÉR VERÐTILBOÐ. VINSAMLEGAST ÖSKIÐ EFTIR HEIMSÓKN Í SMÁ 865-1237 EÐA Á log@ishurdir.is

ISHURÐIR
Sími 564 0013 | www.ishurdir.is

HAFDU SAMBAND

- ✓ IS Hurðir ehf.
- ✓ Reykjalundi, 270 Mosfellsbæ
- ✓ Sími: 564 0013
- ✓ log@ishurdir.is / 865 1237
- ✓ www.ishurdir.is

Bjarni Guðmundsson heiðraður fyrir áratugastarf í þágu Landbúnaðarsafnsins á Hvanneyri

Hvanneyrarhátíð var haldin laugardaginn 8. júlí síðastliðinn á Hvanneyri í Borgarfirði. Ríflega 1000 manns lögðu leið sína að Hvanneyri þennan dag og nutu heimatilbúinnar dagskrár, veitinga og hvert annars.

Við setningu hátíðarinnar var Hvanneyringurinn Bjarni Guðmundsson í Lækjartúni heiðraður fyrir áratuga starf í þágu Landbúnaðarsafnsins ásamt því að sveitarstjóri Borgarbyggðar, Gunnlaugur Júlíusson, hélt stutta tölu.

Á hátíðinni fékk Landbúnaðarsafn Íslands formlega afhent þritengibeisli og vökvölyftu úr Ferguson árgærd 1949 en það var Fergusonfélagið sem færði safninu þessa höfðinglegu gjöf.

Margt í boði

Ýmislegt skemmtilegt og fróðlegt var í boði fyrir alla aldurshópa á Hvanneyrarhátíðinni. Fornbílur á vegum Fornbílafjelds Borgarfjarðar og forndráttarvélar frá Fergusonfélaginu vöktu lukku hjá ungum sem öldnum og var slökkvibíll Kristjáns Andréssonar á Hvanneyri sérstaklega vinsæll hjá yngri kynslóðinni.

Hvanneyri pub, Skemman kaffihús og Kvenfélagið 19. júní seldu gómsætar veitingar og ísbúðin Valdís kom alla leið frá Grandagarðinum í Reykjavík með ís.

Húsdýrin slógu einnig í gegn en á hátíðinni mátti sjá endur, folaldsmeri, kálfa, grísi, lömb og geitur. Eigenda- og ræktendafélag landnámsshænsna hélt einnig sína árlegu landnámsshænsnasýningu á hátíðinni og var það virkilega skemmtileg viðbót við heimatilbúna hátíðardagskrána. Sveinn Hallgrímsson, fyrrverandi



Bjarni Guðmundsson var heiðraður fyrir störf sín í þágu Landbúnaðarsafns Íslands við setningu hátíðarinnar og er hann hér með stjórn Landbúnaðarsafns Íslands. Fyrir ofan frá vinstri: Ragnar Frank Kristjánsson, Lilja Árnadóttir og Björn Þorsteinsson. Fyrir framan frá vinstri standa Ragnhildur Helga Jónsdóttir, núverandi safnstjóri, Haraldur Benediktsson og svo hinn heiðraði Bjarni Guðmundsson.

Mýndir / Ásdís Helga Bjarnadóttir.

skólastjóri Bændaskólans gamla, leiddi sögugöngu um gömlu Hvanneyrartorfunu og séra Flóki Kristinsson sagði gestum frá Hvanneyrarkirkju.

Fólki stóð einnig til boða að fá leiðsögn um Yndisgarðinn á Hvanneyri. Landbúnaðarsafn Íslands, Hvanneyrabúíð og Bókaloftið í Halldórsfjósí opnuðu

dyr sínar fyrir gestum og gangandi og Ullarselskonur spunnu band upp á gamla mátann. Á lofti Halldórsfjós opnaði listasýningin „Sumarlist 2017“ og í Landbúnaðarsafni Íslands opnaði sýningin „Birkíð sem erfðaaudlind“. Þessar sýningar verða áfram opnar til 8. ágúst. Þá var skemmtilegur markaður í gamla leikfimi húsinu þar sem áhersla var



Örtröð var við Skemmuna þar sem að Skemman kaffihús og ísbúðin Valdís voru með góðgæti til sölu.



Félagar í Fornbílafjeldi Borgarfjarðar koma hér glæsivögnum sínum fyrir á hátíðarsvæðinu en fjölmargir gestir voru komnir á Hvanneyri fljótlega upp úr hádeggi.



Fritt var í Landbúnaðarsafni Íslands á Hvanneyrarhátíðinni og lögðu margir leið sína þangað.



Eigenda- og ræktendafélag landnámsshænsna hélt sína árlegu landnámsshænsnasýningu í hlöðu Halldórsfjós. Ullarselskonur nýttu einnig hlöðuna til að sýna verk sín.



Húsdýrin á Hvanneyrarhátíð vöktu mikla lukku hjá öllum aldurshópum. Í baksýn má sjá Hvanneyrarengrar.

lögð á íslenskt handverk, íslenskt hugvit og vörur beint frá býli.

Í mörg horn að líta

Álfheiður Sverrisdóttir, ein af skipuleggjendum hátíðarinnar, sagði í samtali við Bændablaðið að það væri í fjölmörg horn að líta þegar kæmi að því að halda svona bæjarhátíð

„Enn og aftur sannast hversu mikill kraftur er í samfélaginu hér

á Hvanneyri því hátíðin er nánast öll undirbúin í sjálfboðavinnu. Það er nefnilega þannig að enginn getur gert allt en allir geta gert eitthvað og saman getum við gert heilan helling. Við erum virkilega ánægð með þennan frábæra dag og við viljum þakka öllum sem lögðu hönd á plög kærlega fyrir og einnig þeim sem lögðu leið sína til okkar á Hvanneyrarhátíð 2017,“ segir Álfheiður. /VH



Hönnunarvinna hefur tekið sérstaklega mið af því að húsið falli sem best að umhverfi sínu en nýti um leið þá einstöku umgjörð og staðsetningu til góðrar upplifunar gesta.

KEA reisir stærsta hótél Akureyrar

KEA fjárfestingarfélag hefur tekið ákvörðun um að hefja byggingu hótels við Hafnarstræti 80 á Akureyri, eða á svokallaðri Umferðarmiðstöðvarlóð.

KEA keypti lóðina fyrir um tveimur árum en síðan þá hefur verið unnið að breytingum á skipulagi lóðarinnar svo af byggingu hótels geti orðið. Til stendur að reisa þar 150 herbergja hótél en það mun skýrast síðar undir hvaða vörumerki hótelið mun starfa. Um er að ræða stærsta hótelið sem verður starfrækt á Akureyri sem og reyndar á Norðurlandi öllu.

Sterk ásjón í bæjarmyndinni

Hönnunarvinna er komin vel af stað en hún er krefjandi verkefni þar sem um er að ræða hús sem mun hafa sterka ásjón í bæjarmynd Akureyrar um ókomna tíð. Hönnunarvinna hefur tekið sérstaklega mið af því að húsið falli sem best að umhverfi sínu en nýti um leið þá einstöku umgjörð og staðsetningu til góðrar upplifunar gesta.

Reiknað er með að framkvæmdatími verði um tvö ár og er stefnt að opnun á vormánuðum 2019. Það er AVH á Akureyri sem hannar hótelið og liggja frumdrög að hönnun nú þegar fyrir.

Halldór Jóhannsson, framkvæmdastjóri KEA, segir á vefsíðu KEA að þarna verði um að ræða hótél með mikla möguleika vegna einstakrar staðsetningar þess. Þörf sé á fleiri hótélum á Akureyri vegna síaukins fjölda ferðamanna og telja menn að áður en langt um líður verði áhugi fyrir Norðausturlandi sem heilsársáfangastað meiri en áður, enda margt áhugavert að skoða og uppfylla á þessu svæði árið um kring.

Það er markmið KEA að þarna verði byggt af metnaði þannig að hótelið verði til sóma hvað útlit varðar sem og það hafi góða skírskotun í nærumhverfi sitt.

/MPP

Landsvirkjun:

Vatnsbúskapur með besta móti

Horfur í vatnsbúskap Landsvirkjunar hafa verið endurmetnar nú þegar tími vorleysinga er liðinn. Niðurstaðan er að horfur eru góðar og engin þörf á takmörkun afhendingar á raforku er fyrirsjáanleg.

Það sem af er þessu vatnsári hefur tíðin verið mjög hagfelld rekstri miðlana og staða þeirra var einstaklega góð í byrjun júlí. Heildarinnihald miðlana nemur 72% af hámarksfyllingu.

Fram kemur í frétt á vef Landsvirkjunar að örliðið vantaði upp á að Þórisvatn fyllist. Gert er ráð fyrir að Blöndulón fyllist í lok júlí og Háslón á svipuðum tíma, en tímasetning fyllingar ræðst fyrst og fremst af jökulbráðnun, sem ekki var hafin á fystu dögum júlímánaðar.

/MPP

Umhverfismál:

Burðarplastpokalaus Borgarbyggð

Sveitarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt að dregið skuli úr notkun á einnota burðarplastpokum í sveitarfélaginu.

Í tilkynningu frá Borgarbyggð segir að svo að verkefnið sé vænlegt til árangurs skipti aðkoma fyrirtækja í sveitarfélaginu lykilmáli. Sér í lagi fyrirtækja sem afhenda kaupendum vörur í poka.

Undanfarið hafa fulltrúar Borgarbyggðar heimsótt vel flest fyrirtæki í sveitarfélaginu til að kynna verkefnið og hafa viðtökur verið mjög góðar. Í heimsóknunum kom í ljós að nokkur fyrirtæki í sveitarfélaginu hafa þegar hætt allri notkun burðarplastpoka og mörg hafa dregið



Undanfarin misseri hefur umræðan um skaðsemi plastics verið áberandi og merkja má greinilega vitundarvakningu meðal almennings.

úr notkun þeirra og stefna að stærri skrefum í átt að plastpokaleysi.

Í frétt á heimasíðu Borgarbyggðar segir að þar sem eðli reksturs sé misjafnt er lagt til að hvert og eitt fyrirtæki taki þau skref sem þau treysta sér til og tileinki sér lausnir sem henta hverju og einu.

Undanfarin misseri hefur umræðan um skaðsemi plastics verið áberandi og merkja má greinilega vitundarvakningu meðal almennings. Áætlað er að ýta verkefninu Burðarplastpokalaus Borgarbyggð úr vör á haustdögum og verður það kynnt nánar þegar nær dregur.

/VH



Úrval efnis til girðingarvinnu og heyskapar

Girðingarvinna

Erum með eitt mesta úrval landsins af girðingarefni. Staura, net, gaddavír, þanvír, þræði, borða, þráðspólur, jarðleiðslur, rafgirðingarspennar og margt fleira.



Heyskapur

Erum með gott úrval af rúlluplasti, stæðuplasti, neti og garni.



Næring fyrir heyfeng

Advance íblöndunarefnið bæta verkun heyfengsins.



LÍFLAND
Stofnað 1917

Sala og ráðgjöf
Sími 540 1100

www.lifland.is
lifland@lifland.is

Reykjavík
Lynghálsl

Akureyri
Óseyri

Borgarnes
Borgarbraut

Blönduós
Efstubraut

Hvolsvöllur
Ormsvöllur

Hafðu samband við sölumenn okkar og fáðu verðtilboð.



Þýska hestakonan Ullu Becker þeysti þver Bandaríkin á íslenskum hestum árið 1976:

Þegar lífið snýst um töltandi furðuveru

—Brautryðjandi fyrir íslenska hestinn í Þýskalandi telur frekari útbreiðslu hestakynsins liggja beint við

Guðrún Hulda Pálsdóttir
 gudrun.hulda.palsdottir@gmail.com



Ævintýralegt lífshlaup Ullu Becker hverfist um íslenska hestinn. Hún þeysti Bandaríkin þver á töltandi fákum á sjöunda áratugnum og var brautryðjandi fyrir útbreiðslu hestakynsins í Þýskalandi.

Þýska hestakonan Ullu Becker var stödd hér á landi til að skoða nýjasta ferfætlinginn sinn. Hún kemur reglulega til Íslands enda á hún hér stóran hóp af vinum og nokkur hross. Ullu er í dag á áttræðisaldri en íslenski hesturinn hefur skipað stærsta sess í lífi hennar í yfir 60 ár.

Þann 29. september 1959 steig Ullu Becker fyrst á bak íslenskum hesti. Hún var þá ungur blaðamaður sem fyrir tilviljun hafði heyrt af litlu úfnu hestakyni. Hún var vön stórum hestum en komst þarna í tengsl við skepnu sem átti eftir að verða stærsti áhrifavaldur í lífi hennar.

„Þarna vissi ég ekkert um tölt en þessi hestur tölti undir mér. Tilfinningin var stórkostleg en afar skritin.“

Þann sama dag hittu Ullu verðandi eiginmann sinn, Claus Becker, en hann annaðist þennan íslenska hest. Claus var vinur Gunnars Bjarnasonar hrossaræktarráðunauts, sem hann kynntist gegnum rithöfundinn og hestakonuna Ursulu Bruns.

Það var einmitt vegna vinskapar þeirra Gunnars og Ursulu að íslenskir hestar voru fyrst fluttir til Þýskalands á sjötta áratug síðustu aldar. Þeir voru ferjaðir á meginlandið til að leika hlutverk í kvikmyndinni *Die Mädel vom Immenhof*, sem byggð var á bók eftir Ursulu. *Immenhof* myndirnar, sem margir hestamenn þekkja, ruddu brautina fyrir íslenska hestinn og Íslandshestamennsku í Þýskalandi og varla er til sá þýski hestamaður sem ekki hefur orðið fyrir áhrifum þeirra.

Gæfuspor Gunnars

Samstarf Claus og Gunnars Bjarnasonar um innflutning og kynningu íslenskra hesta á meginlandinu hófst árið 1955 en tók stakkaskiptum á sjöunda áratugnum þegar ágæti þessa litla fjölhæfa hestakyns spurðist út.

Claus og Ullu bjuggu þá og ráku hrossa- og nautabú í Saarland, sem þá var ekki hluti af Þýskalandi.

„Á þessum tíma voru engir smáhestar í Saarland og því vakti það athygli þegar við kynntum íslenska hestinn til sögunnar. Við vorum þegar kunnir reiðmenn á stærri hestakynjum og fólki þótti því eftirtektarvert að sjá okkur í útreiðartúr á þessum litlu furðuverum. Það heillaðist af gangtegunum og hvernig hestarnir hreyfdu sig. Þá þótti, og þykir enn, karakterinn líflegur og öðruvísi en við vorum vön í stóru hestakynjunum. Íslenskir hestar eru bara svo skemmtilegir. Það var ástæðan fyrir að við heilluðumst, og aðrir með,“ segir Ullu.

Í árána rás jókst aðdáendahópur íslenska hestsins í Þýskalandi og eigendum þeirra fjölgaði jafnt og þétt. Hún segir hafa verið auðvelt að koma þeim á framferi. Hróður hestsins hafi borist hratt og víða og að á áttunda áratugnum hafi útbreiðsla þeirra og fjöldi verið svo til sjálfbær.

Í dag eru tæp 52.000 lifandi íslensk hross í Þýskalandi, samkvæmt WorldFeng, upprunarættbók íslenska hestsins. Það er rúm 19% af stofninum og fer þeim enn fjölgandi. Íslenski hesturinn er auk þess orðið



Ullu steig fyrst á bak íslenskum hesti þann 29. september árið 1959, þá sem ungur blaðamaður. Síðan þá hefur líf hennar snúist um íslenska hestinn.



Kappreiðin var þriggja mánaða langt og strangt ferðalag. Þolgæði og dugur íslensku hestanna vakti athygli viðs vegar og markar þáttaka þeirra upphaf að útbreiðslu íslenska hestakynsins í Bandaríkjunum.



Ullu og Claus ráku í mörg ár reiðskóla fyrir börn með íslenskum hestum. Útbreiðsla hestakynsins í Þýskalandi hefur vaxið stöðugt og í dag er íslenski hesturinn stærsta smáhestakyn þar í landi og vinsæll fjölskylduhestur.

næststærsta hestakyn í landinu, og stærsta smáhestakynið.

Kappreiðin mikla

Spólum aftur til áttunda áratugarins. Íslandshestaheimurinn á meginlandinu var orðinn það stór að Evrópumót báru sig, en þó huggulega litill. „Ég þekkti hvern hest og hvern hestamann frá Danmörku til Ítalíu,“ segir Ullu.

Fyrsta Evrópumótið var haldið árið 1970 í Þýskalandi. Árið 1973 var það haldið í annað sinn, og þá í

Sviss. Ullu mætti til að fylgjast með. „Ég sat á áhorfendabekkjum og horfði. Amerísk kona, sem sat við hliðina á mér, fer að spyrja mig út í gangtegunirnar, hvernig keppnin væri dæmd og svo framvegis. Upp úr þessu þróaðist gott samtal. Eftir mótið héldum við sambandi og höfum verið vinkonur síðan,“ segir Ullu. Konan er Linda Tellington-Jones, þekktur hestahvísilari.

Linda reyndist mikill áhrifavaldur í lífi Ullu og fyrir Íslandshestamennskuna í vestri. „Haustið 1975 sagði Linda mér frá



Ullu á stóðhestinum Hrappi frá Garðsauka sem fluttur var frá Íslandi til Þýskalands 1964 og er ættfaðir margra hrossa í Þýskalandi. Ullu keppti á honum með góðum árangri á fyrsta Evrópumóti íslenska hestsins árið 1970.

kappreið sem átti að fara fram árið 1976 í tilefni af 200 ára afmæli Bandaríkjanna. Ríða átti þvert yfir Bandaríkin, frá austri til vesturs. Við Claus höfðum alltaf gaman af því að taka okkur eitthvað furðulegt fyrir hendur og fengum náttúrulega þá flugu í höfuðið að taka þátt í kappreiðinni á okkar íslensku hestum.“

Þetta gerðu þau og vorið 1976 voru tíu íslensk hross meðal 200 ferfætlinga sem lögðu upp í þriggja mánaða langa kappreið, *The Great American Horse Race*, frá New York til Sacramento, ásamt um 90 reiðmönnum. Íslenska

líðið var skipað Walter Feldmann jr., Johannesi Hoyos, Max Indehowr, Lothar Weiland ásamt Claus og Ullu. Hver reiðmaður var með tvo hesta til reiðar.

Þolgæðin komu öllum að óvörum

„Ég man að dýralæknar keppninnar höfðu ekki mikla trú á okkur á fyrstu dögum keppninnar. Þeir kenndu frekar í brjósti um okkur og sannfærðu okkur um að við fengjum að sitja í hjá þeim þegar hrossin okkar gæfust upp,“ segir Ullu.



The Great American Horse Race lauk í borginni Sacramento í Kaliforníu. Lið íslenska hestsins var það eina sem náði hverjum liðsfélaga á leiðarenda. Liðið var skipað Walter Feldmann Jr., Johannesi Hoyos, Max Indehowr, Lothar Weiland, ásamt hjónunum Claus og Ullu Becker. Hver reiðmaður var með tvo hesta til reiðar.



Það var fyrir tilstilli vinskapar Claus Beckers og Gunnars Bjarnasonar að íslensk hross voru flutt fyrst til Þýskalands til að leika í hinum víðfrægu Immenhof-myndum. Hér er Claus og hesturinn Asi í hindrunarstökki.

Fljótlega fóru þó að renna á þá tvær grímur. Úthald íslensku hrossanna komu aðstandendum keppinnar skemmtilega á óvart. „Einhvers staðar í kringum Missouri breyttist viðhorf þeirra. Þeim þótti mikið til þess koma að íslensku hestarnir væru alltaf, eftir hvern einasta dag, jafn hraustir og hamingjusamir, jafnandi á málunum og ekki úrvinda. Þeim þótti þetta eftirtektarvert og fóru að stilla þeim upp til sýnis fyrir áhorfendur,“ segir Ullu.

„Í miðri eyðimörk í Utah þurftum við að minnka við fódurgjöf til þeirra, því þeir voru byrjaðir að fitna úr hófi. Hlaupandi þetta 40–90 km á dag. Að hugsa sér. Þetta var undravert. Við vissum alltaf að við gætum öll klárað keppnina, en við áttuðum okkur ekki á því fyrr en þarna hvað íslenska hestakynið er í raun framúrskarandi. Við vorum eina liðið sem náðum öll á leiðarenda á vesturströndinni með bæði menn og hesta heilbrigða. Ekkert annað lið áorkaði það og fyrir okkur var það ákveðinn sigur.“

Að lokinni kappreið tóku þau þátt í fleiri viðburðum þar vestra, sumir fóru í 100 mílna kappreið um Virginia city og stóðu sig með þrýði. Íslenskur stóðhestur, Hrapsson, stóð uppi sem sigurvegari á stóðhestasýningu keppinnar. „Það var í fyrsta og eina sinn í sögunni sem arabískur hestur vannur ekki,“ segir Ullu og bætir við að verðlaunagripur Hrapssonar sé staðsettur á Bessastöðum.

Stal hatti dýralæknisins

The Great American Horse Race markar einnig upphaf íslenska hestsins í Ameríku, því nokkrir fákar liðsins urðu eftir í Bandaríkjunum og urðu ættfedur íslenskra hesta vestra. En tæplega 5.000 íslensk hross eru nú í Bandaríkjunum.

Önnur íslensk hross úr keppninni fengu önnur mikilvæg hlutverk í Bandaríkjunum.

„Annar af mínum hestum, Tvistur,

varð eftir. Hjón sem ráku heimili fyrir langveik munaðarlaus börn keyptu hann heimilismönnum til mikillar gleði. Það var góður staður fyrir Tvist því hann var einn af þessum hestum sem vildu alltaf leika sér. Ég var til að mynda löngu búin að gefast upp á að hafa hann í lokaðri girðingu, leyfði honum bara að ráfa um búgarðinn frjálsum eins og hundi. Hann tók einnig upp á því að stela ýmsu handhægu, til að mynda yfirbreiðslum og heilum sekkjum af föðri. Það skemmtilegasta var þó þegar hann hnuplaði hattinum af yfirdýralækninum í Saaland og hljóp í burtu með hann.“

Heimsútbreiðsla möguleg

Þrátt fyrir sterka stöðu íslenska hestsins í Þýskalandi telur Ullu að áhrif frá Íslandi séu nauðsynleg. „Ég hefði kannski ekki sagt það fyrir 10 árum, en í dag er ég á þeirri skoðun að við þurfum enn á Íslandi að halda þegar kemur að kynbótum. Sérstaklega ef við ætlum að breyta einhverju í kyninu. Það virðist vera auðveldara að ná fram breytingum á Íslandi en í öllum öðrum löndum.“

Hún tekur dæmi. „Þegar Íslendingar ákváðu að gera eitthvað varðandi geðslag þá gengu þeir í verkið. Þeir gera það með úrvali, skera niður það sem ekki stenst kröfur. Ég kann að meta það við íslenska hestabændur. Annars staðar er oft of fast haldið í hvern einstakling og það stuðlar ekki að jafn hraðri framþróun. Af þessari ástæðu er æskilegt fyrir okkur að fá einstaklinga frá Íslandi til að bæta kynið,“ segir Ullu.

Í dag er hægt að finna íslenska hesta í um 40 löndum heims, m.a. á Filippseyjum, Oman og Ástralíu. Ullu telur frekari útbreiðslu hestakynsins liggja beint við. „Þeir geta augljóslega plumað sig í öllum umhverfisáðstæðum. Ég tel alla möguleika á því að íslenski hesturinn geti orðið þekktur um allan heim,“ segir Ullu Becker.

„Íslenskir hestar eru bara svo skemmtilegir. Það var ástæðan fyrir að við heilluðumst, og aðrir með,“ segir Ullu sem hér situr einn af Hrapssonum.



Ullu í sólarlaginu í eyðimörk Utah-ríkis ásamt reiðskjótum sínum árið 1976.



GOTT VERÐ Á FJÓRHJÓLUM

ÞEKKT MERKI MEÐ YFIR 50 ÁRA FARSÆLA SÖGU



ARCTIC CAT TRV 550 - kr. 1.689.000,-
ARCTIC CAT TRV 700 - kr. 1.960.000,-
Á hvítum númerum. Verð með vsk.

ARCTIC SPORT

Miðhrauni 13 - 210 Garðabæ - Sími 578-0820 - arcticsport.is

ARCTIC CAT
 SHARE OUR PASSION™

Formlegt mat hefur verið lagt á umhverfisáhrif framkvæmda í rúm 20 ár:

Áhrif almennings grundvallarstef

– Forstjóri Skipulagsstofnunar telur brýnt að breyta gildistíma mats á umhverfisáhrifum

Lagt hefur verið mat á umhverfisáhrif framkvæmda í rúm 20 ár. Áhugi fólks á þessu viðtæka ferli hefur aukist mikið á undanförunum árum. Það má meðal annars merkja af ágreiningsmálum um rafliður sem hafa ratað fyrir dómstóla. Það sýndi sig líka í liflegum umræðum á vel sóttu málþingi um umhverfismat sem Skipulagsstofnun stóð fyrir í byrjun júní. Ásdís Hlökk Theodórsdóttir, forstjóri Skipulagsstofnunar, settist niður með blaðakonu Bændablaðsins í tilefni viðburðarins.

Mat á umhverfisáhrifum er lögbundið ferli sem á að tryggja að áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmd, sem kann að hafa umtalsverð umhverfisáhrif, fari fram mat á fyrirsetum áhrifum viðkomandi framkvæmdar. Markmið með þessu ferli er að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og stuðla að samvinnu þeirra aðila sem láta sig viðkomandi framkvæmdir varða.

Eitt grundvallarstef ferlisins er að kynna almenningi umhverfisáhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar og mótvægisáðgerðir vegna þeirra og gefa almenningi kost á að koma athugasemdum og afstöðu á framfæri áður en endanleg ákvörðun er tekin og ráðist er í framkvæmdina.

Fyrst voru sett lög um mat á umhverfisáhrifum hér á landi árið 1993. Þau fólu í sér innleiðingu á tilskipun Evrópusambandsins samhliða því að Ísland gerðist aðili að Evrópska efnahagssvæðinu. Formlegt mat á umhverfisáhrifum á sér annars uppruna í Bandaríkjunum um 1970 og er afsprengi aukinnar meðvitundar um áhrif athafna mannsins á umhverfið á þeim tíma. Síðan þá hafa nær öll ríki heims innleitt löggjöf um umhverfismat áður en ákvarðanir eru teknar um stórar framkvæmdir.

Aukin áhersla á samfélagslega þætti

Mikið vatn hefur runnið til sjávar á þeim árum sem mat á umhverfisáhrifum hefur verið framkvæmt hérlandis og umhverfismatið er áfram í stöðugri þróun. Skipulagsstofnun sér um framkvæmd laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, auk skipulagslaga, en hjá stofnuninni starfa rúmlega 20 manns. Ásdís Hlökk Theodórsdóttir skipulagsfræðingur er forstjóri stofnunarinnar. Hún segir að viðfangsefni umhverfismatsins hafi víkkað út í árána rás.

„Við lærum af reynslunni og fáum jafnframt haldbetri upplýsingar til að byggja umhverfismat og ákvarðanir eftir því sem tíminn líður. Einnig hefur sjónarhornið víkkað. Upphaflega var fókusinn meira á bein staðbundin áhrif einstakra framkvæmda á náttúruna, þar sem leitað var svara við spurningum á borð við: Rýrnar gróðurfar? Hverfa búsvæði fugla? Þornar votlendi? Verður bein loftmengun eða hljóðmengun? Þróunin, hérlandis og erlendis, hefur verið sú að viðfangsefni umhverfismatsins hefur orðið viðtækara. Nú er mat á ýmsum samfélagslegum áhrifum sjálfsagður hluti umhverfismats, ásamt mati á áhrifum á ásýnd og landslag,“ segir hún. Þá er einnig lögð meiri áhersla á að meta samlegðaráhrif fleiri en einnar framkvæmdar á umhverfið.

Samanburður ólíkra valkosta

Upphaflegu lög frá 1993 fjalla um mat á umhverfisáhrifum einstakra framkvæmda en árið 2006 voru jafnframt sett lög um umhverfismat áætlana, en samkvæmt þeim eiga aðal-, deili- og svæðisskipulag og ýmsar áætlanir sem ríkið vinnur á landsvísi, svo sem samgönguáætlun,



Rafliður á Hellsisheiði.

Mynd / HKr.



Ásdís Hlökk Theodórsdóttir, forstjóri Skipulagsstofnunar.

rammaáætlun og kerfisáætlun einnig að undirgangast umhverfismat. Slíkt mat er þó almennt ekki eins ítarlegt og umhverfismat fyrir einstakar framkvæmdir, en gefur í staðinn betri möguleika á að fjalla viðtækar um umhverfisáhrif sem margar framkvæmdir eða athafnir kunna að hafa, þegar þær eru skoðaðar saman.

„Slíkar áætlanir innihalda oft ekki eins nákvæmlega útfærð áform um uppbyggingu á einstökum stöðum, heldur hafa þær frekar að geyma almennari stefnu til langs tíma. En að sama skapi er mikilvægt að umhverfisáhrifum sé gefinn gaumur í skipulagsvinnunni. Það er meðal annars gert með því að bera saman umhverfisáhrif mismunandi uppbyggingarkosta. Þannig er skoðað hvaða áhrif það myndi hafa að byggja upp hverfi með einum eða öðrum hætti, hvort vænlegra væri að hafa byggð þéttari, gisnari, blandaðri eða einsleitari, hvaða áhrif það getur haft á samfélag, náttúrufer, hljóðmengun og svo framvegis,“ segir Ásdís Hlökk.

„Við slíkan valkostasamanburð er hægt að bera saman umhverfisáhrif af ólíkri legu eða staðsetningu mannvirkja, eða ólíkar útfærslur á framkvæmdum,“ segir Ásdís Hlökk.

Þátttaka almennings mikilvæg

Stór þáttur umhverfismats er þátttaka almennings í ferlinu. Á nokkrum stigum umhverfismatsferlisins geta allir þeir, sem láta sig tiltekna framkvæmd varða, komið athugasemdum og afstöðu sinni á framfæri til framkvæmdaraðila eða Skipulagsstofnunar í gegnum lögbundið kynningarferli.

Fyrst þegar tillaga að matsáætlun er kynnt af framkvæmdaraðila og Skipulagsstofnun, en hún inniheldur í raun verklýsingu framkvæmdaraðila

á því hvernig hann hyggst standa að umhverfismati framkvæmdarinnar, svo sem hvaða þættir í umhverfinu verða skoðaðir, á hvaða gögnum verður byggt og hvernig hagað verður kynningu og samráði í umhverfismatsferlinu.

Síðan gefst almenningi kostur á að kynna sér framkvæmdina og umhverfismat hennar og gera athugasemdir þegar Skipulagsstofnun auglýsir til kynningar frummatsskýrslu framkvæmdaraðila. Þá er gefinn sex vikna frestur til að koma athugasemdum á framfæri.

Þær athugasemdir og ábendingar sem berast frá almenningi eru síðan yfirfarnar bæði af framkvæmdaraðila og Skipulagsstofnun og tekin afstaða til þess sem þar kemur fram.

Þegar umhverfismatsferlinu er lokið sækir framkvæmdaraðilinn um leyfi fyrir framkvæmdinni hjá viðkomandi sveitarfélagi og öðrum leyfisveitendum. Þegar framkvæmdaleyfi hefur verið gefið út hafa frjáls félagsamtök og aðilar með lögvarða hagsmuni rétt á að kæra það til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Innt eftir virkni almennings segir Ásdís Hlökk hann almennt sýnilegan og virkan í umhverfismati. Hún telur kerfið vera þannig úr garði gert að almenningur hafi sannanleg tækifæri til að hafa áhrif, öll gögn umhverfismatsins séu opinber og aðgengileg, afstaða sé tekin til allra athugasemda og umhverfismatsferlinu ljúki með rökstuddri niðurstöðu.

„Nágrannar eða aðrir sem hafa hagsmuni í grennd við þá framkvæmd sem er áformuð nýta sér iðulega tækifæri til að senda inn athugasemdir eða koma með einhverjum hætti að undirbúningi framkvæmda. Hinn almenni borgari er þó kannski ekki að öllu jöfnu að fylgjast með

umhverfismati, mæta á fundi og skrifa bréf. Oft gerist þetta í gegnum þátttöku frjálsra félagsamtaka, umhverfisverndarsamtaka eða annarra hagsmunasamtaka. Því miður eru einnig dæmi þess að mál fara fram hjá fólki eða það hefur ekki séð ástæðu til að setja sig inn í mál eða beita sér í ferlinu en áttar sig svo á því þegar að framkvæmdum er komið að það hefur eitthvað fram að færa eða er jafnvel andsnúið framkvæmdaáformunum. Við munum sennilega aldrei komast hjá því að það gerist. Við erum í mikilli samkeppni um tíma og athygli fólks og fjölmiðla. Sumt nær hreinlega ekki eyrum eða athygli fólks, kynningar fara fram hjá því og fólk heyrir ekki af málum,“ bendir Ásdís Hlökk á.

Krefjandi að ná til fólks

Í reynd er það ein af áskorunum skipulagsmála og umhverfismats nú. „Þegar ég byrjaði að vinna í þessum bransa voru gefin út dagblöð sem voru keypt inn á nær hvert heimili í landinu. Ef þú ætlaðir að koma opinberri tilkynningu eða auglýsingu á framfæri þá auglýstir þú í dagblöðum. Í dag eru vissulega gefin út dagblöð, en þau sjá ekki allir. Þegar ég var krakki var líka bara ein sjónvarpsstöð og ekki annað í boði en það sem við köllum í dag línuleg dagskrá. Nú eru breyttir tímar. Það gerir að verum að það er í senn snúnara og einfaldara að ná til fólks. Það eru til fjölbreyttari og að mörgu leyti skemmtilegri leiðir til að setja saman kynningarefni og koma á framfæri upplýsingum, en það er á sama tíma ekki hægt að ná til allra með einum miðli og samkeppnin um tíma og athygli fólks er hörð.“

Úrræði við brotum

Undanfarnin misseri hefur mat á umhverfisáhrifum verið mikið til umfjöllunar í fjölmiðlum í tengslum við kærur og dómsmál. Þar hafa umhverfisverndarsamtök og einstaklingar látið reyna á tiltekin álitamál. Ásdís Hlökk segir að niðurstöður úrskurða og dóma undanfarið hafi skýrt ákveðin atriði sem ríkt hafi óvissa og ágreiningur um. Stundum þurfi niðurstöður úrskurða og dóma til að skýra hvernig beri að túlka tiltekin lagaákvæði.

Hún segir lög og ferlið ávallt í þróun en mikilvægt sé að yfirfara þau reglulega. Nú sé til dæmis starfshópur skipaður af umhverfis- og auðlindaráðherra að vinna að breytingum á lögum á mati á umhverfisáhrifum. Viðfangsefni starfshópsins sé meðal annars að gera

tillögur að því hvernig breytingar sem gerðar hafa verið á tilskipun Evrópusambandsins um mat á umhverfisáhrifum skuli innleiddar í lög hér á landi.

Meðal þess sem Ásdís Hlökk telur mest aðkallandi í þeirri vinnu er að að endurskoða ákvæði um gildistíma umhverfismatsins. „Eins og lög eru úr garði gerð í dag er gengið út frá því að eftir að umhverfismat hefur farið fram þá geti það dregist í allt að tíu ár að veita framkvæmdaleyfi. Allan þann tíma sé umhverfismatið enn fullnægjandi grundvöllur til að byggja leyfið á. Það hefur hins vegar itrekað sýnt sig að þetta er ekki raunhæfur tímarammi. Forsendur geta breyst það mikið á innan við 10 árum að það þurfi að umhverfismeta framkvæmdir að nýju til þess að geta undirbúið fullnægjandi leyfisveitingu. Það hefur til dæmis sýnt sig í rafliðumálum,“ segir Ásdís Hlökk. Hins vegar sé ákveðin kúnt að útfæra slík lagaákvæði.

„Við verðum að sjá til þess að kerfið í heild sé skilvirkt. Umhverfismatið þarf að tryggja verndun umhverfisins, sjá til þess að það fari fram fullnægjandi athaganir á því hvaða áhrif framkvæmdin mun hafa. Á sama tíma þarf að hafa umgjörð um leyfisveitingar og undirbúning framkvæmda sem virkar. Framkvæmdaraðili sem undirbýr tiltekna framkvæmd, og leggur í það tíma og kostnað, þarf líka að búa við ákveðna vissu og fyrirsjáanleika um undirbúningsferli framkvæmdarinnar. Þarna þarf að finna jafnvægi. En ég held að allir séu sammála um að þetta 10 ára mark þarf að endurskoða.“

Af öðrum breytingum sem gera þarf á lögum um mat á umhverfisáhrifum er innleiðing úrræða ef ákvæði laganna hafa verið brotin, en engin slík úrræði eru tilgreind í núgildandi lögum.

„Þau lögbrot sem geta komið upp í umhverfismatinu eru, sem dæmi, að framkvæmdaraðili sinnir því ekki að vinna umhverfismat vegna framkvæmdar. Hann getur einnig gefið rangar eða villandi upplýsingar í frummatsskýrslu um framkvæmdina og umhverfisáhrif hennar. Tilskipunin gerir kröfu um að slík úrræði séu innleidd hér á landi og ég tel jafnframt fullt tilefni til að gera það,“ segir Ásdís Hlökk.

Skýr samhljómur

Skipulagsstofnun stóð fyrir umhverfismatsdeginum í byrjun mánaðarinnar í Norræna húsinu. Umhverfismatsdagurinn er árlegt málþing þar sem rætt er um ýmsar hlíðar umhverfismats. Dagurinn var að þessu sinni helgaður nýjum áskorunum og aðferðum á sviði umhverfismats. Fullt var í salnum á málþinginu og ljóst að margir láta sig þetta viðamikla ferli varða. Liflegar umræður sköpuðust milli erinda þar sem aðilar, sem koma með ólíkum hætti að umhverfismati, víðruðu ólík sjónarmið.

Ásdís Hlökk segir hafa verið skýran samhljóm meðal þátttakenda. „Það er mikill samhljómur um að fá sem flesta að, með ólík sjónarmið, eins snemma í umhverfismatsferlinu og kostur er og að nýta umhverfismatið til að bera saman ólíka framkvæmdakosti. Það er mikils virði að ólík sjónarmið og hugmyndir komi fram sem fyrst í undirbúningsferli framkvæmda. Það getur varðað ábendingar um hvaða umhverfisáhrif þarf að skoða, því það sker úr um hvaða gagna þarf að afla í ferlinu. Einnig geta komið fram þarfar ábendingar um aðstæður á framkvæmdasvæðinu, hverja er tilefni til að kalla til og hvaða valkosti þarf að skoða.“ /gfp

SUMARTILBOÐ

10% sumarafsláttur af öllum GARÐHÚSUM

og Sky15-3 og Sky15-44 gestahúsum af verðnum á heimasíðunni okkar www.volundarhus.is



44 mm bjálki / Tvöföld nótun

GARÐHÚS 14,5 m²


50% afsláttur af flutningi á GARÐHÚSUM og GESTAHÚSUM á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

GESTAHÚS og GARÐHÚS sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri GESTAHÚS og GARÐHÚS á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar volundarhus.is og í síma 864-2400.

volundarhus.is · Sími 864-2400




GARÐHÚS 4,4m²



GARÐHÚS 4,7m²



GARÐHÚS 9,9 m² án gólfs



GARÐHÚS 9,7m²

www.volundarhus.is

EYJALIND

Sæti og varahlutir í

- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta



Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Bændablaðið

á bbl.is og líka á Facebook

Smáauglýsingar 56-30-300

ALTERNATORAR & STARTARAR

ÞJÓNUSTA Í 60 ÁR 1957-2017

Í FOLKSBIÐLA, JEPPA, VÖRUBÍLA OG VINNUVÉLAR



Bíldshöfði 14, 110 Reykjavík
Sími: 553 1244
ljusboginn@ljusboginn.is
www.ljusboginn.is



Sláturhús Vesturlands, Borgarnesi

Óskar eftir samstarfsaðila

Sláturhús Vesturlands óskar eftir samstarfsaðila sem er tilbúinn að taka að sér rekstur sláturhússins.

Öll leyfi eru til staðar, ásamt tólum og tækjum.



Frekari upplýsingar veitir: **JSP- viðskiptastofa** jonsavar@simnet.is

Útvegum varahluti í flestar gerðir traktora og vinnuvéla. Einnig olíuverk í flestar gerðir bíla og tækja.



Við sérhæfum okkur í JCB, Hydrema, Iveco, New Holland, Case og nú:



Vélavit

Sala - Þjónusta
S: 5272600 - www.velavit.is

Sími: 527 2600

Vélavit

Husqvarna – Steinsagir, kjarnaborvélar, gólf- og vegsagir



HUSQVARNA FS 400 LV
Sögunardýpt 16,5 sm

HUSQVARNA K 760
Sögunardýpt 12,5 sm

HUSQVARNA K 3600 MK II
Sögunardýpt 27 sm

HUSQVARNA K 2500
Sögunardýpt 14,5 sm

HUSQVARNA DM 230

HUSQVARNA Steinsagarblöð og kjarnaborar

MHG VERSLUN

ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN

MHG Verslun ehf | Akralind 4 | 201 Kópavogi | Sími 544-4656 | www.mhg.is



Samsetning dráttarvélanna fer fram á færíbandi og til að spara starfsmönnum við færíbandið sporin standa þeir einnig á færíbandi við samsetninguna.

Mynd / Deutz-Fahr.

Heimsókn í Deutz-Fahr land:

Ein fullkomnasta dráttarvélaverksmiðja í heimi

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



Í upphafi árs 2017 tók þýski dráttarvélafra­meiðandinn Deutz-Fahr í notkun nýja dráttarvélaverksmiðju í Lauingen í Þýskalandi. Verksmiðjan er líklega fullkomnasta dráttarvélaverksmiðja í heimi í dag.

Móðurfyrirtæki Deutz-Fahr nefnist SDF og er með höfuðstöðvar á Ítalíu. SDF er stórveldi á dráttarvélamarkaði því auk Deutz-Fahr framleiðir fyrirtækið Sane, Lamborghini Trattori, Hürlimann, Grégoire og Shu-He dráttarvélar. Að

verksmiðjunni í Lauingen meðtaldri rekur SDF átta dráttarvélaverksmiðjur. Verksmiðjurnar eru á Ítalíu, í Frakklandi, Króatíu, Tyrklandi, Indlandi og tvær eru í Kína. Starfsmenn samsteypunnar eru 4.100 og söluaðilar yfir 3.000. Velta SDF árið 2016 var 1,366 milljón evrur, eða um 160 milljarðar íslenskra króna.

Umboðsaðilar SDF í heiminum eru 143. Þór hf. er umboðsaðili Deutz-Fahr á Íslandi.

Lodovico Bussolati, stjórnarformaður SDF, sagði á kynningarfundinum vegna opunar verksmiðjunnar í Lauingen að hún markaði tímamót í rekstri Deutz-Fahr og styrkti rekstur fyrirtækisins til framtíðar.



Thomas Hahme aðstoðarsölufulltrúi Deutz-Fahr í Evrópu.

Mynd / VH.

Verksmiðjan í Lauingen

Nýja Deutz-Fahr verksmiðjan er 42.000 fermetrar að flatarmáli en alls er helgunarsvæði hennar með lager, geymslusvæði, sýningarsal, safni og bílastæðum 150.000 fermetrar.

Undirbúningur og bygging verksmiðjunnar og tengdra bygginga hófst 2013 og tók þrjú ár og kostaði 90 milljón evra og er stærsta einstaka fjárfesting Deutz-Fahr til þessa.

Fyrsta dráttarvélín ok úr húsi í janúar síðastliðinn. Verksmiðjunni er aðalleg ætlað að framleiða stærri týpur Deutz-Fahr, hina nýju Series 6, 7 og 9, og einnig nýja og enn óflugri dráttarvél sem mun væntanlega vera sett á markað á næsta ári. Einnig mun verksmiðjan í framtíðinni sjá um samsetningu á stærri gerðum Lamborghini dráttarvéla.

Gert er ráð fyrir að verksmiðjan í Lauingen framleiði um fjögur þúsund dráttarvélar á þessu ári en að þær verði hátt í níu þúsund þegar fullri afkastagetu er náð.


Tæknilega fullkominn

Frá upphafi var ákveðið að verksmiðjan skyldi vera eins tæknilega fullkomin og eins umhverfisvæn og hægt er. Auk arkitekta og byggingarfræðinga starfaði teymi starfsfólks á plani við hönnun á vinnuádstöðu í samsetningarsal verksmiðjunnar og öðru starfsrými.

Til að þróa hugmyndir voru byggðir eins konar hermar fyrir hvern hluta verksmiðjunnar og þeir prófaðir og þróaðir með tækjabúnaði og starfsmönnum áður en endanleg útfærsla var ákveðin.

Um átta klukkustundir tekur að setja saman eina dráttarvél þar til hún fer í sprautun. Samsetning fer fram á færíbandi og til að spara starfsmönnum við færíbandið sporin standa þeir einnig á færíbandi við samsetninguna.

Á blaðamannafundi sem haldinn var í maí síðastliðnum í tengslum við opnun verksmiðjunnar kom fram



Dæmi um flækjustigið við að láta allt ganga upp við jafn flókna framleiðslu eins og að setja saman dráttarvél er að á lager verksmiðjunnar eru að jafnaði um 4.000 stórir hlutir og 25.000 litlir hlutir.

Mynd / Deutz-Fahr.



Eftir sprautun er hjólabúnaður dráttarvélna þolprófaður áður en þær eru sendar úr húsi. Mynd / Deutz-Fahr.



Dráttarvélnar frá Deutz-Fahr eru engin smásmíði enda sumar ríflega 200 hestöfl. Mynd / Deutz-Fahr.



Hátt í 150 blaðamenn víðs vegar að úr heiminum voru samankomnir vegna kynningar á nýju verksmiðjunni í Lauingen. Mynd / VH

að stjórn Deutz-Fahr hafði sett sér fimm meginmarkmið til grundvallar framleiðslunni.

- Allt skipulag skal miðast við að dráttarvélnar séu settar saman á færibandinu. Uppsetning á lager skal vera þannig að hann þjóni vinnunni á færibandinu.
- Gæði framleiðslunnar skulu tryggð með reglubundnu eftirliti gegnum allt framleiðsluferlið.
- Verkferlar skulu vera í samræmi sérhæfingu verkþátta.
- Skipulag framleiðslunnar og aðgangur að aðföngum henni

tengdri skal vera samhæfð.

- Tryggja skal að allur búnaður og verkfæri séu af bestu gerð til að tryggja skilvirki og gæði framleiðslunnar.

Flókið birgðahald og eftirlit

Dæmi um flækjustigið við að láta allt ganga upp við jafn flókna framleiðslu eins og að setja saman dráttarvél er að á lager verksmiðjunnar eru að jafnaði um 4.000 stórir hlutir og 25.000 litlir hlutir. Allir þessir hlutir verða að vera til staðar á réttum tíma meðan á samsetningu vélanna stendur á færibandinu.

Auk reglulegs eftirlits á



Deutz-Fahr dráttarvélaverksmiðjan í Lauingen er 42.000 fermetrar að stærð en alls er helgunarsvæði hennar með lager, geymslusvæði, sýningarsal, safni, skrifstofum og bílastæðum 150.000 fermetrar. Mynd / Deutz-Fahr.



Sýningarsalur, dráttarvélasafn og skrifstofurými Deutz-Fahr í Lauingen í Þýskalandi. Mynd / Deutz-Fahr.

Sýningarrými og safn

Í júní síðastliðinn var formlega tekið í notkun nýtt sýningarrými og dráttarvélasafn í tengslum við nýju verksmiðjuna í Lauingen. Gólfloitur sýningarrýmisins og safnsins er 3.800 fermetrar en alls er það 38.000 rúmmetrar enda hátt til lofts og vítt til veggja. Í sýningarrýminu er meðal annars kvikmyndasalur þar sem hægt er að horfa á kynningarefni um Deutz-Fahr dráttarvélar og sögu fyrirtækisins. Framan við sýningarrými er minjagripaverslun og leiksvæði fyrir börn og á efri hæð þess veitingahús, ráðstefnusalur, skrifstofur starfsmanna og kennslustofur. Fyrir utan sýningarrýmið er stórt svæði til æfinga- og reynsluaksturs dráttarvéla.

Dráttarvélasafnið

Á dráttarvélasafninu er hægt að skoða fjöldann allan af gömlum Deutz-Fahr dráttarvélum sem búið er að gera upp í upprunalega mynd. Dráttarvélnar eru flestar í eigu einkaaðila sem lána þær til safnsins tímabundið þannig að sýningin tekur sífelldum breytingum.

Elsti traktorinn sem var til sýnis í maí síðastliðum var jafnframt einn sá fyrsti sem fyrirtækið framleiddi, MTH 222 árgerð 1927.

Góð sala á Íslandi

Thomas Hahme, aðstoðarsölu-fulltrúi í Evrópu, sagði í samtali við Bændablaðið að markaðsstaða Deutz-Fahr á Íslandi væri góð og að markaðshlutfall Þórs hf., umboðsaðila fyrirtækisins, væri mjög gott og hefði verið það lengi.

„Markaðshlutfall Þórs á Íslandi var til dæmis það hæsta á Norðurlöndunum árið 2016.“

Árið 2016 seldust sextán Deutz-Fahr nýjar dráttarvélar á Íslandi, sem er um 10% af innflutum dráttarvéla þess árið og gert er ráð fyrir svipuðu markaðshlutfalli á ári.



Elsti traktorinn í dráttarvélasafni Deutz-Fahr er sömu gerðar og sá fyrsti sem fyrirtækið framleiddi, MTH 222 árgerð 1927. Mynd / Deutz-Fahr.

öllum stigum framleiðslunnar er vökvabúnaður vélanna prófaður sérstaklega áður en þær eru sprautaðar. Eftir sprautun er tölvubúnaður settur í vélarnar og hjólabúnaðurinn prófaður áður en þær eru sendar úr húsi.

Sprautaðir með róbótum


Sprautunarklefinn í verksmiðjunni er sá fullkomnasti sinnar gerðar í heiminum, hann er fullkomlega sjálfvirkur og kemur mannshöndin þar hvergi nærri. Klefinn er dýrasta einingin innan verksmiðjunnar og

kostaði einn og sér um 20 milljónir evra.

Framleiðandinn ábyrgist að eftir sprautun eigi málningin og undirlagið að þola stanslaust saltúðapróf í 720 klukkustundir en að lakk á venjulegum fólksbílum þoli slíkt próf í um 240 klukkustundir.

Heyra mátti á tali fulltrúa Deutz-Fahr að þeir væru einstaklega stoltir af sprautuklefanum því auk þess að vera tæknilega vel búinn er hann búin fullkomustu mengunarvarnar- og vatnshreinsunarbúnaði sem völ er á fyrir slíka klefa.

Ótrúlega ódýrar íslenskar hliðgrindur



Vélsmiðja Ingvars Guðna, Tanga, 801 Selfoss
Sími: 486-1810, Netfang: vig@vig.is
www.vig.is

DEKKJASALA AKUREYRAR **Úrval hjólbarða á betra verði**

Fólksbíla-, traktora-, vinnuvéla-, vagna-, jeppa-, og vörubíladekk í úrvali.

Vinnu- og dráttarvéladekk

Double Star vörubíladekk

20% **afsláttur af öllum dekkjum**

Double Star Jeppadekk 35x12,5x15

Ármann sími 896 8462 og Tryggvi 896 4124

MOTUL Smurþjónusta

Hjólbarðapjónusta - Smurþjónusta - Þrif á bílum - vönduð handverkfæri og fl. (Jason ehf.) Njarðarnesi 1 sími 460 4350

Gamli traktorinn



Mitsubishi – japanska kastaníutréd

Mitsubishi Agricultural Machinery Co., Ltd. (MAM) var stofnað sem deild í Mitsubishi Group árið 1980. Það er með höfuðstöðvar í Higashiizumo, Shimane í Japan.

Grunnurinn að fyrirtækinu var Mitsubishi zaibatsu sem stofnað var 1870 og starfaði til 1947 þegar því var lokað við hernám Japans. Upphaflega var fyrirtækið stofnað sem skipafélag af stofnananum Yatarō Iwasaki.

Kastaníutréd

Nafn fyrirtækisins er samsett úr tveim orðum „mitsu“, sem merkir tré og „hishi“ sem seinna breyttist í „bishi“ og merkir vatnakastanía. Þannig mætti alveg útleggja nafnið á íslensku sem kastaníutréd.

Fyrirtækið komst aftur á skrið með sitt fræga merki eftir seinna stríð og framleiðir dótturfélagið Mitsubishi Agricultural Machinery Co. dráttarvélar og ýmiss konar uppskerutæki og tól til jarðvinnslu.

Mitsubishi Agricultural Machinery Co. varð til við samruna Mitsubishi Machinery Co., Ltd. og japanska landbúnaðarvélafyrirtækisins Satoh (Agricultural Machinery Mfg. Co., Ltd.) sem stofnað var í júní árið 1914.

Kemur víða við

Mitsubishi Group kemur hins vegar víðar við í sinni iðnaðarframleiðslu og eru margar aflvélar raforkuvera á Íslandi t.d. smíðaðar þar. Má þar t.d. nefna vélar í Reykjanesvirkjun. Þá framleiðir þessi iðnaðarri líka bíla eins og



Íslendingar þekkja vel, einnig þotur og rekur stærsta bankann í Japan (The Bank of Tokyo-Mitsubishi UFJ), svo eitthvað sé nefnt.

Seldar í Bandaríkjunum og Bretlandi

Hið sameinaða fyrirtæki framleiddi m.a. dráttarvélar fyrir Ameríkumarkað og hafa þær verið seldar í gegnum indverska stórfyrirtækið Mahindra Group. Þá hafa dráttarvélar fyrirtækisins einnig verið seldar í Bretlandi undir Mitsubishi-nafninu. Í Japan hafa vélar fyrirtækisins líka verið seldar undir nöfnunum Kumiai, Suzue og Zen-Noh, sem eru



allt nöfn í eigu samvinnufélaga bænda.

Framleiddar víða með og án leyfis

Mitsubishi er með samstarfs-samning um framleiðslu á sínum dráttarvélum við LS Tractors í Suður-Kóreu sem er deild í LS Cable. Einnig er samningur við VST Tillers í Indlandi, en Mitsubishi Heavy Industries á jafnframt 3% í því félagi. Nákvæmlega eins vélar hafa verið framleiddar undir nafninu Shenniu í Kína, en eitthvað er óljóst með hvort það fyrirtæki er með framleiðsluleyfi eða hefur einfaldlega smíðað nákvæmar eftirlíkingar af Mitsubishi-traktorum.

Að 33% hluta í eigu Mahindra & Mahindra


Þegar mikið endurskipulagningarferli hófst hjá Mitsubishi 2013 var nafnið ASUMA (Agri Support Machinery) yfirtekið. Árið 2015 var svo 33,33% hlutur seldur indverska stórfyrirtækinu Mahindra & Mahindra. Mitsubishi Agricultural Machinery Co. er því nú að stærstum hluta í eigu Mitsubishi Group og Mahindra & Mahindra /HK/.



UTAN ÚR HEIMI

MISMUNANDI LÖG UM KANNABIS Í BANDARÍKJUNUM

Þó alríkislög banni framleiðslu og neyslu á kannabisefnum í Bandaríkjunum, þá velja æ fleiri ríki að láta íbúana sjálfa taka ákvörðun um að lögleiða slíkt í kosningum. Um fjórðungur Bandaríkjamanna bý nú í ríkjum sem heimila fullorðnum að nota kannabis.



Lögleiðing kannabis í Bandaríkjunum hefur sérkennilegar afleiðingar: Skortur á marjúana í Nevada veldur tekjumissi fyrir skólakerfið!

– Rætt um að breyta reglakerfi og gera það hliðstætt reglum um áfengissölu

Dreifingaraðilar marjúana í Nevada í Bandaríkjunum horfa nú fram á skort á þessari kannabisafurð og glataðar sölutekjur sem gæti leitt til þess að skólakerfið í ríkinu verði af umtalsverðum fjármunum. Vekur þetta ekki síst furðu þar sem örstutt er síðan framleiðsla og neysla á þessu efni var lögleidd í ríkinu.

Ástæðan fyrir ónógu framboði liggur aðallega í því að ekki er búið að breyta reglum sem gerir heilidsölu og dreifingu á marjúana löglega í líkingu við sölu á áfengi.

Á þessum sérkennilega vanda Nevada er sú skýring að eftir að ræktun var leyfð á kannabis í lækningaskyni og til notkunar fyrir fullorðna, hafa sum ríki sem það hafa gert, eyrnamerkt skólakerfinu hluta skatttekna á framleiðsluna.

Þetta kann að hljóma undarlega fyrir venjulegt fólk á Íslandi sem fram undir þetta hefur talið kannabis og marjúana ætti alls ekki að koma nálægt skólum eða skólabörnum. Sér í lagi þar sem fjölmargar rannsóknir virðast sýna að neysla valdi þroskaskerðingu, minnsleysi og óafturkræfum heilaskaða hjá ungmennum með óþroskaðan heila. Ekki síst þar sem efnin sem ræktuð eru í dag eru mun sterkari en áður og innihalda mun meira af virka efninu THC eða delta-9-tetrahydrocannabinol. Má þar t.d. benda á greinar í Clinical EEG and Neuroscience, og á vef National Institutes of Health í Bandaríkjunum. Mörgum spurningum virðist samt ósvarað um langvarandi áhrif af notkun slíkra efna.

50 milljarða dollara skatttekjur á komandi árum

Ræktun á kannabis eða hampi og marjúanaframleiðsla eykst nú hröðum skrefum í Bandaríkjunum í kjölfar lögleiðingar. Áætlað er að framleiðsla á marjúana muni gefa um 50 milljarða dollara í skatttekjur árið 2026.

Um fjórðungur Bandaríkjamanna býr nú í ríkjum þar sem fullorðnum er heimilt að nota kannabis. Kannabisræktun og framleiðsla til notkunar fyrir fullorðna er nú heimil í 9 ríkjum Bandaríkjamanna þótt alríkið banni slíkt með öllu. Þá er framleiðsla heimil og sala í lækningaskyni í 10 ríkjum til viðbótar



Yfirvöld skólamála í þeim ríkjum Bandaríkjanna sem hafa lögleitt framleiðslu og notkun á kannabis virðast vera farin að stóla á skatttekjur af sölnni til að fjármagna rekstur skólanna. Þannig eru það orðnir hagsmunir skólanna að framleiðsla og sala á þessu vímuefni gangi sem allra best.

og þar er heldur ekki sagnæmt þótt menn rækti kannabis til eigin nota. Í fjórum ríkjum er ekki beinlínis heimilt að rækta kannabis, en ekki er lítið á það sem fangelsissök ef það er einungis í litlu magni og til eigin nota. Þá er heimilt að rækta kannabis í lækningaskyni í 13 ríkjum til viðbótar. Í 16 ríkjum Bandaríkjanna er öll ræktun og neysla á kannabis enn algjörlega bönnuð.

Skatttekjur af marjúana til að fjármagna skólakerfið

Tómstundaráæktun á kannabis í Nevada ber um 33 til 38% skatt, en mismunandi eftir svæðum. Af þessu er um 15% framleiðsluskattur sem rennur beint til menntakerfisins. Síðan er 10% söluskattur sem rennur í svokallaðan Regndagasjóð (Nevada's rainy day fund). Annað fer í sameiginlega sjóði ríkisins.

Ef ekki tekst að auk framboðið á marjúana til að mæta eftirspurn gæti það haft alvarlegar afleiðingar, m.a. fyrir skólakerfið, að því er fram kemur á vefsíðu fortune.com.

Nevada er ekki eitt um að ætla sér að nota skatttekjur af framleiðslu og sölu á marjúana til að fjármagna rekstur skólakerfisins.

Í Colorado er 10% söluskattur á marjúana og 15% vörugjöld. Skatttekjur af marjúanaframleiðslu og -sölu skiluðu 65 milljónum dollara til skólakerfisins í Colorado á síðustu tveim árum.

Í Oregon er 17% skattur á framleiðslu og sölu marjúana,

en sveitarfélög geta lagt aukalega 3% staðbundinn skatt á þessa framleiðslu. Af þessari skattlagningu fara 40% til almenna skólakerfisins í ríkinu.

Í Washington er 16% skattur á heilidsölu á marjúana frá framleiðendum og 8% skattur á smásölu efnisins, en sá skattur var nýlega lækkaður úr 10%. Nærri þriðjungur skatttekna af marjúana fer í almannan sjóð ríkisins sem er m.a. notaður til að fjármagna skólakerfið og ýmsa sérþjónustu.

Í Alaska er gjald á marjúana sem nemur 50 dollurum á hverja únsu af efninu, eða um 20% skattur á ræktunina. Um helmingur skatttekna rennur í ríkissjóð og hinn helmingurinn rennur til endurhæfingar í fangelsiskerfinu. Áætlað er að þetta skili um 3 milljónum dollara til fangelsismála á árinu 2017 og um 6 milljónum dollara á komandi árum.

Af þessum ríkjum er Nevada eina ríkið þar sem ekki hefur tekist að anna eftirspurn. Virðist „vandinn“ liggja í of fáum ræktendum og regluverki í kringum dreifinguna. Er þessu þveröfugt farið í Colorado, þar sem ræktendur eru meira en tvöfalt fleiri en þeir sem fullvinna efnid til neytenda. Í hinum ríkjum er þetta með svipuðum hætti.

Reiknað er með að mikil pressa verði á ræktendur að auka framleiðslu sína á komandi misserum og árum þar sem búist er við verulega aukinni eftirspurn.

/HK/



Álafoss. Verslunin er í stóra húsinu vinstra megin við veginn í kvosinni.

Mynd / HKr.

Nordic Store kaupir Álafoss í Mosfellsbæ:

Heldur Álafossnafninu

Nordic Store hefur fest kaup á versluninni Álafoss sem er í gömlu ullarverksmiðjunni í Álafosskvosinni í Mosfellsbæ. Verslunin verður áfram rekin undir nafninu Álafoss.

Í tilkynningu frá Nordic Store segir að ætlunin sé að færa Álafoss nær upprunanum og taka út að mestu vörulíði sem hafa ekki beint með íslensku ullina að gera. Þannig er ætlunin að leggja aukna áherslu á

íslenska lopann, handþrjónaðar peysur og aðrar vörur sem eiga uppruna sinn frá lópanum af íslensku sauðkindinni. Á sama tíma er ætlunin að opna verslunina og lengja afgreiðslutímann og gera hana aðgengilegri.

Sett verður upp kaffihús

Sett verður upp kaffihús með léttum veitingum og það verður hægt að ganga út á verönd og sitja úti

og njóta náttúruferðarinnar við Varmá.

Á kaffihúsinu og í versluninni verður sögu Álafoss og vinnslu íslensks lopa gerð skil og þannig getur fólk, auk þess að versla, líka fræðst um söguna. Ýmsar vélar, tæki og munir sem tengjast sögunni verða til sýnis og með þeim hætti vonast nýir eigendur til að erlendir gestir kynnist betur þessum þætti sögunnar.

NH

EIGNATORG KYNNIR:

LÖGBÝLIÐ BÚÐARHÓLL 1, RANGÁRÞINGI EYSTRÁ



Eignatorg kynnir lögbýlið Búðarhóll 1, Rangárþingi eystra, ásamt 294.931 l. greiðslumarki í mjólk, allri áhöfn og vélar skv. vélalista.

Á jörðinni er rekið myndarlegt kúabú með mjaltþjóni. Ræktað land jarðarinnar er talið vera yfir 110 hektarar en heildarlandstærð er skv. skráningu Þjóðskrár 450 hektarar og svo gott sem allt ræktanlegt. Neysluvatn kemur úr vatnsveitu Vestmannaeyja. 3ja fasa rafmagn. 50 kwA. Ljósavél er til staðar sem vara-aflgjafi. Unnið er að lagningu ljósleiðara um sveitarfélagið. Álar renna austast á jörðinni og er nokkur veiði í þeim.

Verð: 280.000.000

Allar nánari upplýsingar veitir Björgvin Guðjónsson löggiltur fasteignasali í síma 510-3500 / 615-1020 eða bjorgvin@eignatorg.is



LSB LÍFEYRISSJÓÐUR BÆNDA - Niðurstöður ársreiknings 2016

BREYTING Á HREINNI EIGN TIL GREIÐSLU

LÍFEYRIS í milljónum króna	2016	2015
Iðgjöld	665	622
Lífeyrir	-1.442	-1.372
Hreinar fjárfestingartekjur	361	3.025
Rekstrarkostnaður	-118	-103
Breyting á hreinni eign	-534	2.172
Hrein eign frá fyrra ári	31.966	29.794
Hrein eign til greiðslu lífeyris	31.433	31.966

KENNITÖLUR	2016	2015
Nafnávöxtun	1,1%	10,3%
Hrein raunávöxtun	-1,3%	7,8%
5 ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar	3,9%	5,5%
Fjöldi virkra sjóðfélaga	2.342	2.418
Fjöldi lífeyrisþega	3.713	3.653

EFNAHAGSREIKNINGUR Í ÁRSLOK

í milljónum króna	2016	2015
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	12.265	11.986
Skuldabréf	18.122	17.708
Skammtímakröfur og ýmsar eignir	190	191
Handbært fé og ýmsar eignir	970	2.105
Eignir alls	31.546	31.991
Skuldir	114	25
Hrein eign til greiðslu lífeyris	31.433	31.966

TRYGGINGAFRÆÐILEG STAÐA

í milljónum króna	2016	2015
Eignir umfram áfallnar skuldbindingar	-1.661	569
% af áföllnum skuldbindingum	-5,5%	1,9%
Eignir umfram heildarskuldbindingar	-2.777	-418
% af heildarskuldbindingum	-7,4%	-1,1%

STJÓRN

Skúli Bjarnason, formaður, Guðrún Lárusdóttir, Sara Lind Guðbergsdóttir, Vígdis M. Sveinbjörnsdóttir, Örn Bergsson. Ólafur K. Ólafsson, framkvæmdastjóri.

LÍFEYRISSJÓÐUR BÆNDA - STÓRHÖFÐA 23 - 110 REYKJAVÍK
SÍMI 563 1300 - LSB@LSB.IS - WWW.LSB.IS

Til sölu í Vinnubúðir

Eldhús og borðstofueiningar (samt. 12 einingar)



Eldhúseiningar (4 einingar 2,4x7,4m) með öllum búnaði m.a. allar tækjabúnaður fyrir eldhús, leirtau, kælar og frystiklefi (sjálfstæð eining 2,4x6m).

Var sett upp til að þjóna 50 til 60 manna vinnustað.

Borðstofueiningar (5 einingar 2,4x6m) og salernis, vinnufata og frystieining (3 einingar 2,4x 6m)

Verð: 15 milljónir kr. + vsk.

Málsetning eininganna er c.a. utanmál þeirra.

Upplýsingar veita:

Óskar í síma 842 6500
oskar@advance.is og /eða
Magnús í síma 699 0775
magnus@logskipti.is.

Fallvarnarbúnaður
Fjölbreytt og gott úrval til á lager

TENGITAUGAR



Námskeið um fallvarnir fyrir viðskiptavinum

Skóðanir og eftirlit á fallvarnarbúnaði



FALLBLAKKIR



BELTI

Hafðu samband og kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna



Plettac vinnupallar til sölu.
Láttu öryggi og lausnir ráða ferðinni.

VINNUPALLAR EHF

s. 618 8418 • vinnupallarehf@gmail.com

HELSTU NYTJAJURTIR HEIMSINS



Humall í fullum blóma.

Humall – sálin í bjórnum

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



Nytjar á humal eiga sér árpúsunda sögu. Framan af var plantan ræktuð til lækninga og til að bragðbæta drykki. Það var ekki fyrr en á miðöldum sem farið var að nota humla til að bragðbæta bjór í Evrópu. Ræktun á humal í tilraunaskyni til bjórgerðar á Íslandi hófst 2016.

Áætluð heimsframleiðsla á humlum árið 2016 er rúmlega 100 milljón tonn sem er tæplega 16% aukning frá 2015. Búist er við enn meiri uppskeru árið 2017. Stærstu framleiðendur humla í heiminum eru Bandaríki Norður-Ameríku sem framleiða um 37 milljón tonn. Þjóðverjar sem lengi vel framleiddu allra þjóða mest af humal eru í öðru sæti og framleiða rúm 28 milljón tonn. Í þriðja sæti er Kína sem framleiðir um sex milljón tonn og í fjórða sæti Tékkland með tæp fimm milljón tonn. Í kjölfarið koma Pólland, Slóvenía, Austurástralía, Bretland og Spánn með framleiðslu sem nemur einni til tveimur milljón tonnum. Auk þess sem talsvert er framleitt af humlum í löndum eins og Belgíu, Frakklandi, Austurríki, Nýja-Sjálandi og Rúmeníu.

Ræktunarland í heiminum til humlaframleiðslu er áætlað um 52 þúsund hektarar.

Árið 2016 voru ræktuð sjö kíló af humlum til bjórgerðar á Íslandi. Áætluð uppskera fyrir árið 2017 er milli þrjátíu og fjórutíu kíló.

Grasafraði og ræktunarfbrigði

Engir steingervingar eða fornar leifar hafa fundist af humal og því ekki vitað hvaðan plantan er upprunnin. Villihumall var nýttur í salat í Egyptalandi um það leyti sem þarlendir voru að reisa píramíðana og líklega einnig fyrir þann tíma.

Humulus lupulus, eins og plantan kallast á latínu, er tvíkímblaða, fjölær og hraðvaxta klifurjurt sem getur náð allt að tólf metra hæð við bestu skilyrði. Í nútímarræktun er plantan yfirleitt í kringum tveir



Heilu fjölskyldurnar frá iðnaðarborgum Bretlands tóku sér frið frá vinnu í nokkra daga í lok nítjándu og fram á miðja tuttugustu öld og fóru til Kent í eins konar sumarfrí og tindi humla á launum.



Áfengisbannið á bannárunum 1920 til 1933 dró verulega úr ræktum á humlum í Bandaríkjunum. Í dag framleiða Bandaríkin allra þjóða mest af humlum.

metrar að hæð auk þess sem til eru dvergvasin ræktunarfbrigði.

Ofanjarðarvöxturinn visnar á vetur en plantan vex upp aftur af rót

á hverju vori. Meðallíftími plöntunar er um tuttugu ár.

Blöðin eru stór og snörp, þríeða fimm flipótt á löngum stilk og geta verið hvort sem er stakk- eða gagnstæð. Plantan er einkynja, blómin lítil og fremur óásjáleg. Eftir vindfrjóvgun mynda blóm kvenplöntunnar græna aldinkola sem einna helst líkist litlum könglum. Á ensku kallast aldinkollarnir hops og eru notaðar til að bragðbæta bjór.

Humall er af hampætt og plantan náskyld hampi, Cannabis sativa, og gekk um tíma undir heitinu Cannabis lupinus.

Plantan er upprunnin á norðurhveli jarðar og dafnar best á svölum og þurrum svæðum á 30° til 51° breiddargráðu og finnst villt í Asíu, Evrópu og Norður-Ameríku.

Samkvæmt flokkunarfræði grasafraðinnar er allur humall í heiminum ein og sama tegundin sem stundum skiptist í fimm undirtegundir eftir vaxtarstað.

- Humulus lupulus var lupulus sem finnst villtur í Evrópu og Asíu vestanverðri.
- H. l. var. cordifolius vex í austanverðri Asíu.
- H. l. var. lupuloides (H. americanus) sem finnst villtur í austanverðri Norður-Ameríku.
- H. l. var. neomexicanus finnst í vestanverðri Norður-Ameríku.
- H. l. var. pubescens vex villt í miðvesturhluta Norður-Ameríku.

Auk þess sem til eru hundruð ef ekki þúsundir ræktunarfbrigði sem hver og eitt gefur bjór sérstakan keim. Mismunandi afbrigði þrífast best á hverju svæði og tengd ákveðnum gerðum bjórs.

Dæmi um fræg mið-evrópsk ræktunarfbrigði, sem aðallega eru ræktuð í Þýskalandi, Póllandi og Tékklandi eru Saaz, Hallertau, Strissel og Spalt. Á Bretlandseyjum eru Fuggles, Goldings, East Kent Goldings og W.G.V. í miklu upphaldi. Nýsjálendingar hafa náð góðum árangri með ræktunarfbrigði sem kallast Pacific Gem, Motueka og Nelson Sauvin. Í Norður-Ameríku er mest ræktað Columbus, Centennial, Willamette, Amarillo og auk

fjölda annarra enda bandarískir humlaræktendur duglegir að prófa ný afbrigði.

Nafnafræði

Ættkvíslarheitið *Humulus* er heiti á humal frá því á miðöldum. *Lupinus* þýðir á latínu lítill úlfur og vísar til þess að humall er klifur- eða vafningsjurt sem á það til að vaxa yfir og drepa þær plöntur sem hún vex utan á. Enska heitið hops er dregið af engilsaxneska orðinu hoppan sem þýðir að klifra.

Á sænsku, norsku og dönsku kallast plantan humle en humala eða hiiva á finnsku. Líklegt er að íslenska heitið humall sé komið hingað frá Danmörku eins og svo margt annað gott. Samkvæmt íslenskri orðsifjabók er uppruni orðsins umdeildur.

Nytjar og saga

Bjór er bruggaður úr korni, oftast byggi, en humall er notaður til að gefa honum bragð. Auk þess að gefa bjór bragð eru humlar notaðir til að bragðbæta te og drykki, eins og Julmust, sem er mikið drukkið í Svíþjóð í kringum jólin og Malta sem er vinsæll gosdrykkur í latnesku Ameríku.

Humaldrykkir eru sagðir róandi og góðir við svefnleysi. Þeir eru einnig sagðir gagnast vel við tíðaverkjum og hafa verið notaðir sem slíkir í gegnum aldirnar. Humall var hluti af vel flestum lækningajurtagörðum í Evrópu löngu áður en farið var að nota hann til að bragðbæta bjór. Indiánar Norður-Ameríku höfðu mikið álit á plöntunni til lækninga og notuðu hana gegn margs konar mannameini, allt frá eyrnabólgu til getuleysis. Munkar í Evrópu drukkast aftur á móti bjór í lítratali til að halda niðri holdlegum fýsnum og slæva sig fyrir freistingum djöfulsins.

Á miðöldum greiddu bændur í Evrópu klaustrum leigu fyrir land með humal og annarri uppskeru og mörg klaustur höfðu talsverðar tekjur, og sum gera að enn, af því að selja bjór.

Þurrkaður humall geymist illa og missir fljótt bragð og lækningamátt og þurrir blómkollar voru í eina tíð, og eru kannski enn, brenndir sem reykelsi.

Ungir ársprotar, 10 til 20 sentímetra langir, eru sagðir ágætir til átu og líkjast spergil á bragðið eftir eldun. Stöngultrefjar humlar hafa líkt og hampur verið notaðir til að búa til kaðla og spinna þráð til vefnaðar.

Fornmínjar í mannvistarleifum benda til að villtur humall hafi verið notaður til að bragðbæta drykki í að minnsta kosti níu þúsund fyrir upphaf okkar tímatala.

Í Evrópu var ekki farið að nota humla til að bragðbæta bjór fyrr en á miðöldum en fram að þeim tíma var algengt að bragðbæta bjór með plöntum með bitru bragði eins og krosshnapp, *Glechoma hederace*, malurt, *Artemisia absinthium*, tünfífil, *Taxacum officinale*, mjadarlingi, *Myrica gale* eða rötum krókalöppu, *Arctium lappa* og mörgum fleiri.

Við bjórgerð gerir humall bjórinn bitran á bragðið og ver hann einnig fyrir skemmdum með því að draga úr vexti baktería auk þess sem hann hefur hagstæð áhrif á vöxt gersveppsins í bjórnum. Í humal er að finna fjölda efna sem heita skríttum illaframbranlegum nöfnum, eins og myrcene, humulene, xanthohumol, myrcenol, linalool, tannín og resín, og það eru þau sem gefa bjórbragðið og auka geymsluþol hans.

Útbreiðsla og ræktun

Heimildir benda til að Babýloníumenn hafi notað humla til að bragðbæta drykki 400 fyrir Krist. Rómverski sagnaritarinn Pliny hinn gamli, sem var uppi hundrað árum fyrir Krist minnst á humlagarð í einu af ritum sínum og vitað er að Grikkir notuðu plöntu sem kallaðist humulus í salat. Ólíklegt er að um sömu plöntu og við þekkjum sem humal hafi verið



Talsvert af vinnunni í kringum humlaræktun fór fram á stultum fyrir tíma vélvæðingarinnar.



Ætluð heimsframleiðsla á humlum árið 2016 er rúmlega 100 milljón tonn.



Alls fengust sjö kíló af aldinkollum við tilraunarræktun á humlum á Íslandi síðastliðið sumar.

að ræða því líklegt er að humall eins og við þekkjum hann í dag sé framræktaður af plöntum sem bærust til Evrópu frá Kína snemma á miðöldum.

Getið er um ræktun á humlum í Þýskalandi í heimild frá 736 en ekki er sagt í hvað hann er notaður. Sagan segir að munkar í Frakklandi hafi farið að brugga bjór með humlum eftir að Pepin konungur færði klaustri í París nokkrar plöntur um gjöf árið 768. Fyrstu heimildir um bjórgerð í Þýskalandi tengjast klaustri í Freising og eru frá árinu 859.

Fyrstu rituðu heimildir um humla í



Griðarmikill vöxtur er hjá plöntunum sem ræktaðar eru í tilraunaskyni í plastgróðurhúsi á Flúðum.

bjór eru frá því á tólfustu öld og skráðar af hinni merku konu Hildegard von Bingen, sem var allt í senn nunna, sjáandi, tónskáld og rithöfundur. Í riti sem kallast *Physica Sacra* mærir Hildegard kosti bjórs, sem bragðbættur er með humlum, og bjór-drykkju.

Í grófum dráttum er munurinn á bjór og öli, eða ale, sá að bjór er bragðbættur með humlum en ekki ale eða öl. Bretar voru lengi tregir til að bragðbæta ölið sitt með humlum og var innflutningur á þeim bannaður til Bretlandseyja og innflutningur á bjór bragðbættum með humlum skattlagður í hæstu hæðir. Bjóraldan frá Evrópu reis þó hátt og þrjóska Breta gaf að lokum undan enda geymdist bjór betur en öl og hann þótti bragðbetri. Ræktun á humlum hófst á Bretlandseyjum skömmu eftir aldamótin 1500 og fyrsti breski bjórin var bruggaður skömmu síðar.



Í eina tíð var humall þurrkaður í keilulagabyggingum sem kallast „Oast house“ í Kent á Bretlandseyjum. Humallinn var breiddur á grindur efst í húsunum og þurrkaður yfir eldi sem brann á gólfi húsananna. Vinsælt er að gera þessi hús upp í dag og breyta þeim í íbúðarhús.



Nánast öll humaluppskera í heiminum í dag er vélvædd.

Humlaræktun á Bretlandseyjum hefur frá upphafi verið mest í suðausturhluta landsins, nánar tiltekið í Kent, og á árunum 1650 til 1750 varð sprenging í ræktun hans vegna aukinna vinsælda bjórs. Ræktun humla á Bretlandseyjum hafði um tíma talsvert þjóðfélagsleg áhrif. Uppskerutími humlanna er stuttur og til að ná uppskerunni, fyrir tíma vélvæðingar, þurfti margar hendur. Einstætt fólk og heilu fjölskyldurnar frá iðnaðarborgum Bretlands tóku sér gjarnan frí frá vinnu í nokkra daga í lok níttjándu og fram á miðja tuttugustu öld og fóru til Kent í eins konar sumarfrí og tíndi humla á launum. Rithöfundurinn Somerset Maugham segir frá slíku humlafrii í lokakafli bókarinnar *Of Human Bondage* og hluti bókarinnar *A Clergyman's Daughter* eftir George Orwell fjallar um humlatínsu í Kent. Árið 2002 var humall kosinn einkennisplanta Kent.

Fyrstu heimildir um humla í Svíþjóð eru frá miðri átjándu öld og þar í landi reykti fólk þurrkaða aldinkolla væri skortur á tóbaki. Frá Svíþjóð er einnig heimild um að lík hafi verið vafin með humlum til að draga úr nálykt.

Hollenskir innflytjendur fluttu með sér evrópska humla til Nýja heimsins og hóf ræktun á þeim þar 1630. Plantan dafnaði vel í Norður-Ameríku auk þess sem ræktendur fóru einnig að nota innlenda humla til að bragðbæta bjór. Áfengisbannið á bannárunum 1920 til 1933 dró verulega úr ræktun á humlum í Bandaríkjunum en í dag framleiða þeir allra þjóða mest af humlum.

Ræktun og uppskera

Yfirleitt fer ræktun á humal þannig fram að staurar eru reknir í jörðina og snúror strengdar á milli þeirra og þeim snúið niður að jörð. Humallinn vefur sig síðan upp eftir snúrunum milli stauranna og við góðar aðstæður er vaxtarhraði plantanna mikill.

Plönturnar kjósa sólríkan stað og vegna þess hversu vaxtarhraði þeirra er mikill þurfa þær góðan aðgang að vatni. Humall kys köfnunarefnis- og fosfóríkan moldarjarðveg með sýrustig 6,5 til 8,0.

Humall þarf að minnsta kosti 120 frostlausu daga til að ná fullum þroska. Við góðar aðstæður gefur hver planta af sér hálf til eitt kíló af þurrum aldinkollum. Í dag er stór

hluti af öllum humal í heiminum uppskorinn með vélum.

Humall á Íslandi

Humall hefur lengi verið ræktaður sem garðjurt á Íslandi og reynst harðgerð sem slík. Plantan er skuggþolin og hentar vel í skot í garðinum en með vör eða stuðning til að klifra upp með.

Fyrir rúmu ári hófu systurnar Svava og Hildur Þorleifsdætur ræktun á humlum í gróðurhúsi á Flúðum með það í huga að nýta hann til bjórgerðar.

Svava sagði í samtali við Bændablaðið að humall þrífist ágætlega sem garðjurt utandyra hér á landi en hún nái ekki að þroska aldinkollana sem notaðir eru til bjórgerðar.

„Við förum að velta fyrir okkur möguleikanum á að rækta humal í gróðurhúsi fyrir rúmu ári. Í framhaldi af því pöntunum við rætur af átta ræktunarafrögðum frá Bandaríkjunum og komum fyrir í pottum í 180 fermetra plathúsi síðastliðið vor, seint í maí. Plönturnar ruku upp og báru blóm og þrátt fyrir að okkur hafi verið sagt að lítil von væri með uppskeru fyrsta árið var hún samt um sjö kíló af aldinkollum. Aldinkollarnir komu allir af plöntum af afbrigði sem kallast Columbus og stóð við suðurhlíð hússins og fékk nánast alla sólina. Það er því ekki enn að marka hversu vel önnur afbrigði koma til með að gefa af sér þar sem þau stóðu nánast í skugga. Hugmyndin er jafnvel að panta fleiri afbrigði í haust og halda tilraunum áfram.“

Bruggverksmiðjan Borg tók að sér að prófa humlana og notaði þá ferska til að brugga úr svokallaðan grænan bjór sem reyndist vera mjög góður og sumarlegur.

Eitt af því sem við þurfum að skoða er hvernig best er að þurrka humalinn og hugmyndin er að brugga bjór úr þurrum humlum við fyrsta tækifæri.

Við gerðum mistök í fyrra með því að planta plöntunum of þétt þannig að þær fengu ekki nóg af sól. Humall er fyrirferðarmikil planta og við enduröðuðum pottunum í húsið núna í vor með meira millibili og nú er einn og hálfur metri á milli þeirra sem virðist hæfilegt.“

Svava segist reikna með að humaluppskeran verði milli þrjátíu og fjórutíu kíló í haust.

SKÓGRÆKT & LANDGRÆÐSLA



Í Hvammi í Eyjafjarðarsveit er myndarlegt kúabú og samhlíða hefur verið stunduð umfangsmikil skógrækt. Skógurinn umkringir túnin, býr þar til skjól, eykur náttúrulega frjósemi og jafnar rakasveiflur í jarðvegi. Skógrækt á ekki að koma í stað annarra búgreina heldur til viðbótar þeim og stuðnings. Myndir / Pétur Halldórsson

Bændur græða

Þegar Íslendingar taka af fullum þunga til aðgerða gegn loftslagsvandinum gefst bændum færi á að slá margar flugur í einu höggi. Á Íslandi er mikið rofið land. Um helmingur þess gróurlendis sem var á landinu við landnám hefur eyðst og ætla má að um helmingur þess sem eftir er sé í lélegra ástandi en við verði unað. Enn eru roföflin að verki á landinu.

Bændur ættu að leika stórt hlutverk í þeim aðgerðum sem stjórnvöld grípa til gegn loftslagsvandinum. Af því að við eigum mikið land til að bæta höfum við mörg ráð gegn loftslagsvandinum, að stöðva gróður- og jarðvegseyðingu, græða upp land, rækta skóg, endurheimta votlendi og efla sjálfbærni. Ekki væri rétt að segja Íslendinga heppna að eiga svo mörg ráð að grípa til í þessum efnunum enda eru þessar aðstæður okkar tilkomnar vegna þeirra breytinga sem búseta okkar hefur leitt af sér frá landnámi. Við höfum breytt ásýnd og ástandi landsins mikið.

Ekki ber að lasta forfeður okkar sem ekki vissu betur eða gátu annað. Við vitum hins vegar betur og getum annað. Við vitum til dæmis að enn losnar mikill koltvísýringur úr rofni landi. Það þýðir að ef við stöðvum rofið og græðum land upp hættir losunin og binding tekur við. Þar með höfum við slegið tvær flugur í einu höggi, stöðvað losun og hafið



Á Valþjófsstöðum í Núpasveit er unnið af metnaði að uppgræðslu á rýrum svæðum og sum þeirra eru tekin til skógræktar. Hvort tveggja byggir undir sauðfjárbúskapinn á jörðinni en í fyllingu tímans verða margvíslegar nytjar af skóginum og bætt búsetuskilyrði.

bindingu. Þar sem mögulegt er og henta þykir getum við bleytt upp í framræstu landi. Þá gerist hið sama, losun minnkar og binding eykst. Hér skal hins vegar rætt um leiðir til uppgræðslu með lággróðri og skógi.

Birkiskóglendi breiðist út

Viða tökum við eftir því að birki er í sókn, einkum þar sem engin búfjárbætur

er lengur. Dæmi eru jafnvel um svæði þar sem birki virðist í framför þrátt fyrir beit svo sem á Látraströnd við Eyjafjörð en þar er beitin að vísu mjög lítil. Eitt er víst, birkiskógar landsins eru að stækka. Birki er líka sú trjategund sem mest er gróðursett af í skógrækt á Íslandi. Kostur birkisins er að það er landnematagund. Birkið á erfitt með að sá sér út í mjög vel gróid land en þar sem það finnur sér gótt í sverði nær það að spíra og vaxa upp. Kringum skógræktarreitir er jafnan mikil sjálfgæðsla birkis ef beit hamlar ekki.

Stórkostleg dæmi um sjálfgæðslu birkis má sjá á Suðausturlandi og stórkostlegast á Skeiðarársandi. Sandurinn er að breytast í birkiskóg sem gæti orðið einn sá stærsti á landinu ef fram fer sem horfir, ef ekki stærstur. Þar er náttúran ein að verki. Þegar sandurinn fékk frið fyrir jökulfljótinu gat birkið borist úr Bæjarstaðaskógi og fleiri birkiskógum um allan sandinn og náð að spíra í mosa- og gróðurskáninni sem myndast hefur undanfarin ár.

Frumherjaeðli birkisins virkjað

Það sama gerist í kringum Heklu en þar hjálpuð við mennirnir til með Hekluskógaverkefninu. Nýttur er sá mikli kostur birkisins að framleiða mikið fræ frá ungum aldri. Birki er gróðursett og sáð í bletti hér og þar, svokallaðar gróðureyjar. Með

hjálp kjótmjöls og fleiri áburðarefna er búin til gróðurskán sem birkið á gróðureyjunum getur sáð sér í. Vert er að ýta enn frekar undir sjálfgæðslu birkis sem víðast og eru ný áform um slíkt í samstarfi Skógræktarinnar og Landgræðslu ríkisins.

Slíkt starf er sérstaklega mikilvægt þar sem áhrifa eldfjalla gætir eins og við Heklu. Öskufall getur kæft og drepit lággróður en birkiskógur þolir töluvert öskufall áður en það verður honum að falli. Það sást vel þegar Eyjafjallajökull gaus fyrir nokkrum árum. Birkið á Þórsmörk varð enn grænna og þróttmeira fyrst á eftir enda áburðarhrif af öskunni. Askan tók í sig sólarlynn og birkið naut tímabundið minni samkeppni frá botngróðri. Hefði enginn birkiskógur verið á Þórsmörk mætti spyrja sig hvernig gróðurfar væri þar nú.

Í regnskugganum norðan Vatnajökuls er hrjóstugra en í hlýjunni og rekjuni á Suðurlandi. Þar sem þurr er frá náttúrunnar hendi væri vert að koma upp sérstökum gróðurverndarsvæðum og nærtækt að nefna Hólsfjöll í þeim efnunum. Á því svæði er erfðara að koma birkinu til vegna þurks en í staðinn mætti grípa til lerkis sem þjónar svipuðu hlutverki. Ef lokatakmarkið er birkiskógur eða birkikjarr mætti nota lerkid sem frumherja og fella það þegar frjósemin og skjólið væri orðið nægilegt fyrir birkið að taka við. Við gætum líka eftirlátið afkomendum

okkar að velja hvort þeir vildu lerkid eða birkiskóg í fyllingu tímans, ellegar blöndu af hvoru tveggja.

Bindum kolefni fyrir framtíð heimsins

Enn er óljóst hversu mikið Íslendingar geta talið fram af bindingu í nýjum gróðri í alþjóðlegu kolefnisbókhalda vegna Parísarsamkomulagsins og annarra loftslagssamninga. En binding í gróðri er ekki bara hugsuð til að uppfylla ákvæði í samningum. Binding er nauðsynleg til að stuðla að áframhaldandi lífi á jörðinni. Á Íslandi eru geysimiklir möguleikar til bindingu. Þar eru allar flugurnar umræddu sem slá má með einu höggi eða fáum. Hafnarsandur í Ölfusi er framúrskarandi dæmi um svæði þar sem binda mætti mikið kolefni á landi sem nú er að mestu auðnin ein. Mikið binst með því að græða landið upp með lággróðri og enn meira ef ræktaður er á því skógur. Á Hafnarsandi er bæði milt og rakt og aðstæður mjög góðar til að rækta gjöfular trjategundir sem binda mikið. Skógræktin og Landgræðslan vinna nú að undirbúningi skógræktar á svæðinu í samvinnu við sveitarfélagið Ölfus. Á komandi árum verður svæðið líkast til vaxið bæði birkiskógi og nytjaskógi.

Þáttur bænda mikilvægur

Nærtækustu kostirnir fyrir bændur



Friðrik Jóhannsson, sauðfjár- og skógarbóndi á Brekkulæk í Miðfirði, býður gestum þurrkaða lerkisveppi, afurð sem snemma sprettur í ungum skógi.

til bindingar með skógrækt er að stunda nytjaskógrækt á bújörðum sínum. Bændur sem hófu nytjaskógrækt fyrir aldarfjórðungi með fram öðrum búskap eru nú teknir að sjá árangur erfðis síns fyrir alvöru. Skógunum fylgir aukin gróska á beitolöndum, túnnum og ökrum, betra veðurfar, aukið fuglalíf, betri umsetning næringarefna og vatnsbúskapur verður betri. Menn sjá jafnvel að ár og lækir vaxa minna í leysingum á vorin og gróskumikill gróður vex á bökkum þeirra. Skógur beislar roföflin. Fyrstu nytjar af skóginum eru kurlfni undir skepnur, jólatré, stauraefni í girðingar og til eru bændur sem farnir eru að fletta bolum í borð og planku. Í kaupbæti við allt þetta er sú mikla binding kolefnis sem fæst með ræktun hraðvaxta trjátegunda á láglendi.

Viðsjár eru nú í sauðfjárræktinni. Hver veit nema ekki verði undan því vikist að draga úr kjötframleiðslunni. Ef svo fer er nauðsynlegt að huga að því hvornig tryggja megi búsetu áfram í sveitum landsins. Vel má samþætta uppgræðslu og skógrækt við breytta landnýtingu.

Bónði sem drægi úr sauðfjárrækt ætti auðveldara með að taka upp virka beitarstýringu og einhenda sér í landgræðslu og skógrækt á því landi sem mest þarfnast aðhlyningar. Beina mætti greiðslum til slíkra verkefna á sauðfjörðum svo afkoma sauðfjörðanna rýrni ekki við minnkaða kjötframleiðslu. Engir landgræðslu- og skógræktarsamningar eru nú í gangi í tengslum við tímabundna fækkun sauðfjár. Vert væri fyrir bændur að vekja máls á þeim möguleika til að treysta byggð í sveitum og auka landgæði. Vel mætti beina stuðningi við sauðfjárrækt í auknum mæli að umhverfisverkefnum. Bændur fengju þá greitt fyrir framkvæmd slíkra verkefna þar sem þau eru brýnust.

Tímabundin friðun gæti verið álitlegur kostur á sérstökum landgræðslusvæðum þar sem framtíðarþeirri land yrði byggt upp með landgræðslu og jafnvel skógræðslu. Hólasandur er gott dæmi um svæði sem bændur ákváðu að friða fyrir beit. Þrátt fyrir að svæðið sé stórvíðrasamt, vetur kaldir og sumur svöl er Hólasandur nú að gróa upp og þar verða miklar breytingar á næstu árum og áratugum ef áfram verður unnið og friðun helst. Hvernig landið verður nýtt í framtíðinni mun tíminn einn leiða í ljós. Sem auðn væri það til einskis gagns.

Búskaparskógrækt

Möguleikarnir eru miklir en að síðustu er vert að benda á tilraun til eins árs um skipulagningu búskaparskógræktarverkefna í Húnaþingi vestra. Slíkt kallast agroforestry á útlensku. Áhuginn á þessum verkefnum meðal bænda hefur reynst mjög mikill og nokkur verkefni eru komin af stað til að auka skjól á bújörðum, minnka álag vegna snjóá, rækta upp hagaskóga og fleira. Vonandi verður framhald á slíkum tilraunaverkefnum. Þau gefa tækifæri til ræktunar sérstakra hagaskóga til sjálfbærrar beitar og skjólaskóga til að auka skjól og framleiðni fyrir búfjárrækt og akurræktun á láglendi. Þetta má gera í öllum landshlutum.

Bændur kunna til verka, þekkja landið, eiga vélar og hafa hagsmuni af því að landið verði klætt gróskumiklum gróðri. Bændur gætu öðlast mikilvægt hlutverk við bindingu koltvísyrings úr andrúmsloftinu landinu til heilla og heiminum öllum. Í loftslagsbaráttunni geta bændur slegið margar flugur í einu höggi og bætt í leiðinni eigin hag.

Pétur Halldórsson

kynningarstjóri Skógræktarinnar

Skógardagurinn mikli á Hallormsstað:

Sigfús Jörgen Oddsson Íslandsmeistari í skógarhöggi 2017

Skógardagurinn mikli var nýverið haldinn í 13. sinn á Hallormsstað og í þetta sinn komu milli sex og sjö hundruð manns í skógin. Það er nokkra færri en venjulega enda fremur svalt í veðri þennan dag og úrkomusamt um morguninn þótt úr rættist þegar dagskráin hófst.

Að venju var mikið um dýrðir, keppt var í 14 kílómetra skógarhlaupi um skógarstíga í Hallormsstaðaskógi auk fjögurra kílómetra skemmtiskokks. Skógarhöggsskeppnin var á sínum stað. Kammerkór Egilsstaðakirkju söng og þá steig Anyu Shaddock, sigurvegari Samfés 2017, á svið sem og einnig Kristjana Stefánsdóttir og Svavar Knútur.

Skógar- og nautabændur buðu upp á heilgrillað naut og meðlæti, pylsur voru grillaðar í hundradavis, skógarmenn sáu um lummur, orma-brauð og ketillkaffi og Félag sauðfjörðanna á Héraði og Fjörðum grillaði lambakjöt ofan í gesti. Í skóginum spreyttu gestir sig í bogfimi, alls kyns þrautum og tálgu.

Félag skógarbænda á Austurlandi auglýsti eftir þátttakendum í



Frá verðlaunaafhendingu eftir Íslandsmeistaramótið í skógarhöggi. Íslandsmeistaratitillinn hreppi Sigfús Jörgen Oddsson.

samkeppni um listaverk úr trjáviði í samstarfi við Fljótsdalshérað. Verkin voru fyrst til sýnis á Skógardeginum mikla og voru veittar viðurkenningar fyrir þau þrjú verk sem gestir hátíðarinnar töldu áhugaverðust. Fyrstu verðlaun voru 150.000 krónur en 50.000 krónur fyrir önnur og þriðju verðlaun. Ætlunin er að trjálistaverkin verði til sýnis á opnu svæði á Egilsstöðum út sumarið 2017 og því var þátttakendum uppálagt

að búa til verk sem myndu þola útiveruna í sumar. Þrjú verk voru hlutu verðlaun, Grétar Reynisson hlaut hin fyrstu, þýski listamaðurinn Thomas Rappabort varð í öðru sæti og Eyþór Halldórsson í því þriðja.

Skógarhögg og hlaup

Úrslitin í skógarhöggsskeppninni urðu þau að Sigfús Jörgen Oddsson varð Íslandsmeistari í skógarhöggi,



Bjarki Sigurðsson lenti í öðru sæti og Lárus Heiðarsson í því þriðja.

Í 14 kílómetra skógarhlaupi voru þátttakendur tólf talsins og úrslitin urðu þau að í kvennaflokki varð Elva Rún Klausen í fyrsta sæti, Unnur Þorlákssdóttir í öðru og í því þriðja varð Ingibjörg Ásta. Birkir Einar Gunnlaugsson varð fyrstur í mark í karlaflokki, þá Fannar Logi og Hjalti Þórhallsson í því þriðja, en hann er skógarhöggssmaður á Hallormsstað og var nýkominn úr hjólreiðakeppninni WOW Cyclothon þar sem hann hjólaði með liði Skógræktarinnar. Liðið lenti í 46. sæti af 111 liðum. /MPP



Þessi mynd var tekin árið 1981. Talsverðar breytingar sjást á yngri myndinni. Lækjarbakki, sem glittir í á eldri myndinni, hefur verið rifinn, reist hefur verið flugskýli sem byrgir sýn til Akureyrar, hitaveitustokkurinn er horfinn í skóg og húsin á Galtalæk líka. Háspennulínan sem sést á myndinni hefur verið lögð í jörð. Mynd / Ásgrímur Agústsson



Þessi mynd var tekin nú í sumar 2017. Vegakerfið er allt annað og beygjan á veginum sem áður var þjóðvegur 1 liggur nú að bilastæði þaðan sem fólk gengur, hleypur og hjólar á gamla veginum yfir óshólma Eyjafjarðarár. Mynd / Pétur Halldórsson

Akureyrarbær fékk skóg í gjöf á 100 ára afmælinu

– Lengi af stað en setur nú svip á bæjarmyndina

Skógræktarfélag Eyfirðinga gaf Akureyrarbæ trjábelti í brekku ofan Eyjafjarðarbrautar, frá vegi upp í Kjarnaskóg og norður að Lækjarbakka, húsi sem stóð til móts við syðstu húsin á flugvallastæðinu við Akureyrarflugvöll, í afmælisgjöf á 100 ára afmæli kaupstaðarins árið 1962.

Í beltinu er sitkabastarður mest áberandi. Það var lengi af stað en verður nú glæsilegra með ári hverju.

Þétt gróðursetning og nokkuð um afföll

Á vef Skógræktarfélagssins eru birtar myndir af svæðinu, hin eldri frá árinu 1981 og til samanburðar önnur ný. Tæpir tveir áratugir voru liðnir frá gróðursetningu þegar eldri myndin er tekin og augsýnilega hafa trén tosast hægt upp. Hallgrímur Indriðason, skipulagsfulltrúi Skógræktarinnar, sem var framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Eyfirðinga um langt árabil, segir á vef Skógræktarinnar að þetta hafi verið mjög þéttar gróðursetningar. Talsverð afföll hafi orðið enda þurftu trén að koma sér upp úr kafgrasi. Reynt hafi verið að reyta frá trjánum og tilraunir gerðar með að klippa niður tjörupappa og leggja við trén til að halda grasinu frá.

Hæstu tré nálgast 20 metrana

Þetta belti hefur verið grisjað a.m.k.

tvisvar sinnum og í mörg ár tók Skógræktarfélagið stærra jólatré úr honum fyrir götur og torg. Beltið er samt sem áður enn mjög þétt en hæstu trén eru farin að nálgast tuttugu metra hæð.

Gjöfin góða frá 1962 hefur verið gefin af framsýni þeirri sem einkennir skógræktarfolk og hafi einhverjir haft vantrú á henni í upphafi ætti sú vantrú nú að hafa snúist í fögnuð.

Auk þessa beltis við suðurmörk bæjarins gaf félagið líka bænum trjábelti við norðurmörkin þar sem þjóðvegurinn liggur úr bænum út fjörðinn að vestan. Þar eru lauftré mest áberandi. /MPP

NÚTÍMA ROTPRÆR

– engar siturlagnir –

HVAMMSHÓLAR

Sigurður V. Halldórsson, pípulagningameistari, sími 660 4085

NÁTTÚRULEGA VÆNT FYRIRTÆKI

HLUNNINDI & VEIÐI



Ísjakinn, sem hefur fengið nafnið A-68, er 5.800 ferkílómetrar að flatarmáli.

Risaísjaki brotnar frá Suðurheimsskautlandinu

Ísjaki sem sagður er vera um 5.800 ferkílómetrar að stærð, eða tvisvar sinnum stærð Lúxemborgar, brotnaði fyrr í mánuðinum frá Suðurheimsskautlandinu.

Íshellan sem ísjakinn brotnaði af kallast Larsen C og er jakinn nú á reki á Weddel-hafi sem er stór flói við Suðurheimsskautlandið. Aætlað er að ísjakinn sé um 12% af stærð ishellanar og Larsen C hellan því talsvert minni í dag en hún var fyrir mánuði síðan og reyndar minni en hún hefur mælst á loftmyndum til þessa.

Ísjakinn, sem hefur fengið nafnið A-68, er 5800 ferkílómetrar að flat-

armáli en þrátt fyrir stærð sína ekki nema hálfdrættingur á við B-15 ísjakann sem brotnaði frá Ross íshelli Suðurheimsskautslandsins aldamótaárið 2000. Þrátt fyrir það er A-68 klakinn einn af tíu stærstu ísjökum sem mælst hafa.

Að sögn sérfræðinga um ishelli Suðurheimsskautslandsins er svo mikið vatn eða sjór bundið í ísnum þar að ef hann bráðnaði allur mundi yfirborð sjár í heiminum hækka um allt að sextíu metra. Þrátt fyrir stærð A-68 ísjakans mun yfirborð sjávar ekki hækka eftir að hann hefur bráðnað að fullu eftir nokkra áratugi. *VH*



Frá Hólmavík.

Mynd / HKr.

Fiskistofa: Aflayfirlit fyrstu níu mánaða fiskveiðiársins

Heildaraflí íslenska flotans á fyrstu níu mánuðum fiskveiðiársins 2016/2017, frá 1. september 2016 til 31. maí 2017, nam um 874 þúsund tonn upp úr sjó. Til samanburðar var aflinn á sama tímabili í fyrra 814 þúsund tonn.

Í frétt á heimasíðu Fiskistofu segir að þetta sé aukning í heildarafla sem nemi um 7,4% eða um 60 þúsund tonn. Munur milli fiskveiðiára er að mestu vegna aukinnar veiði í loðnu.

Botnfiskur

Á níu mánaða tímabili yfirstandandi fiskveiðiárs veiddu íslensk skip tæplega 23 þúsund tonn minna af þorski úr sjó en á fyrra ári. Samdráttur í ýsuafra var um fimm þúsund tonn. Heildaraflinn í botnfiski á þessu tímabili er tæp 330 þúsund tonn upp úr sjó samanborið við tæp 383 þúsund tonn á sama tímabili í fyrra. Þetta er samdráttur upp á 13,8% sem skýrist einkum af sjómannaverkföllinu um áramótin.

Uppsjávarfiskur

Á sama tímabili var uppsjávarfiskur íslenskra skipa rúm 538 þúsund tonn. Er það tæplega 117 tonn meiri afl en á sama tímabili á síðasta fiskveiðiári. Milli ára varð talsverð aukning í makríl og loðnu en samdráttur í kolmunna.

Skel- og krabbadýr

Afli í skel- og krabbadýrum á sama tíma er rúmum þrjú þúsund tonn

minni en á fyrra ári sem samsvarar um 34% samdrætti. Nærri helmingssamdráttur varð í veiðum á rækju og samdráttur var líka í humarveiðum og sæbjúgnveiðum.

Nýting aflamarks- og króka-aflamarksbátar á þorski og ýsu

Á fyrstu níu mánuðum fiskveiðiársins 2016/2017 höfðu aflamarksskip nýtt um 75% af aflaheimildum sínum í þorski. Á fyrra fiskveiðiári var þetta hlutfall 86%. Þorskaflí aflamarksskipa til kvóta á þessum helmingi fiskveiðiársins nam tæpum 117 þúsund tonn. Þegar litið er til aflamarks í ýsu á sama tímabili þá hafa aflamarksskip nýtt rúm 68% ýskuvótans samanborið við 84% á fyrra ári. Í heildina hafa aflamarksbátar notað rúm 79% af heildaraflamarki sínu fyrir yfirstandandi fiskveiðiár miðað við tæp 83% á fyrra ári.

Krókaaflamarksbátar nýtt 73% af aflaheimildum í þorski

Á fyrstu fiskveiðiári var hlutfallið 77,4%. Þorskaflí hjá krókaaflamarksbátum var 27 þúsund tonn í ár en var 28 þúsund tonn á síðasta ári. Afli krókaaflamarksbátar í ýsu er um sex þúsund tonn á fyrstu níu mánuðum fiskveiðiársins og hafa þeir nýtt um 91% krókaaflamarksin í ýsu.

Í heildina hafa krókaaflamarksbátar notað um 70% af heildaraflamarki sínu fyrir yfirstandandi fiskveiðiár samanborið við 74,5% á fyrra ári. *VH*



Mátís stýrir FarFish-verkefni við að bæta umgengni evrópska fiskveiðiflotans

– 5 milljóna evra verkefni um hafsvæði utan Evrópu sem stýrt er af Íslendingum

Mátís og Sjávarútvegsskóli háskóla Sameinuðu þjóðanna (e. United Nations University Fisheries Training Program/ UNU-FTP), sem staðsettur er hér á Íslandi, eru meðal þátttakenda í rannsóknar- og þróunarverkefninu FarFish, sem styrkt er af Horizon 2020 rannsóknáætlun Evrópu.

Verkefninu er ætlað að stuðla að bættri umgengni evrópska fiskveiðiflotans um hafsvæði utan Evrópu. Auka þekkingu á þeim fiskistofnum sem flotinn sækir í á þeim svæðum og greina þær virðisdeður sem snúa að afla þessara skipa. Einnig að auka þekkingu á fiskveiðistjórnun meðal hagaðila sem að þessum veiðum koma, bæði meðal viðeigandi strandríkja og evrópskra hagaðila.

Verkefninu er stjórnað af Mátís

Í FarFish-verkefninu taka þátt 21 fyrirtæki og stofnanir víðs vegar að úr Evrópu, Afríku og S-Ameríku. Að auki hefur fjöldi alþjóðlegra stofnana og fulltrúar einstakra ríkja, sem málið varðar, skuldbundið sig til að koma að verkefninu eftir því sem þurfa þykir. Verkefninu er stjórnað af Mátís, sem sýndur er mikill heiður með að vera treyst fyrir þessu mikilvæga verkefni.

Verkefnastjóri er Jónas R. Viðarsson, faglegur leiðtogi virðisdeðu rannsókna hjá Mátís, en auk hans mun fjöldi annarra starfsmanna fyrirtækisins koma að verkefninu. Þess má til gamans geta að um 1,5 milljón af þeim 5 milljónum evra sem verkefnið er styrkt um, greiðist til íslenskra þátttakenda.

„Um 20% af afla evrópska fiskveiðiflotans er fenginn utan evrópskra hafsvæða. Þessi aflí er



Jónas Rúnar Viðarsson.

meðal annars fenginn á alþjóðlegum hafsvæðum og innan lögsögu strandríkja þar sem samningar hafa verið gerðir um aðgengi evrópska flotans.

Samningar við strandríki eru með nokkrum hætti, og það sem snýr að þessu verkefni beint er annars vegar sársamningar milli einstakra útgerða og yfirvalda á hverju svæði fyrir sig og hins vegar samningar sem Evrópusambandið gerir við einstök ríki gegn vilryði um fjárhagslega styrki til innviðaupbyggingar í sjávarútvegi á þeim slóðum.

Þessir samningar hafa verið nokkuð umdeildir, þar sem Evrópusambandið og evrópski flotinn hafa meðal annars verið sökuð um að fara ránsendi um auðlindir fátækra ríkja, sér í lagi við vesturströnd Afríku.

Til að bregðast við þessari gagnrýni hefur Horizon 2020 rannsókná-

ætlunin ákveðið að styrkja rannsóknar- og þróunarstarf sem stuðla á að úrbótum á þessu sviði; þar kemur FarFish-verkefnið til sögunnar,“ segir Jónas Rúnar Viðarsson hjá Mátís, sem er þekkingar- og vísindasamfélag sem byggir á sterkum rannsóknainviðum og samstarfi.

Athygli beint að sex hafsvæðum

Í FarFish-verkefninu verður athyglinni beint að sex hafsvæðum, það er innan lögsagna Grænhöfðaeýja, Míritani, Senegal og Seychelleseyja, sem og alþjóðlegra hafsvæða í suðaustur- og suðvestur-Atlantshafi. Safnað verður saman upplýsingum um líffræðilega, vistfræðilega, efnahagslega og félagslega mikilvæga þætti veiðanna og þær upplýsingar gerðar aðgengilegar; fiskveiðistjórnun innan svæðanna verður greind í þaula og komið fram með tillögum að úrbótum; leitast verður við að auka ábyrgð evrópska flotans þegar kemur að nýtingu og upplýsingagjöf, og byggð verður upp þekking á grundvallaratriðum fiskveiðistjórnunar meðal hagaðila í strandríkjum og innan evrópska fiskveiðiflotans.

Ljóst er að hér er um gífurlega mikilvægt málefni að ræða og að ekki er ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur. Þó er einnig mikilvægt að hafa í huga að takist verkefninu að stuðla að einhvers konar framförum í þessum flóknu og oft á tíðum nær stjórnlausum veiðum, þá mun það geta haft úrslitaáhrif á viðgang mikilvægra fiskistofna og lífsviðurværi fjölda manna, jafnt í strandríkjum landa utan Evrópu sem og í Evrópu. */HKr.*

Plastmengun hafsin vaxandi vandamál:

Stefnt á að banna örplast í snyrtivörur

Plastmengun hafsin er vaxandi vandamál í norðaustur-Atlantshafi. Um 93% fýla í Norðursjó eru með plast í maga samkvæmt rannsókn á vegum OSPAR samnings. Ísland er eitt af fimmtán aðildarríkjum samningsins sem hefur það að markmiði að draga úr mengun í NA-Atlantshafi og vernda lífríki þess.

OSPAR heldur m.a. utan um vöktun á rusli á ströndum, í hafi og á hafsbotni í Norðursjó. Plast er algengasta ruslið, en 90% af rusli á ströndum er plast.

Mikið magn örplasts í sjó veldur enn fremur áhyggjum en slíkt plast er notað í ýmsar snyrtivörur, s.s. tannkrem og húðskrúbb, sem berst auðveldlega til sjávar og mengar hafið og þaðan inn í fædukeðjuna. Á ársfundi OSPAR í lok júní var samþykkt ákall um reglur til að draga úr notkun örplasts í ýmsum



Niðurstöður rannsókna á fýlum í Norðursjó leiddi í ljós að 93% fuglanna höfðu innbyrt plast. Að meðaltali höfðu þeir neytt 33 agnir og 0,31 g.

vörum. Ísland hefur áður undirritað yfirlýsingu um að stefna skuli á bann við örplasti í snyrtivörum.

Í úttekt OSPAR á ástandi hafsvæðisins sem kynnt var á fundinum kom fram að styrkur ýmissa mengunarefna í Norðursjó fari minnkandi og ástand sumra fisktegunda batnandi og má rekja skýringu þess m.a. til góðrar fiskveiðistjórnunar.

Hins vegar hefur verið mikil

niðursveifla í stofnum sjófugla og er hún m.a. rakin til ónógs framboðs af fæðu vegna loftslagsbreytinga og fiskveiða. Mikil óvissa ríkir um áhrif loftslagsbreytinga á lífríki hafsin en súrnun hafsin er áhyggjuefni.

Mengun af völdum ýmissa þungmálma og þrávirkra lífræna efna hefur minnkað síðan 2010 samkvæmt úttektinni. Þó hefur styrkur kadmíums og PAH-efna vaxið en PAH efni má m.a. rekja til tjöru og ófullkominnar brennslu á kol og dísilolíu. Losun geislavirkra efna í sjó í NA-Atlantshafi hefur minnkað verulega frá því sem var og olíumengun hefur enn fremur dregist saman, svo og efnamengun sem tengist olíuvinnslu á hafi. Þessa minnkun má m.a. þakka reglum sem OSPAR hefur sett til að draga úr losun mengandi efna frá landi og starfsemi á hafi. */ghp*

Starfsskýrsla Matvælastofnunar 2016 – Tæplega tíu milljón króna tap var á rekstrinum:

Matvælaöryggi, heilbrigðismál, neytendamál og dýravelferð stöðugt í brennidepli

Í starfsskýrslu Matvælastofnunar 2016 er farið yfir starfssvið og helstu verkefni stofnunarinnar, rekstur og fjármál. Auk þess er í sérköflum fjallað um matvælaöryggi og neytendamál, heilbrigði og velferð dýra, inn- og útflutning, sjúkdóma og sýkinga sem beint eða óbeint geta smitast náttúrulega milli manna og dýra og búnaðarmál.

Í skýrslunni kemur fram að í ársbyrjun 2016 hafi Matvælastofnun tekið yfir hluta stjórnsýsluverkefna frá Bændasamtökum Íslands og við það fluttust nokkur störf yfir til Mast. Að öðru leyti var reksturinn nokkuð hefðbundinn ef frá eru taldir töluverðar launahækkningar í kjölfar gerðardóms sem komu til framkvæmda á árinu. Reksturinn gekk ágætlega þrátt fyrir aukinn launakostnað og áframhaldandi hagræðingu og nam tap af starfseminni um 9,9 milljónum króna. Framlag ríkisins jókst úr 1,033,9 milljónum árið 2015 í 1,118,8 milljónir árið 2016 og voru tekjur nánast á pari við síðasta ár og námu 408,5 milljónum króna.

Matvælaöryggi og neytendamál

Í skýrslunni kemur fram að reglulega sé tekin sýni af ávöxtum, grænmeti og kornvörum vegna varnarefnaleifa, búfjárafurðum og eldisfiski vegna aðskotaefna og lyfjaleifa og fódri til greiningar á aðskotaefnum og örverum.

Niðurstöðurnar sýna að íslenskar afurðir eru heilnæmar og öruggar hvað varðar óæskileg efni eins og lyfjaleifar og varnarefni.

Heilbrigði og velferð dýra

Samkvæmt skýrslunni eru smitsjúkdómar í dýrum flokkaðir í þrjá flokka. Flokkunin byggir á alvarleika sjúkdómanna. Eftirlit með sjúkdómunum er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða vakandi augu dýraeigenda, dýralækna og annarra sem umgangast dýr, hins vegar eru reglubundnar sýnatökur.

Við ákvörðun um hvaða sjúkdóma þarf að vakta með reglubundnum sýnatökum er meðal annars tekið mið af reglum Alþjóða dýraheilbrigðisstofnunarinnar,



Matvælastofnun og tollgæslan hafa tekið þátt í nokkur ár í alþjóðlegum aðgerðum gegn innflutningi og sölu á fölsuðum og ólöglegum matvælum og drykkjum.

kröfum viðskiptalanda, mögulegum smitleiðum og sjúkdómastöðu í nágrenni- og viðskiptalöndum.

Árið 2016 var hefðbundin riða staðfest á tveimur sauðfjábúum á N-Vesturlandi. Á N-Austurlandi varð vart við aukningu á vöðvasulli í sauðfé, en ormurinn lifir í hundum og refum og gæti ástæðan verið misbrestur á bandormahreinsun hunda.

Í kjölfar greiningar á heila-hrönnunarsjúkdómnum hjartarriðu í Noregi í elg og hreindýrum voru tekin nokkur sýni úr hreindýrum hér á landi og reyndust þau öll neikvæð.

Aukin umfjöllun fjölmiðla um velferð dýra skilar sér í aukinni meðvitund almennings um dýrahald hér á landi og hefur átt sér stað mikil vitundarvakning í þessum málaflokki undanfarin misseri og fólk hikar ekki við að senda inn ábendingar ef upp kemur grunur um illa meðferð. Enginn vafi leikur á því að þetta skilar sér í bættri meðferð dýra og stýður óbeint við aðgerðir Matvælastofnunar þegar beita þarf þvingunum.

Umfjöllun RÚV síðla ársins um viðvarandi slæma meðferð varphæna hjá fyrirtækinu Brúneggjum ehf. vakti sterk viðbrögð hjá almenningi.

Inn- og útflutningur matvæla

Eftirlit með innflutningi dýraafurða og annarra matvæla er háð því

hvaðan vörurnar koma. Vörur sem fluttar eru inn frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins, svokölluðum þriðju ríkjum, þurfa að uppfylla skilyrði um eftirlit með innflutningi á dýraafurðum frá ríkjum utan EES. Þessar sömu kröfur eru gerðar til innflutnings frá þriðju ríkjum í öllum löndum Evrópusambandsins. Á milli landa Evrópusambandsins eru þessar vörur í frjálsu flæði. Þó gilda sérstök skilyrði um innflutning hrárra dýraafurða til Íslands sem byggja á íslensku dýrasjúkdómálöggjöf.

Matvælastofnun fer með eftirlit með innflutningi matvæla og fódurs og er framkvæmdin að hluta til í nánú samstarfi við heilbrigðiseftirlit sveitafélaga.

Vissar tegundir grænmetis og kryddjurta frá Vietnam og Tailandi eru undir ströngu innflutningseftirliti vegna varnarefnaleifa og tekin eru 20% af sendingum til ástandsökounar og sýnatöku.

Matvælastofnun og tollgæslan hafa tekið þátt í nokkur ár í alþjóðlegum aðgerðum gegn innflutningi og sölu á fölsuðum og ólöglegum matvælum og drykkjum. Samstarfsverkefnið er með fjölda ríkja í Evrópu og öðrum löndum og skipulagt af Europol og Interpol.

Árið 2016 var sérstök áhersla lögð á skoðun á innflutningi á fæðubótarefnum og stöðu aðgerðir á Íslandi í fjóra mánuði.

Markaðsstofa Matvælastofnunar annast rekstur landamærastöðva og eftirlit með innflutningi dýraafurða til landsins frá þriðju ríkjum og þar með inn á Evrópska efnahagssvæðið. Innflutningseftirlit með dýraafurðum tekur til hvers kyns afurða úr dýraríkinu, sem dæmi má nefna matvæli, fiskimjöl og fódur, lýsi, dýrafeiti, býflugnavax, hunang, óunnin skinn, ull og veiðiminjar. Eftirlitið felst í skoðun skjala sem þurfa að fylgja vörnunni, auðkenningu vörunnar, hvort merkingar séu réttar samkvæmt meðfylgjandi skjölum og síðan heilnæmisskoðun sem felur meðal annars í sér hitastigsmælingar, skynmat og sýnatöku til rannsókna.

Matvælastofnun sér einnig um verkefni er lúta að plöntuheilbrigði og gæðum sáðvöru. Af þeim vöruflokkum má nefna plöntur og plöntuafurðir svo sem afskorin blóm og greinar, jólatré, blómlauka, græðlinga, smáplöntur, pottaplöntur, garðplöntur, útsæðis- og matarkartöflur, trjávið og viðarumbúðir, mold til ræktunar og fræ.

Auk þess er fylgst með innflutningi smádyra til lífrænna varna í garðyrkju.

Útgáfa heilbrigðisvottorða vegna útflutnings sjávar- og búfjárafurða er í höndum Matvælastofnunar en heilbrigðiskröfur eru ákvarðaðar af viðkomandi móttökulöndum. Ekki er krafist vottorða vegna útflutnings dýraafurða til landa innan EES þar sem framleiðslan hérlandis fer fram samkvæmt matvælaölggjöf Evrópusambandsins.

Útgáfa heilbrigðisvottorða vegna útflutnings dýra er einnig í höndum Matvælastofnunar en heilbrigðiskröfur eru ákvarðaðar af viðkomandi móttökulöndum.

Sjúkdómar og sýkinga - Súna

Súna er skilgreind sem allar tegundir sjúkdóma og eða sýkinga sem beint eða óbeint geta smitast náttúrulega milli manna og dýra. Súnuvaldur veldur súnu og er hann skilgreindur sem allar tegundir veira, baktería, sveppa, sníkla eða annarra líffræðilegra eininga sem líkur eru á að valdi súnu.

Hér á landi er í gildi reglugerð um vöktun súna og súnuvalda

Tilgangur reglugerðarinnar er að sjá til þess að súnur og súnuvaldar og tengt þol þeirra gegn sýklalyfjum sé vakt að réttan hátt og tilhlýðileg faraldsfræðileg rannsókn fari fram þegar matarbornir sjúkdómar koma upp. Rannsóknin er gerð í þeim tilgangi að safna upplýsingum sem eru nauðsynlegar til þess að finna uppruna súnuvaldsins sem olli sýkingunni og meta leitni sýkinga yfir tíma.

Einnig er í gildi reglugerð um varnir gegn salmonelli og öðrum tilteknum smitvöldum mannsmitanlegra dýrasjúkdóma sem berast með matvælum. Þessi reglugerð innleiðir reglugerð Evrópusambandsins um sama efni auk þess sem hún inniheldur nokkur séríslensk ákvæði.

Í skýrslunni er að finna ítarlega umfjöllun um sýkingar vegna salmonelli, kampýlóbakter, E. coli og listeríu í mönnum og nýttadýrum. Auk þess sem greint er frá mikilvægi þess að safna upplýsingum um sýklalyfjaþol súnuvalda.

Búnaðarmál

Fyrsta júlí 2015 voru stjórnsýsluverkefni í tengslum við búvörusamninga milli ríkis og bænda færð frá Bændasamtökum Íslands til Matvælastofnunar. Þann 1. janúar 2016 í kjölfar breytingar á skipuriti Matvælastofnunar hóf skrifstofa búnaðarmála starfsemi.

Skrifstofa búnaðarmála fer með stjórnsýsluverkefni í tengslum við búvörusamninga og búnaðarlaga-samning ríkis og bænda í samræmi við búvöru- og búnaðarlög. Hún annast fag- og fjárhagslega framkvæmd verkefna á sviði landbúnaðar sem snúa að framkvæmd á stjórnvaldsákvörðunum um opinberar greiðslur til bænda, útreikningi, afgreiðslu og eftirliti með framkvæmd þeirra. Skrifstofan fer einnig með verkefni við öflun hagtalna og upplýsinga um fódurbirgðir á býlum. Þá safnar hún upplýsingum og birtir árlega skýrslu um framleiðslu búvara, vinnslu þeirra og sölu og gerir áætlunar um framleiðslu og sölu búvara. /VH

Á FAGLEGUM NÓTUM

Plöntueitur:

Leyfi fyrir Desis, Avalon, Rovral Aquaflo og Harmony 50 SX falla úr gildi

Í kjölfar ákvarðana Umhverfisstofnunar um breytingar á gildistíma tímabundinna skráninga fyrir plöntueitur eða plöntuverndarvörum hefur tímabundið leyfi til skráningar á eftirfarandi efna fallið úr gildi, Desis, Avalon, Rovral Aquaflo og Harmony 50 SX.

Í tilkynningu á vef umhverfisstofnunar segir að við gildistöku efnalaga númer 61/2013 þann 17. apríl 2013 hafi fallið úr gildi allar skráningar varnaefna samkvæmt ákvæðum laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, og reglugerðar númer 50/1984, um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra.

Tímabundin skráning

Samkvæmt bráðabirgðaákvæði efnalaga var hægt að sækja um tímabundna skráningu fyrir plöntuverndarvörur sem voru á

skrá við gildistöku þeirra.

Sem stendur hafa 113 plöntuverndarvörur leyfi til þess að vera á markaði hérlandis á grundvelli þessa ákvæðis.

Reglugerð númer 1002/2014 er gefin út á grundvelli ákvæða í efnalögum og gildir um gagnkvæma viðurkenningu á tilteknum markaðsleyfum fyrir plöntuverndarvörum sem áður hafa verið veitt markaðsleyfi í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu á grundvelli tilskipana 79/117/EB og 91/414/EB, áður en reglugerð (EB) númer 1107/2009 gekk í gildi þann 14. júní 2011.

Reglugerðin brúar bilið á milli eldri séríslenskrar löggjafar á þessu sviði og nýrrar löggjafar Evrópusambandsins um setningu plöntuverndarvara á markað.

Markaðsleyfi um plöntueitur



Reglugerð númer 544/2015 um plöntuverndarvörur var sett til innleiðingar á reglugerð (EB) númer 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað. Reglugerðin nær til þeirra plöntuverndarvara er innihalda virk efni sem voru áhættumetin á vettvangi ESB eftir þann 14. júní 2011.

Í kjölfar ákvarðana Umhverfisstofnunar um breytingar á gildistíma tímabundinna skráninga fyrir plöntuverndarvörum kemur fram í að:

Tímabundin skráning T-2013-016 fyrir plöntuverndarvöruna Decis fellur úr gildi þann 31.10.2018. Heimild til sölu og dreifingar á fyrirliggjandi vörubirgðum rennur út 30.4.2019. Heimild til notkunar, geymslu og förgunar rennur út 30.4.2020.

Tímabundin skráning T-2014-012

fyrir plöntuverndarvöruna Avalon fellur úr gildi þann 31.7.2018. Heimild til sölu og dreifingar á fyrirliggjandi vörubirgðum rennur út 31.1.2019. Heimild til notkunar, geymslu og förgunar rennur út 31.1.2020.

Tímabundin skráning T-2013-011 fyrir plöntuverndarvöruna Rovral Aquaflo fellur úr gildi þann 31.10.2018. Heimild til sölu og dreifingar á fyrirliggjandi vörubirgðum rennur út 30.4.2019. Heimild til notkunar, geymslu og förgunar rennur út 31.1.2019.

/VH



FASTEIGNASALA NORÐURLANDS

662 4704

GUBMUNDUR BJÖRNSSON
löglltur fasteigna- og skipasali

fastnord.is
gummi@fastnord.is

• FASTEIGNASALA NORÐURLANDS • Sala - verðmat - þjónusta •

UTAN ÚR HEIMI



Ný stöð Tine-mjólkursamlagsins við Flesland í Bergen í Noregi mun líta svona út og verður sú hagkvæmasta og nútímalegasta á Norðurlöndunum. Mynd/Tine

Tine-mjólkursamlagið við Flesland í Bergen: Eitt fullkomnasta mjólkursamlag Norðurlandanna

Bygging nýrrar stöðvar Tine-mjólkursamlagsins við Flesland í Bergen í Noregi hefst í haust og áætlað er að hún taki tvö ár í byggingu. Markmið Tine er að mjólkursamlagið við Flesland í Bergen verði hagkvæmasta og nútímalegasta samlag á Norðurlöndunum.

Í mjólkursamlaginu verða nýjar og orkusparandi lausnir nýttar sem byggjast á endurvinnanlegri orku. Samlagið verður tengt við fjarvarmanetið við Flesland og settar verða sólarcellur á þakið á 6 þúsund fermetra til að framleiða eigið rafmagn.

Á lóðinni verður sett upp eigin

stöð til að fylla á lífildsneyti á flutningabíla fyrirtækisins og einnig verða settar upp rafhleðslustöðvar fyrir einkabíla. Markmið fyrirtækisins er einnig að færa alla flutningabíla yfir í rafmagnsbíla innan fárra ára til að koma ferskum mjólkurvörum á markað án mengandi losunar út í andrúmsloftið. Í nýja samlaginu mun framleiðsla fara fram, þar verður lager og bein dreifingarmiðstöð fyrir Hörðalands- og Sognafylki. Svæðið sem Tine keypti árið 2010 undir samlagið nær yfir 75 hektara og mun nýja samlagið verða byggt á 18 þúsund fermetrum. /ehg



Í síðustu viku hótaði Unesco að taka skóginn af Heimsminjaskrá ef felling skógarins verði ekki hætt strax.

Náttúruvernd: Síðasti frumskógurinn í Evrópu

Trjálundur í Białowieża-skógi í Póllandi er síðasti frumskógurinn í Evrópu og á Heimsminjaskrá Unesco. Þrátt fyrir það hefur skógarhögg á svæðinu þrefaldast á undanförunum árum.

Stjórn Evrópusambandsins hefur farið þess á leit við stjórnvöld í Póllandi að skógarhögg í skóginum verði bannað og skógurinn friðaður. Talið er að um 30.000 rúmmetrar af trjám hafi verið felld í skóginum á

fyrstu fjórum mánuðum þessa árs.

Náttúruverndarsamtök í Evrópu hafa miklar áhyggjur af trjáfellingum í Białowieża-skóginum og segja að ef fram haldi með skógarhögg muni síðasti frumskógurinn í Evrópu heyrja sögunni til og allt skóglendi í álfunni vera manngert.

Í síðustu viku hótaði Unesco að taka skóginn af Heimsminjaskrá ef felling skógarins verði ekki hætt strax. /VH

Á FAGLEGUM NÓTUM



Kirkjurnar í Reykholti í Borgarfirði, en ársfundur NMSM var haldinn í Reykholti í byrjun sumars.

Mynd / HKR.

50 ára samstarf NMSM

Í byrjun sumars var ársfundur NMSM haldinn í Reykholti í Borgarfirði, en NMSM er samstarfsvettvangur Norrænna afurðafélaga í mjólkuriðnaði. Tilgangur samstarfsins er að miðla reynslu og þekkingu á milli fagfólks á Norðurlöndunum um ýmislegt sem snýr að mjólkurgæðum, mjaltatækni og dýravelferð og hér áður fyrr náði þetta samstarf einnig til fôðrunar en þeim þætti hefur verið lítið sinnt undanfarin ár.

Í ár á þetta samstarf 50 ára afmæli en það hófst árið 1967 þegar mjaltatækni var orðin nánast eign hvers kúabónda á Norðurlöndunum. Tækni var þó afar fjölbreytileg og var talin mikil þörf á því að staðla eftirlit með mjaltabúnaði og bæta mjólkurgæðin, sem á þeim tíma voru óralangt frá því sem þekktist í dag. Fyrsti fundurinn var haldinn í Osló 15.-17. febrúar 1967 og komu þá á fundinn fulltrúar allra Norðurlandanna utan Íslands. Ísland var árið 1985 tekið inn sem óformlegur aðili að NMSM og það var ekki fyrr en árið 1996 að Ísland varð formlegur meðlimur í NMSM.

Mjaltatæknistaðall

Ein af grunnstöðum NMSM var að gefa út sameiginlegan staðal fyrir mjaltatæki og mjaltatækni og árið 1973 kom út fyrsti staðallinn varðandi kröfur til mjaltatækninnar. Þar var um mikið framfararskref að ræða, enda var þessi staðall grunnur þess alþjóðastaðals sem síðar hefur verið notaður um heim allan, betur þekktur sem ISO staðall fyrir mjaltatækni. Þarna sýndu Norðurlöndin í verki þá miklu kosti sem fylgdu samstarfi á milli landa og hvaða áhrif fámenn lönd gátu haft á alla heimsbyggðina með því að standa saman. Síðan hefur samstarfið þróast í takt við breytta tíma en enn þann dag í dag er mikilvægasti þáttur samstarfsins miðlun faglegrar reynslu og þekkingar, eitt-hvað sem hefur einkennt samstarfið í fimm áratugi.



NMSM Nordiske Meieriorganisasjoners Samarbejdsutvalg for Mjølke kvalitetsarbeid

Það er í raun einstakt, sérstaklega þegar horft er til þess að afurðafélögin á Norðurlöndum eru í raun í töluverðri samkeppni en forsvarsmenn þeirra hafa alltaf séð kostina við það að gefa sérfræðingum landanna færi á að vinna saman að faglegum málefnum.

Þrír megin vinnuhópar NMSM

Í dag eru starfræktir þrjár vinnuhópar á vegum NMSM og skipta þessir hópar með sér verkefnum eftir efni og umfangi. Einn hópurinn er kall-áður tæknihópur NMSM en hlutverk þessa vinnuhóps er að sinna öllu því er viðkemur mjaltatækni í viðum skilningi. Mjólkurgæðahópurinn sér um málefni sem lúta að mjólkurgæðum frá spenaenda í afurðastöð en einnig gæðamælingum mjólkur og sá þriðji snýr að dýravelferð og júgurheilbrigði.

Ársfundur og fagráðstefna

Fundurinn í ár var bæði hefðbundinn aðalfundur NMSM þar sem farið var yfir skýrslur vinnuhópa og ýmis gögn sem varða samstarfið. Þá var haldinn sérstakur hátíðarfundur í tilefni 50 ára afmælis NMSM og af því tilefni flutti Garðar Eiríksson, framkvæmdastjóri Auðhumlu, ávarp en auk hans voru flutt nokkur áhugaverð erindi sem lutu að sögu samtakanna.

Í framhaldi ársfundisins var svo

haldinn fagfundur og var ráðgjöf til kúabænda þema þess fundar. Fulltrúar allra Norðurlandanna fóru yfir það hvernig ráðgjöf á sviði mjólkurgæða og júgurheilbrigðis var háttáð í hverju landi, en óhætt er að fullyrða að þrátt fyrir áratuga samstarf innan NMSM þá hefur ráðgjöfin til kúabænda landanna þróast með nokkuð ólíkum hætti. Þó eiga þau margt sameiginlegt og þá sér í lagi þegar horft er til þess tæknibúnaðar sem mjólkurgæðaráðgjafar nýta sér við störf sín en bæði verklag, greiðslufyrirkomulag og almennt þjónustustig er afar ólíkt.

Ólík kerfi

Afar ólíkt er á milli Norðurlandanna hvernig ráðgjöf á sviði mjólkurgæða og júgurheilbrigðis er háttáð.

Hér á landi er rekstur ráðgjafarinnar á höndum mjólkuriðnaðarins og þannig er það einnig bæði í Noregi og Finnlandi. Í Danmörku og Svíþjóð sjá hins vegar sjálfstæðar ráðgjafamiðstöðvar um ráðgjöfina en í báðum tilfellum eru gerðir samningar við afurðastöðvar landsins um þjónustustigið og hvernig ráðgjöfina er háttáð. Erfitt er að leggja mat á það hvaða kerfi henti best enda er fyrst og fremst aðalatriðið að kúabændum standi á hverjum tíma til boða góð ráðgjöf og þjónusta til þess að takast á við þau vandamál sem tengjast mjólkurgæðum og júgurheilbrigði. Þegar öllu er á botninn hvolft greiða kúabændurnir fyrir þessa ráðgjöf með einum eða öðrum hætti, annað hvort beint eða í gegnum lægra afurðastöðvaverð.

Reynsla íslensks bónda

Eitt áhugaverðasta erindið sem flutt var á fagþinginu flutti Anne B. Hansen sem er kúabóndi í Smjördölum á Suðurlandi. Hún rekur myndarlegt bú í Smjördölum ásamt bónda sínum, Grétari Sigurjónssyni og rakti hún reynslu þeirra af ráðgjöf í tengslum við þeirra búskap og hvaða kröfur þau geri til ráðgjafar.

Í stuttu máli sagt þarf ráðgjöfin á hverjum tíma að skapa þeim aukin verðmæti og nýta þau sér bæði þá almennu ráðgjöf sem bændum stendur almennt til boða en hún greindi einnig frá því hvernig ýmsar faglegar upplýsingar frá veraldarvefnum nýtast þeim vel. Þá var áhugavert að fræðast um það hvernig ýmsir samskiptahópar á samfélagsmiðlum nútímans nýtast ekki einungis til miðlunar skoðana, heldur ekki síður til miðlunar reynslu og þekkingar, sem hefur einmitt verið hryggjarstyckið í NMSM samstarfinu síðustu fimm áratugi.



Snorralaug í Reykholti.

Snorri Sigurðsson

24 28 32

Svein
Drumastarfi
í sveitinni og
hugur um börn
og kinkur.

Fræðslu
skógráttar

Mynd: Þórunn
Ólafsdóttir

Bændablaðið

1. Útgáfa 2018 • Fimmtudagur 14. janúar • Blað nr. 488 • 33. árg. • Útgáfa 32.000

BÆNDABLAÐIÐ MÆLIST MEÐ 43,5% LESTUR Á LANDSBYGGÐINI

HEIMILD: PRENTMIÐLAKÖNNUN GALLUP. KÖNNUNARTÍMI OKT. – DES. 2016. ALDURSHÓPUR 12–80 ÁRA.

BÆNDABLAÐIÐ ER GEFID ÚT Í 32 ÞÚSUND EINTÖKUM Á TVEGGJA VIKNA FRESTI

HVAR AUGLÝSIR ÞÚ?

CRISPR – eitt heitasta málið í líftækniuræðunni í landbúnaði heimsins:

Klippa og líma með nýrri genatækni

Á ársfundi norsku Bændasamtakanna í júní var töluverð umræða um nýja tækni til að breyta genum með ákveðinni aðferð, svokallaðri CRISPR-tækni, (Clustered Regularly Interspaced Short Palindromic Repeats), sem er einfaldari og ódýrari aðferð við breytingu á genum en áður hefur þekkt.

Hefðbundnar aðferðir til genabreytinga og meðferða hafa byggst á að setja ný og heil gen sem eru sett inn af handahófi inn í erfðafni lífvera. Nýja CRISPR-tækni virkar á allar tegundir frumna og lífvera og í megindrátum er hægt að breyta genum með því að fjarlægja, skipta út eða bæta við DNA.

Norðmenn banna innflutning á þrem erfðabreyttum tegundum

Norska ríkisstjórnin bannaði á dögunum innflutning á þremur tegundum af erfðabreyttri repju og maistegundinni 1507 og hafa forsvarsmenn norsku Bændasamtakanna lýst því yfir að hvorki neytendur né bændur hafi áhuga á erfðabreyttum matvörum.

Stjórnvöld þar í landi segja að bann við 1507-máis sé ákveðið með siðferðilegum sjónarmiðum en ekki vegna þess að máisinn skapi heilsu- eða umhverfshættu í Noregi. Neytendasamtök, samtök í landbúnaði og verslunargeirinn vinnur saman að því að erfðabreyttar vörur séu ekki í boði á norskum smásölumarkaði og norska ríkisstjórnin hefur gefið það út að fyrir stóran hluta neytenda í Noregi muni markaðsaðgangur að slíkum vörum með sérstökum merkingum ekki vera fullnægjandi.

Geta búið til æskilega eiginleika lífvera

Þrátt fyrir þetta kemur reglulega upp umræðan í Noregi um erfðabreytt matvæli og kosti tækninnar og galla. Á ársfundi norsku Bændasamtakanna í júní var töluverð umræða um nýja tækni sem nefnist CRISPR. Á undanförunum árum hafa verið þróaðar nýjar aðferðir til að gera markvissar breytingar á genum sem fyrir eru í líkamanum með svokallaðri genabreytingu.

Til eru nokkrar aðferðir við genabreytingu og flestar þeirra byggja á ensimum sem skera DNA



Krukkað í DNA.

Mynd / Business Insider



á ákveðnum stöðum sem einskonar genaskæri. Zinkfinger og TALEN-tækni voru þær fyrstu sem voru þróaðar en eru dýrar og tímafrekar. Árið 2012 þróðu vísindamenn nýja aðferð, CRISPR-tæknina. Þessi nýja aðferð virkar á allar tegundir frumna og lífvera og í megindrátum er hægt að breyta genum með því að fjarlægja, skipta út eða bæta við

DNA eða réttara sagt að klippa og líma.

CRISPR/Cas9-aðferðin eins og hún er kölluð af rannsóknaraðilum hefur á skömmum tíma verið tekin í notkun í líffræðilegum og líflæknisfræðilegum rannsóknum og er stöðugt í þróun til að auka nákvæmni hennar. Þetta hefur gefið marga möguleika á að skilja

hvornig genin virka í manneskjum og hjá öðrum tegundum, bæði við hefðbundnar aðstæður en einnig þegar upp koma sjúkdómar. Þar að auki binda menn vonir við að tækni geti haft mikla þýðingu fyrir læknameðferðir hjá fólki og við þróun á plöntum og dýrum með nýjum æskilegum eiginleikum í landbúnaði og í matvælaíðnaði.

Fleiri rannsóknir þarf til

Rannsóknaraðilar hafa búið til nýtt tæki til að breyta erfðafnum. Erfðafnið DNA er eins og strimill með bókstöfum, uppskrift að lífinu og uppskrifin segir til um hvornig við litum út jafnt að innan sem utan. Í sumum tilfellum erum við með erfðafni sem eyðileggur fyrir okkur eins og til dæmis með arfgengum sjúkdómum. Með CRISPR-tækninni er hægt á nákvæman hátt að klippa út hættulega erfðafnið. Í sumum tilfellum getur erfðafnið eyðilagst við til dæmis geislu eða með efnafræðilegum efnum og þá viljum við ekki fjarlægja það heldur gera við það og þá er hægt að klippa út genið sem er eyðilaggt og setja inn nýtt og rétt erfðafni.

CRISPR er tiltölulega ný tækni

og er ekki hafið yfir gagnrýni enda hefur hún í einhverjum tilfellum gefið misvísandi niðurstöður. Nýleg rannsókn vísindamanna á blindum músum gaf til kynna að tækni sé langt frá því fullkomin og að ýmsar stökkbreytingar geti átt sér stað. Þannig báru þeir saman tvær mús sem þeir höfðu meðhöndlað með CRISPR-tækninni og síðan tvær aðrar sem ekki höfðu fengið meðhöndlun. Þá kom í ljós að CRISPR-mýsarnar sýndu svörum með um 1700 stökkbreytingum sem var ekki að finna hjá ómeðhöndluðu músunum. Um 1400 af stökkbreytingunum voru sameiginlegar eða eins hjá CRISPR-músunum. Það gefur vísindamönnum til kynna að það sé ekki tilviljanakennt hvar villurnar koma upp. Niðurstöðurnar benda einnig til að nútíma tölvugögn og leit eftir óviljandi áhrifum með CRISPR-meðhöndlun séu ekki nógu góð. Í dag er lítið vitað um hvaða afleiðingar litlar breytingar í DNA geta haft í raunveruleikanum. Mýsarnar í rannsókninni sýndu engin merki um skaða eða heilsufarsleg vandamál en ekki er vitað hvort það geti komið upp síðar í þeirra lífi eða hjá afkomendum þeirra.

Þörf á frekari rannsóknum

Vísindamenn eru sammála um að fleiri rannsókn sé þörf til að geta svarað því með vissu hvort og hvenær óæskilegar stökkbreytingar á genum geta komið upp og hvort þær séu skaðlegar. Tækni er til staðar og telja margir hana geta gagnast vel til dæmis í landbúnaði og nú þegar eru matvæli í þróun sem verið er að betrubæta með tækninni eins og hveiti sem er ónæmt fyrir sjúkdómum, tómatplöntur sem blómstra oftar, sveppir sem verða ekki brúnir eins hratt og áður og máis sem þolir þurrka betur. Þetta eru plöntur sem er búið að gera örhlitlar breytingar á erfðafni lífverunnar án þess að setja inn frumandi gen. Innan skamms munu einnig koma á markað vörur sem neytendur hafa hag að eins og hveiti með minna glúteninnihaldi, hnetur sem sumir með hnetuofnæmi geta neytt. Kartöflur sem framkalla minna af krabbameinsvaldandi efniinu akrýlamid þegar þær eru steiktar og olíur með minni mettaðri fitu.

/forskning.no/Bondelaget - ehg



Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Útsending haustbóka 2017 og vinna við kynbótamat fyrir frjósemi

Undanfarin ár hefur kynbótamat fyrir frjósemi verið unnið áður en útsending haustbóka fer fram. Ljóst er að slíkt mun ekki nást í ár.

Um síðustu áramót tók gildi reglugerð um stuðning við sauðfjárrækt nr. 1151/2016 þar sem kveðið er á um tvo formlega skiladaga gagna í sauðfjárrækt. Annars vegar er það skiladagur vorgagna þann 20. ágúst ár hvert og skiladagur haustgagna þann 12. desember ár hvert.

Undanfarin ár hefur RML gefið út sérstakan skiladag vegna vinnu við kynbótamat en slíkt var ekki gert í ár til að valda síður misskilningi enda er núna einn formlegur skiladagur vorgagna sem ekki var áður til í reglugerð.

Þegar gagnaskil sauðfjábænda undanfarin ár eru skoðuð



á stór hluti þeirra sér stað kringum formlega skiladaga. Til að vinna kynbótamat svo það verði

sæmilega marktækt er æskilegt að u.þ.b. 80% gagnanna séu skráð, helst meira. Þann 18. júlí

voru tæplega 55% gagnanna frá vorinu 2017 skráð í gagnagrunn.

Til upplýsingar er vinnsla á kynbótamati ekki útreikningur sem gerður er á örskotsstundu. Um tímafreka og flókna aðgerð er að ræða. Því verður kynbótamat fyrir frjósemi ekki reiknað fyrir en í lok ágúst og miðað verður við að taka gögnin út þegar formlegur skilafrestur vorgagna er liðinn þann 20. ágúst nk. Því er ljóst að uppfært kynbótamat fyrir frjósemi verður ekki klárt fyrir en í byrjun september og notendum aðeins aðgengilegt gegnum Fjávís þegar það verður klárt.

Byrjað verður að senda út haustbækur í lok júlí til að kappkosta að þær berist bændum tímanlega. Þær verða ekki með uppfærðu kynbótamati fyrir

Eyjólfur Ingvi Bjarnason
ráðunautur í
sauðfjárrækt
eyjolfur@rml.is



frjósemi enda þyrfti að bíða með útsendingu haustbóka til byrjun september ef það ætti að nást.

Minnt er á að allir bændur geta prentað út haustbók í Fjávís þegar uppfærsla kynbótamats verður komin í september. Þeir sem kjósa slíkt og vilja jafnframt ekki fá senda haustbók þurfa að afþakka prentun haustbókar.

Sauðfjábændur er jafnframt hvattir til þess að ganga frá skilum tímanlega og fyrir 20. ágúst nk. því skv. reglugerð um stuðning við sauðfjárrækt frestast greiðslur frá MAST frá með 1. september nk. verði ekki þá búið að skila vorgögnum fyrir árið 2017.

Allar nánari upplýsingar um vinnu kynbótamats fyrir frjósemi og prentun haustbóka veitir Eyjólfur Ingvi Bjarnason, eyjolfur@rml.is.

Á FAGLEGUM NÓTUM

Breytingar á vaxtakjörum – lækkun vaxta á óverðtryggðum lánum

Runólfur Sigursveinsson
fagstjóri rekstrar
hjá RML
rs@rml.is



Síðustu misseri hefur orðið svólltíl lækkun á vaxtaöflum viðskiptabanka og fjármála-fyrirtækja. Eingöngu er um að ræða breytingar á óverðtryggðum lánum og er ástæðan fyrst og fremst lækkun á stýrivöxtum Seðlabankans síðustu misseri.

Nánar má sjá lægstu vexti einstakra lánaflokka eftir einstökum fjármálfyrirtækjum sem bændur hafa viðskipti við hér til hliðar. Miðað er við útgefna vaxtaöflur frá 1. júlí sl. hjá helstu fjármálfyrirtækjunum.

Ofan á þessi lægstu kjör hjá viðskiptaböndunum kemur yfirleitt álag á grunnvextina, mismikið eftir stöðu hvers og eins lántakanda. Vextir á lánum til íbúðakaupa hafa farið lækkandi hjá viðskiptaböndunum m.a.

Fjármálastofnun	Teg. Lána	Kjörvextir	Íbúðalán	Bílalán/Tæki	Yfirdráttur
Arionbanki	verðtr.	4,65%	3,65% - 4,3% + 1,1% umfram 70% f.mat		11,1 - 12,2%
	óverðtr.	6,65%	5,85%-5,95% + 1,1% umfram 70% f.mat	7,15%-8,45%	
Landsbanki	verðtr.	4,30%	3,65%-3,85% + 1% umfram 70 % f.mat		10,6 -12,2%
	óverðtr.	6,45%	6%-6,1% + 1,1% umfram 70 % f.mat	6,45%-9,1%	
Ísl.banki/ERGO	verðtr.	4,45%	3,95% + 1% umfram 70% f.mat	5,65%-8,15%	11,45-12,25%
	óverðtr.	6,55%	6% - 6,15% og 7% -7,25% umfram 70% f.mat	6,5%-8,5%	
Sparisjóður	verðtr.	5,20%	3,95%-4,25%, + 1% umfram 70% f.mat		11,45-12,25%
	óverðtr.	6,70%	6,15%-7,05% og 7,15% umfram 70% f.mat		
Byggðastofnun	verðtr.	5,90%	Jarðakaupa/framkvæmdalán 5% vextir		
	óverðtr.	REIBOR +3%			
LSB	verðtr.		Lífeyrissj.lán 4,1% vextir og 4,3% fastir vextir		
	óverðtr.		9,35% breytilegir vextir		
Lykill	verðtr.			8%-8,4%	
	óverðtr.				

vegna samkeppni frá einstökum lífeyrissjóðum síðustu misseri.

Lán Byggðastofnunar eru annars vegar almenn skuldabréfalán og síðan sérstakur lánaflökkur til landbúnaðar vegna jarðakaupa/framkvæmda

og nýliðunar með 5% vöxtum ofan á verðtryggingu. Þar eru jafnframt gefnir möguleikar á að greiða eingöngu vexti fyrstu árin t.d. á meðan verið er að takast á við stækkun viðkomandi bús.

Lán Lífeyrissjóðs bændur eru einstaklingslán, óbundin með ákveðnu vali um lántíma og eins greiðslukjör fyrstu ár frá lántöku.

Bændur eru hvattir til að fylgjast með kjörum sínum á einstökum

lánum, sérstaklega á óverðtryggðum fjárskuldbindingum, bæði skuldabréfalánum, véla- og tækjalánum sem og yfirdráttarlánum þar sem stýri-vaxtalækkunir Seðlabankans ættu að skila sér að fullu á þau lánsform.

LESENDABÁS

Stefnumótun fyrir sjálfbæra ferðapjónustu

Ákvarðanir um einstök mál hafa setið á hakanum of lengi. Til að mynda hvernig hægt er að ná meiri dreifingu ferðamanna um landið og hvort taka eigi gjald á ferðamannsvæðum eða ekki.

Framkvæmdastjórn Framsóknarflokksins hefur sett af stað vinnuhóp við að móta tillögur til stefnumótunar í ferðapjónustu. Hópurinn er tilkominn vegna ályktunar á vorkundi miðstjórnar flokksins.

Hópurinn skipa fulltrúar og ferðapjónustuaðilar með viðtæka reynslu úr ferðapjónustu vítt og breitt um landið. Tilgangur hans er að móta tillögur sem miða að því að bæta framleiðni í greininni, tryggja sjálfbærni, auka skilvirkni, nýsköpun og þjálfun.

Ör vöxtur og stefnuleysi í ferðapjónustu getur auðveldlega haft neikvæð áhrif á efnahags- og umhverfislega þætti. Brýnt er því að móta framtíðarstefnu sem byggir á sérstöðu landsins, náttúrunni, sameiginlegri sögu og menningu.

Vandamálin eru fjöldamörg. Auknar líkur eru á því að arðsemi minnki og fleiri láglau nastörf verði til í landinu ef ferðamönnum fjölga meira en hægt er að sinna með góðu móti. Við ofnýtingu auðlinda er hætt við því að einsleit ferðamennska fylgi í kjölfarið með ferðamönnum sem hafa lægri kaupmátt en ella. Sérhæfingu og fjölbreytni starfa yrði ógnað í ferðapjónustu sem og öðrum útflutningsgreinum.

Ef ferðamönnum fækkar þá óhjákvæmilega fækkar störfum sem kemur verst niður á landsbyggðinni.

Ákvarðanir um einstök mál hafa setið á hakanum of lengi. Til að mynda hvernig hægt er að ná meiri dreifingu ferðamanna um landið og hvort taka eigi gjald á ferðamannsvæðum eða ekki.

Framsóknarflokkurinn hefur talað fyrir komugjöldum. Þau hafa ekki áhrif á hvort ferðamaðurinn stoppar t.d. í þrjá daga eða þrjár vikur. Fyrirvaralausar álögur

eins og lagðar voru fram nú í vor hefðu án efa komið harðast niður á landsbyggðinni sem hefur oftast en ekki þurft að horfa á eftir störfum yfir í þéttari byggðir. Þess vegna er svo brýnt að fjölga ferðamönnum á Austurlandi, Norðurlandi og Vesturlandi því þar er sannarlega þörf á nýjum viðskiptavinum í verslun og þjónustu.

Hópurinn mun m.a. horfa til eftirfarandi atriða:

- Hvernig getur ferðapjónustan viðhaldið samkeppnishæfni sinni betur borið saman við önnur lönd og skapað aukin verðmæti?
- Hvernig getur landsbyggðin búið sér til atvinnutæki og fjölgað heilsársstörfum í ferðapjónustunni?
- Hvaða innviði þarf að styrkja í ferðapjónustu svo greinin geti vaxið og dafnað á heilsársvisu og orðið blómleg atvinnugrein til lengri tíma?

Hópurinn skipa:

Formaður: Einar Freyr Elínarson ferðapjónustubóndi
Einar G. Bollason, fyrrum framkvæmdastjóri
Fjóla Hrunn Björnsdóttir stjórnmalafraeðingur, starfar við ferðapjónustu
Gréta Björg Egilsdóttir varaborgarfulltrúi
Karl Gardarsson framkvæmdastjóri
Lilja Sigurðardóttir sjávarútvegsfraeðingur
Pétur Snæbjörnsson hóteltstjóri
Sigurlaug Gissurardóttir ferðapjónustubóndi
Snorri Eldjárn Hauksson sjávarútvegsfraeðingur
Sólborg L. Steinþórsdóttir hóteltstjóri
Viggó Jónsson, framkvæmdastjóri skíðadeildar
Þórður Ingi Bjarnason ferðamálafraeðingur
Þórey Anna Matthíasdóttir, sérfraeðingur í ferðapjónustu og leiðsögumaður



Kirkjubæjarklaustur.

Mynd / HKR.

Brothætt byggð – þarf að halda þessu öllu í byggð?

Ég vinn við byggðafestuverkefnið Brothættar byggðir. Minn partur heitir Skaftárhreppur til framtíðar. Oft þegar ég segi hvað ég vinn við festist fólk í brothættir byggð. Byrjar að tala um hvers vegna ekki var valið annað nafn. Hver vilji eiga heima í byggð sem er með greininguna brothætt. Hvort það sé líklegt til árangurs (sölulegt) að berjja á greiningunni.

Ég hef andvarpað innan í mér. Svarað af kurteisi að það voru aðrir en ég sem völdu nafnið. Líklega stjórnarráð Íslands. Þið vitið, það er svo gott að varpa öllu sem er skritið til stjórnarráðsins. En ég hugsa mitt. Sérstaklega þegar ég skoða dýrgripi mína sem margir eru brothættir og dýrmætir. Bæði í peningum og minningum talið. Glösin sem fara ekki í uppþvottavél, því þau eru brothætt. Peysan sem þvegin er í höndum, því hún er viðkvæm. Gleraugun sem ég gæti vandlega, því þau eru bæði brothætt og viðkvæm. Ætla ég og allir aðrir að taka meðvitaða ákvörðun um að eiga einungis það sem engrar aðgæslu er þörf við í umgengni?

Þá er spurt. Hvað er brothætt og hvað ekki? Hverjum hefði dottið í hug að ramakveinið sem rekið var upp á Akranesi þegar HB Grandi tilkynnti um fækkun starfa við vinnslu á bolfiski næði betur eyrum þjóðarinnar og þeirra



Eirný Vals.

sem ráða en hróp annars staðar af landinu? Hvenær verður byggð brothætt? Getur það verið að það sem virðist (og er) sterkbyggt geti molnað eins og ekkert er? Alveg eins og að gerðarlegasta fólk brotnar við slæma byltu.

Við erum gersamlega meðvituð um að til sé beinþynning í mannverum og málmþreyta í manngerðum hlutum. Erum vakandi fyrir einkennum og leiðum til að minnka skaða. Snúa þróun við. Má það einungis þegar um heilsu er að ræða en ekki byggðir?

Svo kemur spurningin. Þarf að halda öllu landinu í byggð? Hver verður skaðinn ef byggðum fækkar? Hvað gerir það að ein byggð sé talin verðmæt umfram aðra og fær að komast í flokk brothættra byggða?

Ég hef engin svör við þessum spurningum. Hef þó hugsað margt. Horfi á landið, í huginum. Sé fyrir mér. Langanes, það má nú alveg fara. Svo langt frá öllu nema sjó. Ha? Seltjarnarnes, lítið og lágt, flæðir líklega yfir það er sjávarmál hækkar vegna loftslagsbreytinga.

En ef við snúum spurningunni yfir á líkama mannsins og finnum út hvað við gætum verið án. Hvað mætti alveg missa sín án þess að það hefði nokkur áhrif á getu okkar. Er það höfuðið? Kannski endaparmurinn. Fótlegurinn svo lengi sem við höldum fætinum? Höndin en fingurnir mega fara? Brjóstkassinn og vinstri höndin (ég er réthent hvort sem er)?

Ég veit að það er til fræðilegt mat á verðmæti einstakra parta líkamans. Þó það sé til þá velkist enginn í vafa um að í heilbrigðum líkama er betra að vera. Maður gengur undir manns hönd með ráðleggingar, hreyfðu þig, reyndu á hjartað og lungun. Borðuðu skynsamlega. Notaðu heilann. Lærðu eitthvað nýtt.

Hver ræður hvar er byggð? Er ekki alveg eins hægt að varpa fram þeirri spurningu hvort einhverjir hafi vald til að ákveða að ekki sé búið þar sem fólk vill vera?

Með kveðju úr Skaftárhreppi, Eirný Vals, verkefnastjóri Skaftárhreppur til framtíðar

LESENDABÁS



Byggðastofnun hafði frumkvæði að tilraunaverkefni með það að markmiði að leita lausna á bráðum vanda Raufarhafnar, vanda sem átti rætur að rekja til sölu aflaheimilda og lokun SR-Mjölís upp úr síðustu aldamótum og sem birtist í langvarandi og alvarlegri fólksfækkun. Verkefnið á Raufarhöfn var hugsað sem fyrirmynd.

Mynd / Hörður Kristjánsson

Brothættar byggðir, vonarstjarna í byggðamálum?

Hvernig er hægt að snúa við neikvæðri byggðapróun? Líklega er þetta grundvallarspurning í byggðamálum, spurning sem við sem störfum á þessu sviði heyrum gjarnan.



Sigríður K. Þorgrímsdóttir

Við starfsmenn Byggðastofnunar veltum henni nánast daglega fyrir okkur. Spurningin sú hvílir til dæmis á aðþrengdum íbúum byggðarlaga sem eiga undir högg að sækja vegna langvarandi fólksfækkunar og erfiðleika í atvinnulífi og vegna þátta eins samdráttar í þjónustu og verðfalls húseigna.

Ef við þekktum eitt einhlítt svar gætum við ef til vill einbeitt okkur að því, en væntanlega eru mörg og flókin svör. Liggur lausnin hjá stjórnvöldum – er hægt að stöðva fólksflóta með aðgerðum ríkisins? Það hafa Norðmenn til dæmis reynt með aðgerðum eins og skattaivilnunum til þeirra sem vilja flytja í fámennari byggðarlög eða hefja þar atvinnustarfsemi. Norðmenn telja sjálfir að þessi aðferð virki, að minnsta kosti að einhverju leyti. Um þessa leið hefur lengi verið rætt hér á landi, en fram til þessa hefur ekki verið pólitískur vilji til að feta þá slóð.

Eða liggur ábyrgðin hjá stöðkerfi atvinnulífsins, til dæmis Byggðastofnun og landshlutasamtökunum? Eða kannski hjá sveitarfélögum og íbúum sjálfum? Svo aftur sé vitnað til reynslu Norðmanna þá eiga þeir öflugt stöðkerfi til varnar byggðarlögum í vanda. Má til dæmis nefna áætlun sem þeir kalla „Regional omstilling“, sem mætti þýða lauslega sem endurstillingu eða nýtt fyrirkomulag. Áætlunin er í samstarfi byggðamálaráðuneytisins, norsku nýsköpunarmiðstöðvarinnar, fylkjanna og sveitarfélaganna og er hugsað sem viðbrögð við krísu, til dæmis vegna áfalla í atvinnulífi með fækkun starfa sem afleiðing. Unnið er í áfangaskiptu verklagi í allt að sex ár og eftirfylgnin á að liggja ljós fyrir sem og að ábyrgð færast frá hinu opinbera til heimabyggðar. Miklir fjármunir fylgja verkefnum.

Getum lært af verklagi Norðmanna

Þó svo við sem störfum innan íslensks stöðkerfis í byggðapróun og atvinnulífi getum ef til vill ekki fetað í slóð Norðmanna hvað fjármuni varðar, þá teljum við okkur geta lært af verklagi þeirra. Það höfum við á Byggðastofnun gert í verkefni eða verkáætlun sem við nefnum Brothættar byggðir og ég ætla að lýsa hér nánar. Vert er þó að taka fram að verkefnið er ekki frá upphafi sniðið að norski fyrirmynd, heldur varð upphaflega til sem

hugmynd í samræðum stjórnenda stofnunarinnar við hagsmunaaðila á Raufarhöfn árið 2012.

Byggðastofnun hafði í framhaldinu frumkvæði að tilraunaverkefni með það að markmiði að leita lausna á bráðum vanda Raufarhafnar, vanda sem átti rætur að rekja til sölu aflaheimilda og lokun SR-Mjölís upp úr síðustu aldamótum og sem birtist í langvarandi og alvarlegri fólksfækkun. Verkefnið á Raufarhöfn var hugsað sem fyrirmynd sem hægt yrði að nota þar sem samfélög stæðu frammi fyrir erfiðleikum vegna fækkunar íbúa, áföllum í atvinnulífi eða annarri ógn. Árið 2013 var ákveðið að verkefnið skyldi auk Raufarhafnar ná til Bíldudals, Skaftárhrepps og Breiðdalshrepps og tveimur árum síðar var þremur byggðarlögum bætt við, en það voru Hrísey, Grimsey og Öxarfjarðarhérað.

Leitast við að leiða fram vilja og skoðanir íbúa

Í Brothættum byggðum er leitast við að leiða fram vilja og skoðanir íbúa og greina mögulegar lausnir á þeirra forsendum, í samvinnu við ríkið, landshlutasamtök, atvinnuþróunarfélög, viðkomandi sveitarfélög og aðra sem láta sig framtíð byggðarlaga varða. Verkefnið er hugsað frá grasróttinni, fremur en ofan frá, að íbúar leggi sjálfir línurnar til úrlausna í stað þess að utanaðkomandi sérfræðingar segi þeim hvað vera skuli. Þeir eiga hins vegar að veita íbúum þann styrk og stuðning sem þeim er unnt, svo árangur fái af verkefnum.

Þau sjö byggðarlög sem verkefnið hefur tekið til frá upphafi eiga það sameiginlegt að þar hefur verið mikil fólksfækkun, ekki síst í yngri aldurshópum, sem þýðir fá börn á skólaaldri og hækkaní meðalaldur. Gjarnan eru byggðarlögin langt frá fjölmönnum vinnusóknarsvæðum (stærra þéttbýli), atvinnulíf er einhæft og þjónusta af skornum skammti, skortur er á íbúðarhúsnæði, sérstaklega á leigumarkaði. Mörg byggðarlögin liggja nokkuð langt frá höfuðborginni.

Í þáttökubýggðarlögum Brothættra byggða er skipuð verkefnisstjórn sem í sitja fulltrúar Byggðastofnunar, landshlutasamtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunarfélaga eftir því sem við á, viðkomandi sveitarfélags og íbúa byggðarlagsins. Haldið er tveggja daga íbúáþing þar sem rætt er um stöðu byggðarinnar og leiðir til úrlausna. Framhaldið byggir á stöðugreiningu ásamt niðurstöðum íbúáþingsins og markmiðsetningu og verkefnum sem sett eru fram í samhengi við markmiðin. Ráðnir eru verkefnisstjórnar til að fylgja markmiðum og verkefnum eftir í samstarfi við verkefnisstjórn og heimamenn. Gert er ráð fyrir að verkefnisstjórnir sinni þáttökubýggðarlögum á tilteknu svæði/landshluta og því mögulegt

að einn og sami verkefnisstjóri starfi fyrir fleiri en eitt byggðarlög.

Verkefni Brothættra byggða er skipt í fjóra áfanga og getur ferlið tekið allt að fimm ár fyrir hvert byggðarlög. Íbúáþingið er veigamikill hluti verkefnisins þar sem grunnur að stefnumótun er lagður. Meginmarkmið Brothættra byggða er að stöðva viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðakjörnum og sveitum landsins. Þeim vinnuaðferðum sem er beitt er ætlað að stuðla að valdeflingu og það birtist m.a. í fyrirkomulagi funda og í ferlinu í heild sinni. Undirmerkið eru eftirfarandi:

- Að auka viðnámsþrótt brothættra byggðarlaga gegn hnignun svo sem fólksfækkun, skekktri aldursdreifingu og áföllum í atvinnulífi.
- Að virkja frumkvæði íbúa og samtakamátt og auka vitund þeirra um eigin þátt í þróun samfélagsins.
- Að gefa íbúum kost á að taka þátt í forgangsröðun málefna.
- Að stilla saman strengi ríkis, sveitarfélags, opinberra stofnana, atvinnulífs og íbúa í ákvörðunum sem varða viðkomandi byggðarlög.
- Að nýta verkefnið til að vekja athygli á viðfangsefnum sem eiga við í fleiri en einu byggðarlagi og leita lausna á þeim í samstarfi við stjórnvöld og aðra hagsmunaaðila.

Mat á árangri Brothættra byggða

Árin 2014-2015 fór fram mat á árangri Brothættra byggða á vegum atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis. Á grundvelli reynslu af verkefnum fyrstu árin, ofangreindrar matsvinnu og kynnisferðar til Noregs árið 2014 var verkefnið endurmótað og sett upp í áfanga eins og fyrr greinir. Byggðastofnun metur einnig árangur verkefnisins árlega í samstarfi við verkefnisstjórnir í hverju byggðarlagi. Meðal gagnlegra ábendinga eftir fyrstu tvö árin var að lengja þyrfti verkefnistímamann, að bæta eftirfylgni, styrkja samstarfið og ekki síst að auka samtal við aðrar ríkisstofnanir og stjórnvöld. Var brugðist við þessu með að setja fram verkefnislýsingu að norski fyrirmynd, ráða verkefnisstjóra, lengja verkefnistímamann og kynna verkefnið reglubundið fyrir stýrihópi Stjórnarráðsins og auka samstarfið við ráðuneytið, áður atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti, nú samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti.

Vel hefur tekist að virkja heimamenn og efla samstöðu þeirra að okkar mati og þeirra sem lagt hafa

mat á verkefnið. Aðrir árangursríkir þættir sem tengjast verkefnum Brothættra byggða er aflamark sem Byggðastofnun úthlutar til sjávarbyggða í erfiðleikum og hefur nýst sumum þessara byggðarlaga vel. Orkustofnun/Orkusetun hefur úthlutað styrkjum til orkusparandi aðgerða í íbúðarhúsum. Þá má nefna styrki sem veittir eru árlega til frumkvæðisverkefna á öllum svæðunum. Alls hafa hátt í 120 verkefni hlotið styrki sem nemur um 100 m.kr., en vert að geta þess að úthlutun ársins 2017 er ekki að fullu lokið.

Ekki er ætlunin að halda því fram að með verkefnum Brothættra byggða sé allur byggðavandi leystur. Langtímaáhrif þessa verkefnis eru óljós enn sem komið er. Sá þáttur verkefnisins sem kannski er hvað styst á veg kominn er samtalið við ríkisvaldið. Sú vinna er þó hafin og við vonumst til að hún skili árangri.

Mikilvægt að ríki og stofnanir þess leggist á árar með íbúum brothættra byggða

Við heyrum þau viðhorf í starfi okkar að ríkisvaldið hafi lítinn áhuga á högum fólks í veikum byggðarlögum og óneitanlega eru dæmi um að teknar séu ákvörðanir sem varða þáttökubýggðarlög Brothættra byggða þvert á það sem verið er að vinna að í því verkefni. Sameiginleg málefni allra byggðarlaga snerta innviði svo sem samgöngu, raforkumál og fjarskipti. Þá má einnig nefna húsnæðismál, heilbrigðis- og menntamál. Þetta eru flest stórir og fjárfrekir málaflokkar og þungt undir fæti að ná samtali og samstöðu um þá og þá einkum að fámenn og brothætt byggðarlög njóti forgangs. En ekkert er ómögulegt og allt eru þetta mannanna verk. Það er mikilvægt að ríki og stofnanir

þess leggist á árar með íbúum brothættra byggða og auki þannig líkur á að viðspyrna náist á þeim fjórum til fimm árum sem verkefnið stendur í hverju byggðarlagi. Stýrihópur Stjórnarráðsins gegnir lykilhlutverki við að samræma sjónarmið og aðgerðir með tilliti til verkefnisáætlunar hvers byggðarlags.

Tæki stjórnvalda til hjálpar í byggðarlögum

Frá upphafi var stefnan sú að verkefnið Brothættra byggðir yrði tæki stjórnvalda til hjálpar í byggðarlögum sem búa við langvarandi fólksfækkun og aðra vá. Engir fjármunir voru til verkefnisins til að byrja með en það hefur breyst. Vonir standa til að með nýrri byggðaaætlun megi tryggja fjárhagsgrundvöll verkefnisins til nokkurra ára þannig að gera megi samninga í einstökum byggðarlögum um áfangaskipt verkefni til allt að fimm ára samkvæmt verkefnislýsingu.

Á heimasíðu stofnunarinnar www.byggdastofnun.is er að finna verkefnislýsingu og viðauka við hana, en þar má finna útlínur að starfinu. Við lítum á það sem lifandi skjal, eitthvað sem þarfnast aðlögunar og breytinga út frá reynslu og ábendingum. Fyrst og síðast viljum við halda í þá hugsjón að verkefnið Brothættra byggðir taki mið af skoðunum heimamanna í þeim byggðarlögum sem taka þátt í því og að það sé unnið í viðtæku samstarfi allra þeirra sem koma að málefnum viðkomandi byggðarlaga, hvort heldur eru íbúar, atvinnulíf eða hið opinbera.

Sigríður K. Þorgrímsdóttir, annar tveggja verkefnisstjóra Brothættra byggða og starfsmaður á þróunarsviði Byggðastofnunar.

RAFSTÖÐVAR




KIPOR RAFSTÖÐVAR
 - 1-6 KVA
 - Mjög hljóðlátar (54-75 dB)
 - Fyrir bændur og iðnaðarmenn
 - Í húsbilinn, sumarbústaðinn o.fl.

✓ Bíldshöfði 14, 110 Reykjavík
 ✓ Sími: 553 1244
 ✓ [ljusboginn@ljusboginn.is](mailto:ljosboginn@ljusboginn.is)
 ✓ www.ljusboginn.is

Bændablaðið

Smáauglýsingar

56-30-300

Hafa áhrif um land allt!

VÉLABÁSINN

Ram 3500 Limited:

Draumabíll fyrir marga og þá sérstaklega skotveiðimenn

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is



Á vormánuðum fregnaði ég að Ísband ætti von á nokkrum Ram 3500, strax og ég frétti af bílunum á bryggjunni falaðist ég eftir prufuakstri.

Í töluverðan tíma hef ég þurft að bíða eftir að fá að prófa Ram pallbílinn vegna einhverra tafa í tolli.

Stór vél sem togar hreint ótrúlega

Vélin í Ram 3500 er 6,7 lítra Cummins dísilvél sem á að skila 385 hestöflum. Skiptingin er sex þrepa sjálfskipting. Dráttargetan er mikil og má Ram draga 3.500 kg kerru með bremsubúnaði á 50 mm kúlu. Ef stóll er á pallinum má hann draga rúm 14 tonn.

Strax og ég prófaði bílinn fann ég vel fyrir kraftinum og togid í vélinni er hreint ótrúlegt. Ég hef ekið bæði Ford og GMC með þungar kerrur og til samanburðar við þá þá virkar eins og að Ram sé með meira tog þó hestöflin séu skráð færri.

Alls ók ég bílunum um 130 kílómetra og aldrei var ég neitt að spara eldsneytið. Var sí og æ gefandi í og margsinnis var viðbragðið prófað úr kyrrstöðu bæði á jafnsléttu og í brekkum.

Í lok prufuakstursins sagði akstursthólfurinn að ég hefði verið að eyða rúnum 20 lítrum á hundraðið. Meðalhraðinn hafi verið rétt rúmum 30 km á klukkustund, en til samanburðar á einn skólabróðir minn eins bíl sem hann fékk fyrir rúnum mánuði og hefur keyrt yfir 3.000 km. Sagði hann við mig eftirfarandi: „Eyðsla 10,7 úti á vegi „crusid“ stíllt á 93 og 12,8 lítrar með kerru sem var 1.300 kg og 200 kg sement á pallinum. Svo er mín eyðsla innanbæjar frá 12,6 lítrum og upp úr.“ Greinilegt að skólabróðir minn hefur lært eitthvað sem ég læri seint og að mitt aksturslag er ekki það sem getur flokkast sem sparakstur.

Mikið af alls konar þægindum og hólfunum

Stærð bílsins gefur til kynna að allt pláss er mikið, sæti góð og þægilegt að ferðast í bílunum. Þó var eitt sem angraði mig meira en annað, en það voru tuttugu tommu felgurarnar og grjóthörð dekkinn. Ef bíllinn væri minn myndi það verða mitt fyrsta verk að fá mér 17 tommu felgur og 35 tommu dekk sem passar beint undir bílinn. Hef séð þannig útbúinn bíl og lætur eigandinn vel af þeirri uppsetningu á bílunum á malarvegum og slóðum.

Hólf til að geyma ýmsa smáhluti eru mörg, en hrifnastur var ég af hólfunum tveim sem eru undir gólfmottunum við fætur farþega í aftursætunum. Þau hólf eru með loki og eru vatnsheld sem t.d. mætti fylla af ísmolum og kæla drykki í. Einnig eru stór hólf undir aftursætunum sem rúma mikið.

Pallurinn hentar vel veiðimönnum og má bera mikið

Á pallinn má hlaða miklu, en flestir pallbílar með mikla hleðslu eru þó eins og flugvél í flugtaki. Ram er með loftþúða sem pumpast út og jafna stöðugleikann (nefndir loftþúðajafnarar). Þrátt fyrir mikla hleðslu er bíllinn ekki mikið siginn



Ram 3500 Limited.

Myndir / HLJ

Helstu mál og upplýsingar

Hæð	1.998 mm
Breidd	2.622 mm
Lengd	6.600 mm



Læsanlega hólf með byssufestingum, en persónulega myndi ég snúa byssunum í hina áttina.



Kann betur við ef viði spegillinn er fyrir ofan þann stóra.



Pirrar mig alltaf þegar tölvur gefa allt upp í mílum og ég sem er algjör klaufi að breyta svona í km.



Mikið fótarými og gott pláss inni alls staðar í bílunum.



Grindin góða er til margs nýt.

Fáir mínusar, en plúsarnir margir

Beygjuradíusinn er góður og glettilega gott að keyra bílinn þar sem þröngt er.

Agætis útsýni er til allra átta út úr bílunum, það var aðeins tvennt sem ég fann að bílunum sem mér líkaði ekki fyrir utan amerísk mál í tomnum og vegalengdir í mílum. Spegarnir á hliðunum eru ekki að mínu skapi. Ég vil hafa hvorn ofan á öðrum, en ekki hlið við hlið.

Svo voru það felgurarnar og dekkinn sem gerir bílinn allt of hastan á malarvegi og þegar farið er yfir hraðahindranir. Jafnvel litlar malbiksskemmdir finnast upp og inn í bílinn, sérstaklega að aftan.

Að öðru leyti finnst mér þessi ameríski pallbíll vera sá eigulegasti af þeim sem ég hef prófað til þessa.

Ram 3500 er hægt að fá á verði frá 7.490.000 kr. m/vsk, en bíllinn sem ég prófaði kostar 9.990.000 m/vsk.

að aftan.

Á skjólborðunum beggia vegna eru stór læsanleg hólf sem eru vatnsheld (ef sett er t.d. klaki eða vatn í hólf þá er tappi til að losa yðkvann úr í botninum á hólfunum). Í þessum hólf er hægt að fá festingar s.s. fyrir byssur eða skóflur og fl. Skorðunargrind er á pallinum sem má færa til ef þarf að skorða eitthvað þar af. Einnig ef aka á með afturgaflið opinn er hægt að nota grindina til að loka fyrir pall ásamt að festa niður pallgaflið.



Hólfinn góðu undir gólfmottunum eru vatnsheld og með loki.

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

Vegir og lélegar vegmerkingar

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is



Allir sem ferðast eitthvað á þjóðvegum landsins komast ekki hjá því að sjá hversu illa vegir eru merktir. Mjög víða vantar miðjulinu vega og enn oftar eru ekki neinar línúmerkingar í vegköntum.

Á sama tíma er umferð alltaf að aukast og álag á vegina orðið mun meira en ætlast var af þeim þegar þeir voru byggðir. Samt finnst mér vera ótrúlega fá slys á þjóðvegum miðað við ástand veganna og mikillar umferðar.

Fjöldi erlendra ferðamanna er orðinn meiri á þjóðvegum en Íslendinga og því edlilegt að fjölgun slasaðra sé mikið erlendir ferðamenn.

Erlendir ökumenn eru ekki vanir svona vondum og mjóum vegum og ef miðlinna vantar eru þeir gjarnan mikið inni á öfugri akrein sem gerir að oft er erfitt að taka fram úr þeim.

Þegar stór bill kemur á móti þessum sömu ökumönnum hægja þeir mikið á sér og allri umferð sem á eftir kemur.

Lítið hugsað til hjólreiðafólks

Gífurleg aukning er á hjólreiðafólki á þjóðvegum og er það hreint með ólíkindum og ekkert nema heppni að ekki séu fleiri slys á hjólreiðafólki sem eru á ferð á þjóðvegum landsins.

Flest íslenskt hjólreiðafólk er með hjálma og í áberandi klæðnaði þegar það hjólar, en erlendir ferðalangar eru oft hjálmausir og ekki í eins áberandi klæðnaði.

Um síðustu helgi var virki-



Þar sem áður var ætlað gangandi er nú ómerkt og deila því báðar akreinar allri brúnni og grindarhliðinu sem gerir þessa rifu sem reiðhjól geta farið niður um.

lega vel heppnuð hlaupa- og hjólreiðakeppni á Vestfjörðum þar sem hjólað var á malarvegum. Helgina þar á undan var ekki eins vel heppnuð reiðhjólakeppni sem nefnist Kia Gullhringurinn. Sú keppni endaði ekki eins og áformað var þar sem keppandi lenti með framhjólíð niður um samskeyti á grindarhliði sem var á keppnisleiðinni.

Keppnin var strax stöðvuð og þurftu um 800 keppendur að bíða í allt að 90 mínútur, þeir sem biðu lengst.

Sem betur fer var veður gott og engum varð meint af biðinni, en þegar þetta er skrifað eru fregnir af þeim sem slasaðist mest góðar og hann á góðum batavegi.

Ekki gert ráð fyrir reiðhjólum á þjóðvegum við hönnun

Eftir þetta slys við grindarhliðið fór ég og skoðaði það þar sem ég tel persónulega að svona slys eigi ekki að geta gerst. Þegar þessi brú var gerð voru sett grindarhlið við annan enda brúarinnar.

Tvær fjögurra metra grindur voru settar niður hlið við hlið, en til viðbótar var settur stubbur sem er nálægt einum metra á breidd öðrum megin. Þessi stubbur var ætlaður gangandi fólki (þá aðallega veiðimönnum sem í ánni veiða), enda þótti það sjálfsgáður hlutur að hugsa til gangandi í umferðinni á þeim tíma sem brúin var gerð.

Nú er hætt að merkja sérstaklega fyrir gangandi yfir þessa brú og grindarhlið og því búið að færa miðju vegarins til. Fyrir vikið færðist miðjusamsetning grindanna inn á hjólaleiðina með fyrrgreindum afleiðingum.



Mótorar og varahlutir á lager
Hröð og góð þjónusta

Dreifingaraðili BRIGGS & STRATTON
á ÍSLANDI

MHG VERSLUN EHF 544-4656 - MHG.IS

KROSSGÁTA Bændablaðsins

	65	SMEYGA	KAPÍTULI	ÚT	TVEIR EINS	HÖFUÐ		HÁTTUR	BOTNFALL	RASK	SVALL
	HRÆSNIS-FULLUR										
	MENNTA						AUMA				
	ÖNN				ÓTTI						
	SMÁ-GREIN				NÝJA						
	TEMUR							VÆL			
								TRÉ			
						LÍTID					ÞARNA
						DÝRA-HLJÓÐ					
STOPPA Í					HALLI	MÁLmur			FYRR	EIN-HVERJIR	
						LANGAR					
FÆÐA					ÁLIT			DÆSA			
					URGA			ÞÍÐA			
Í RÖÐ			LAND			LITUR					
			MÆLIR			EFTIR-RITA					
HÍBÝLI				ANDI			FYRSTUR				ÞÚSSA
				ÁRSTÍÐ			FLOKKAD				
		TRÉ			ORLOF			BEIN			
		ÓRÖR			KÆTTIST			SÓT			
BAKTAL					DETTA				SLÁ		
									LÖGG		
SUNDLA					BYLGAJAST					SKÓLI	
					Í RÖÐ						
NEMA				FORMA				ÓHREINKA			
STULDUR					VARA VIÐ						

Lausn á krossgátu í síðasta blaði

	64	TRIMMA	SKRÁ	ÖRÐ-RÖMUR	ATT	MÖRD		ÆKLINAR-KÖEN	LABA	NIDUR-FELLING	MÁLmur
	TÍMA-MÆLIR	S	T	U	N	D	A	G	L	A	S
	NÁÐHUS	K	A	M	A	R	SLÖKKVARI	R	O	F	I
	MARG-SINNIS	O	F	T	ÁRÁS	Á	S	Ó	K	N	N
	BANKA	K	L	A	P	P	DREPPÓTT	FÚSK	K	Á	K
	NYLLEGA	K	L	A	P	P		SVERFA			
							INÞÓTTA-FELAG	F	R	A	M
							FRIDUR				FAG
TRODA	H	N	O	Ð	A	ARSTOD	ÓSKA	Á	R	N	A
							MERGD				FURDA
KYK NAFN	V	A	K	A	MERKI	L	Ó	G	Ó	HÖGG	S
					STAKUR					MUNDA	T
KLAKI	Í	S	N	E	I	T	SKJÓL-LAUS	O	P	I	N
					HAFNA		PERALI				
HALD	T	A	K	SVELUR	I	Ð	VANDREDI	S	T	A	N
				HVÍLD			HUGLEIDA				MÓLA
	M	L	Á	N	SJÁ	L	I	T	A	PIAKKUR	KRINGUM
					ÁLITS		FISKA			GALDRA-LIST	U
ÁVITA	Á	M	I	N	N	A	Í RÖÐ	H	I	RISSA	P
							LÆRIK			VITUR	Á
ÓVISSA	V	A	F	I	FARAR-TEKI	F	L	U	G	V	É
											L
AN	U	T	A	N	MÓURLÍF	L	E	G	JÓKULTÍMI	Í	S
											Ö
Í RÖÐ	R	S	G	R	A	S	A	MASTUR	S	I	G
					KRYDDA						L

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

Líf og lyst

BÆRINN OKKAR

Fjölskyldan að Syðra Langholti telur tækifæri fyrir allar landbúnaðarafurðir til staðar. Þetta snúist bara um markaðssetningu.

Býli: Syðra Langholt

Staðsett í sveit: Hrunamannahreppi.

Ábúendur: Sigmundur Jóhannesson, Arna Þóll Sigmundsdóttir, Þorsteinn Gunnar Þorsteinsson og Svava Marý Þorsteinsdóttir.



Stærð jarðar? 118 hektarar.

Gerð bús? Hrossabú og ferðapjónusta.

Fjöldi búfjár og tegundir? 100 hross.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Byrjað á morgnana að reka heim leiguhestana og þar á eftir tamningahrossin. Svo er tamið og þjálfað fram á kvöld.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Skemmtilegast er að þjálfa góðan hest en leiðinlegast að skítherfa túnin.

Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár? Með svipuðu sniði, bara stærra hlutfall af betri hestum í hjörðinni.

Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda? Okkur finnst vanta



meiri samstöðu í bændastéttina.

Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni? Honum mun vegna vel því hreinleiki landbúnaðarvara hér er hvað bestur í heiminum og fólk er að verða meira



SYÐRA LANGHOLT



og meira meðvitaðra um mikilvægi þess.

Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara?

Það eru tækifæri fyrir allar landbúnaðarafurðir. Þetta snúist bara um góða markaðssetningu.

Hvað er alltaf til í ísskápnum? Mjólk, smjör og ostur.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Grillað lambakjöt.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?

Þegar hryssan okkar hún Gleði fór í 8,45 í aðaleinkunn í kynbótadóm.



MATARKRÓKURINN — BJARNI GUNNAR KRISTINSSON MATREIÐSLUMEISTARI

Léttir sumarréttir þar sem fiskur og lamb koma við sögu

Sumarið er tími ferðalaga og fersks hráefnis. Nú þegar veiðitímabilið stendur sem hæst er kjörið að útbúa eitthvað úr aflanum. Fyrir þá sem fara ekki í silungsvæði er kjörið að heimsækja fiskalann og útbúa plockfisk. Fyrir nýjungagjarna sveitamenn og aðra lesendur Bændablaðsins kynnum við til sögunnar litla lambaborgara sem eru sannkallað lostæti.

Silungur með agúrku og selleríþynnum ásamt kotasælu og dilli

Þetta er léttur réttur þar sem spila vel saman feitur silungur, mjúkur og mildur ostur ásamt stökku sellerí og ferskum agúrkum. Ferskt bragð úr íslenskum vötnum og úr gróðurhúsum garðyrkjubænda.

Hráefni:

- › 200 g reyktur silungur í litlum bitum eða þunnt skornum sneiðum.
- › ½ stk. agúrka
- › 2 stíllar sellerí, skrældir strimlar með grænmetisflýsjava
- › Safi af 1 sítrónu
- › 3 msk. eplaedik
- › 1 rauður chili, fint saxaður
- › 4 msk. ólífuoía
- › 50 g kotasæla

Aðferð:

Blandið saman í skál agúrku og sellerí (sem er búið að flýsja í borða með grænmetisflýsjava) ásamt sítrónusafa, ediki, chili og ólífuoíu. Leggið silungasneiðar á disk. Toppið silunginn jafnt með sellerí og agúrku-borðum. Takið kotasælu og setjið í kringum fiskinn og grænmetið ásamt salati eða kryddjurtum til skrauts.



Litlir lambahamborgarar

Þetta er skemmtilegt tilbrigði við venjulega hamborgara og þýðir að gestir þínir munu enn hafa pláss fyrir alla aðra fæðu sem er í boði. Litlir hamborgarar eru líka frábærir fyrir miðnætursnarl eftir veislu eða samkvæmi.

Hráefni:

- › 250 g hakkað lambakjöt eða tilbúið úrvalshakk
- › 1 litill laukur, fint saxaður
- › 1 hvítlaugsgeiri, fint hakkaður

- › 1 eggjarauða
- › 25 g hvítt brauð, mylsna eða snakk
- › Íslenskt krydd eftir smekk, til dæmis hvönn eða kerfill
- › 1 tsk. ferskt blóðberg
- › 4 tsk. grískt jógúrt
- › Litlar hamborgarabollar eða útstungið franskbrauð
- › Salt og ferskur malaður svartur pipar.

Eftir smekk má setja hvaða fyllingu og grænmeti sem fólk vill, t.d. salat, sneidda tómata og rauðlaukssneiðar.

Aðferð:

Setjið lambið í skál með lauknum, hvítlauk, eggjarauðu, ásamt brauðraspi eða snakki ásamt kryddi.

Bætið salti og pipar og blandið með hreinum höndum, þar til öll innihaldsefni eru komin saman. Mótið í sex litla hamborgara, pressið létt og látið hvíla í 30 mínútur.

Setjið á grillið og eldið í 3–6 mínútur á hvorri hlið eða þar til fullleidd.



Blandið restina af kryddjurtunum við jógúrtið og kryddið með salti og pipar. Setjið hamborgarana í bollur eða útstungið brauð með jógúrt, salati, tómötum og rauðlauk.

Plockfiskur með rúgbrauði og kryddjurtum

- › 400 g eldaður þorskur eða ýsa (þarf aðeins meira ef hrár)
- › 400 g kartöflur (soðnar og skrældar)
- › 1 laukur (saxaður fint)
- › 300 ml mjólk
- › 55 g smjör
- › 3 msk hveiti
- › salt og pipar
- › 2 msk. íslenskar kryddjurtir (ferskar og saxaðar til að bæta lit, bragð og til skreytingar)

Aðferð

Ef fiskurinn er soðinn er hann brotinn upp í flögur. Annars soðinn og bætt í kartöflurnar.

Merjið kartöflur og finsaxið laukinn.

Hitið mjólk í potti að suðumarki.

Í stórri pönnu (meðan mjólkinn er í upphitun), bræðið smjör og létteldið lauk yfir meðalhita án þess að leyfa lauknum að brúnast.

Blandið hveiti við lauk, hrærið vel og eldið í 1–2 mínútur. Smátt og smátt bætið við heitu mjólkinni á meðan hrært er stöðugt. Látið malla í 3–4 mín. Hrærið allan tímann svo ekki brenni í botninn.

Bætið við fiski og hrærið hratt til að brjóta fiskinn alveg. Kryddið með salti og miklum pipar.


Bætið kartöflum við og hrærið varlega. Eldið yfir lágum hita þar til allt er gegnhitað.

Setjið í fjórar skálar og skreytið með 1/2 msk. af jurtum. Framreiðið heitt með dökku rúgbrauði og smjöri.

Skreytið með íslenskum kryddjurtum eins og graslauk, villtum kerfli eða ætum blómum.

HANNYRÐAHORNID

Litríkt barnateppi



Þetta litríka barnateppi er prjónað úr Scheepjes Whirl, fallega bómullargarninu okkar sem er fánlegt í mörgum litbrigðum.

Á dokkunni eru 1.000 metrar og hver dokka um 200 g. Garnið er gífurlega vinsælt og dugir til dæmis ein dokka í flest sjöl (prjónuð eða heklud).

Ég prjónaði þetta teppi eins langt og dokkan dugði en auðvitað er ekkert mál að minnka það eða stækka, en þá þarf fleiri dokkur.

Garn: Scheepjes Whirl – (fæst í Handverkskúnst)
Stærð: ca. 82x100 sm

Prjónar: Hringprjónn 60-80 sm nr 3 eða sú prjónastærð sem þarf til að prjónfesta passi

Prjónfesta: 25 lykjur = 10 sm

Perluprjón:

Umferð 1 (réttan): Prjónið *1 lykku slétt, 1 lykku brugðið* endurtakið frá ** út umferðina.

Umferð 2 (rangan): Prjónið slétt yfir brugðið og brugðið yfir slétt.

Endurtakið umferð 2

Aðferð:

Fitjið upp 205 lykjur og prjónið perluprjón fram og

til baka 8 umferðir. Skiptið yfir í munstur og prjónið þannig: 8 lykjur perluprjón, prjónið samkvæmt munsturteikningu og endið umferðina á 8 lykjur perluprjón.

Prjónið eins langt og dokkan endist, en endið á umferð 11 eða 22 í munstri og prjónið síðan 8 umferðir perluprjón. Fellið af. Í mínu tilfalli er ég með 13 endurtekingar á munstri og síðan perluprjónskantur efst á teppi.

Gangið frá endum, þvoið teppið og leggið til þerris.

Prjónakveðja,
Mæðgurnar í Handverkskúnst
www.garn.is

biður uppá alhliða lausn fyrir hótélherbergið eða gistiheimilið.

Vogue FYRIR HEIMILIÐ Síðumúla 30 - Reykjavík | Sími 533 3500
Hofsbot 4 - Akureyri | Sími 462 3504

Whirl garnkökur Handverkskúnst www.garn.is
Hraunbæ 102b, 110 Reykjavík - sími 587-6662

Létt

8			7	4		5
2	6	1			9	
		5	1			2
5	1			2		3
		6	8	4	7	
		7		3		8
1		9			3	4
			2		5	7
	3			8	5	
						6

Þung

2				8		
		1		3		4
	6					1
1			2		7	
		7		5		3
			3		9	
		5				7
	4	3		7		8
			6			
						9

Miðlungs

7						3
	3		9		7	
	1	5				4
		1		2		7
	8		6		9	4
		7		3		9
	7	4				3
	5		7		8	
6						
						2

Þyngst

		4		6			8
				1			7
7		5	2				4
			5			3	
	7			4			1
		9			6		
					9	6	8
2	8			7			
	4			5		7	

Sudoku

Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línun.

FÓLKID SEM ERFIR LANDIÐ

Ætlar að smíða kassabíl

„Pabbi minn er vélstjóri og mamma mín er kennari.

Ég á eina systur sem er 4 ára en er alveg að verða 5 ára. Ég á líka tvö eldri systkini. Ég er stundum svolítill þelari og ég elska að sigla bátum.“

Nafn: Aron Elvar Stefánsson.

Aldur: 7 ára.

Stjórnumerki: Vatnsberi.

Búseta: Stykkishólmur.

Skóli: Grunnskólinn í Stykkishólmi.

Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum? Að vera í útiveru og líka stærðfræði, þegar það eru ekki mikil læti.

Hvert er uppáhaldsdýrið þitt? Skjaldbaka.

Uppáhaldsmatur: Pítsa, pylsur og grjónagrautur.

Uppáhaldshljómsveit: Veit ekki! Eða jú, Páll Óskar.

Uppáhaldskvikmynd: Skoppa og Skríttla, þátturinn um varðskipið Tý og Denni dæmalausi.

Fyrsta minning þín? Þegar ég fékk að keyra vörubíl með Palla frænda mínum.



Æfir þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri? Já, bæði.

Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór? Skipherra á varðskipinu Tý eða Þór.

Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert? Hengt heimagerð „bannað að reykja“-skilti á bíla.

Gerir þú eitthvað skemmtilegt í sumar? Já. Smíða kassabíl, sigla um Breiðafjörðinn á bátnum mínum og fara í útilegu með fjölskyldunni minni.


Næst » Aron Elvar ætlar að skora á Kötlu Hjalt-ey Finnbogadóttur, frænku sína, að svara næst.

MENNING & LISTIR

Ný bók að vestan: Vestfirskar sagnir 4

Sagnabálkurinn Vestfirskar sagnir, sem Helgi Guðmundsson safnaði og skráði, hefur verið ófánlegur í áratugi. Vestfirski forlagið gefur hann nú út á nýjan leik í heiðurskyni við Helga og útgefandann, Guðmund Gamalielsson. Enda löngu tímabært. Fjórða heftið er farið í dreifingu hjá forlaginu. Þrjú hefti eru áður komin út.

Gunnhildur Sumarliðadóttir á Sveinseyri í Dýrafirði kemur mikið við sögu í 4. heftinu. Harmsaga hennar er mörgum hugleikin. Gunnhildur var uppi á 18. öld, drukknaði á hörmulegan hátt og gekk aftur að sögn alþýðu. Henni er svo lýst að hún hafi verið kona fríð sýnum. En hæðin þótti hún og náði því ekki alþýðuhylli. Hún átti ekki miklum vinsældum að fagna á heimili sínu, enda talið að hún hafi verið kuldastrá fjölskyldunnar.



Sumum finnst eflaust að hinar vestfirsku sögur og sagnir séu ekki merkilegar bókmenntir. En er það svo? Menn geta deilt um það eins og annað. Hér er um að ræða reynsluheim forfedranna í harðbýlum landshluta. Margar af þeim frásögnum færir Helgi Guðmundsson í fyrsta skipti til bókar eftir skilgóðum heimildarmönnum. Sumar þeirra eru jafnvel frá upphafi byggðar í landinu. Það hlýtur að vera nokkurs virði, en margir telja þjóðsögur og sagnir einn af fjársjóðum Íslands sem við megum ekki gleyma og týna.

Verð: 2.800 kr.

Martröð með myglusvepp

Martröð með myglusvepp er nýtkomin bók eftir Stein Kárason um orsakir og afleiðingar af völdum myglusveppa.

Í bókinni eru átta reynslusögur fólks sem glímt hefur við eitrun af völdum myglusveppa, hvernig fólkið brást við og leiðir þess til að sigrast á vandanum. Greint er frá algengum einkennum fólks af völdum myglusveppa, hugsanlegum bataleiðum hvað varðar fæðu og lífshætti og hvað beri að varast. Drepið er á endurskoðun laga og reglna á þessu sviði og upplýsinga leitað hjá sérfræðingum í byggingargeiranum og myglusveppafræðingum.

